

Tuttugu ár

Tuttugu ár eru frá hryðjuverkaárásinni á Bandaríkin þann 11. september. ► 26 og 28



Missa heilsuna

Wilhelm Norðfjörð segir nauðsynlegt að hlúa betur að aðstandendum eftir sjálfsvíg. ► 32



GOSI

Ævintýri spýtustráks

borgarleikhus.is
Móðsala: 668 8000

FRÉTTABLAÐIÐ

179. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 11. SEPTEMBER 2021

Metnaðurinn fór kannski úr böndunum

Leikstjórinn Þorleifur Örn Arnarsson hefur átt mikilli velgengni að fagna í leikhúsheimi Evrópu, en þegar sonur hans þurfti á því að halda sagði hann sig frá stórum verkefnum og flutti heim ásamt fjölskyldunni. ► 22

FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

NÝJU SAMSUNG ÚRIN ERU KOMIN

Tímalaut útlit með byltingarkenndu viðmóti.
Allt sem þú þarft innan handar.



Galaxy Watch4

ELKO



Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins.

Þúsund fluttir í ágúst með Covid

benediktboas@frettabladid.is

COVID-19 Í ágúst mánuði sinnti Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) 1.069 flutningum á sjúklíngum með Covid-19, þar af voru 40 flutningar á liggjandi sjúklíngum. Þetta kemur fram í svari Jóns Viðars Matthíassonar slökkviliðsstjóra við fyrirspurn Kolbrúnar Baldursdóttur, borgarfulltrúa Flokks fólksins.

Kolbrún spurði hvort ekki væri tímabært að SHS hætti verktöku í sjúkraflutningum þar sem ítrekað skorti á mannafla þegar stórbruna eða mörg útköll ber að höndum.

Í svari Jóns Viðars segir að slagkrafturinn yrði mun minni í stórum verkefnum ef liðið væri einungis mannað fólki sem sinnir eingöngu lögbundnum verkefnum. Í dag sé hægt að boða um 200 manns í stórútköll.

Þetta taldi Kolbrún heldur klén svör, allt sé stærra í dag. „Segir í svari að í dag sé hægt að boða um 200 manns í stórútköll. Það segir ekki allt,“ segir í bókun hennar. ■

Fjarréttir hafnar víða um land



Það var mikið líf og fjör í Hrunarétt í Hrunamannahreppi nálægt Flúðum í gær. Þar var um 5.000 fjár smalað. Þessi ungi maður lét sitt ekki eftir liggja í smalamennskunni. Fjarréttir hefjast almennt í byrjun september og standa yfir þar til í október.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aðeins 1.500 íbúðir til sölu á landinu

bth@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Í byrjun september voru tæplega 1.500 íbúðir til sölu á landinu öllu samkvæmt tölum fasteignir.is. Í maí í fyrra voru um 4.000 íbúðir á söluskrá.

Fjöldi auglýstra fasteigna hefur dregist saman í öllum landshlutum nema á Norðurlandi vestra, að því er kemur fram í skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, HMS.

Mestur samdráttur hefur orðið í fjölda íbúða til sölu í fjölbyli á höfuðborgarsvæðinu. Þær eru nú innan við 500 en voru flestar rúmlega 1.800 í maí í fyrra. Samdrátturinn nemur 72 prósentum. Lítið framboð húsnæðis og þyngri fjármögnun eru meðal skýringa á minni umsvifum á fasteignamarkaði.

Í nýlegri úttekt Fréttablaðsins kom fram að í sumum hverfum á höfuð-



Fjöldi fasteigna á sölumarkaði er af mjög skornum skammti.

borgarsvæðinu er nánast uppselt og mikil barátta um flestar eignir sem koma á markað. Nánast allar nýbyggingar á markaði hafa selst undanfarið. Meðal skýringa er ásókn íbúa í nágrannasveitarfélög höfuðborgarsvæðisins.

Í skýrslu HMS segir að á höfuðborgarsvæðinu hafi velta á markaðnum dregist saman um 13,4 prósent í júlí. ■

Plottið um Grímsey fæddist í heitu pottunum í borginni

Sögusviðið í nýrri bók sem verðlaunarithöfundurinn og prófessorinn Evan Fallenberg er að skrifa er Grímsey. Fallenberg elskar land og þjóð eftir að hafa komið fyrst hingað til lands fyrir sex árum.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Fyrst þegar ég kom hingað fyrir nokkrum árum vissi ég einfaldlega að ég myndi elska Ísland. Þegar ég komst að því að Reykjavíkurborg byði rithöfundum að búa í Gröndalshúsi ákvað ég að koma og skrifa bókina hér. Það var samt engin Íslandstenging þegar ég lagði af stað með bókina. Hún kom síðar,“ segir verðlaunarithöfundurinn og prófessorinn Evan Fallenberg sem hélt af landi brott á fimmtudag eftir mánaðardvöl hér á landi.

Evan er að skrifa sína fjórðu skáldsögu og án þess að gefa of mikið upp segir hann að bókinn snúist um atvik sem gerist í Grímsey. Afar fáar erlendar bækur eru með Grímsey sem miðdepil sögunnar, en allt þetta fæddist í heita pottinum. Hvar annars staðar?

Leiðsögumaðurinn Draupnir Rúnar Draupnisson sagði honum frá eynni í heita pottinum og staðurinn, fólkið og staðsetningin fór aldrei úr hugmyndabanka Evans. „Eins og með nánast alla sem ég hef kynnt hér á Íslandi kynntist ég Draupni í sundlauginni. Hann fer að tala um þessa ótrúlega eyju og stundum er það þannig að staðir eða hugmyndir neita einfaldlega að yfirgefa hugann.“

Ég var að byrja á skáldsögu og það var engin Íslandstenging. En allt í einu röðudust stjórnum þannig að einn karakterinn fékk áhuga á Íslendingasögunum þegar hann



Grímsey er staður töfra og þar gerast atvik í nýjustu skáldsögu rithöfundarins Evans Fallenberg. Hann varði tveimur dögum í eynni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



Þetta er ekki saga um Grímsey en það byggir eiginlega allt á því sem gerðist í eynni.



Evan Fallenberg, rithöfundur

var ungur drengur. Hann hoppar upp í flugvél til Íslands og endar í Grímsey.

Árum síðar, út af því sem gerist í Grímsey sem ég mun ekki fara nánar út í, fetar annar karakter í bókinni sömu slóð og vill sjá hvað gerðist. Og þetta bara einhvern veginn small og varð svo áreynslulaust.“

Hann segir að hann hafi átt ótrúlega tvo daga í Grímsey. Fólkið, landslagið og sólarlagið hafi heillað hann upp úr skónum. „Ég vildi helst ekki fara,“ segir hann. „Þetta er ekki saga um Grímsey, en það byggir eiginlega allt á því sem gerðist í eynni.“

Fyrsta bók Evans, Light Fell, hlaut fjölmörg verðlaun innan hinsegin samfélagsins. Önnur skáldsaga hans When We Danced on Water kom út 2011 og The Parting Gift kom út 2018. Þá hefur hann þýtt fjölmargar ísraelskar bækur yfir á ensku. ■



TILKYNNING frá landskjörstjórn

Landskjörstjórn tekur framboðslista sem bornir eru fram við alþingiskosningar 25. september 2021 til meðferðar og afgreiðslu á fundi þriðjudaginn 14. september næst komandi kl. 12 á 2. hæð í Austurstræti 8-10 í Reykjavík (gengið inn frá Vallarstræti).


Umboðsmenn stjórnmalasamtaka sem bjóða fram lista eiga rétt á að vera viðstaddir fundinn, sbr. 40. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

Reykjavík, 10. september 2021.
Landskjörstjórn.



FORINGI SPORTJEPPANNA

TOYOTA HIGHLANDER HYBRID



Verð frá: 10.890.000 kr.

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



2018
UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Tölur vikunnar



45

púsund farþega fjölgun var hjá Icelandair milli mánaða. Í ágúst flugu rúmlega 264 þúsund farþegar með félaginu.




25

milljarðar króna er árlegur rekstrarkostnaður íslensku lífeyrissjóðanna.



16

af 64 sýnum sem matvælaeftirlitið tók af nautahakki á veitingastöðum í fyrra voru jákvæð af E.coli.



3,5

milljónir króna er verðmiðinn á dýrasta Pokémon-spjaldi sem er fánlegt á Íslandi.



3,65

milljónir eru meðalkostnaður fórnarlamba svokallaðs ástarsvindls.

Þrjú í fréttum

Ole Anton Bieltvedt

alþjóðlegur kaupssylumaður og stjórnmaláryrni



Það er með ólíkindum að við, sem eina smáþjóð álfunnar, skulum ekki hafa borð gæfu til að taka upp evruna, jafn mikið og

við hefðum bætt okkar stöðu með evru, einstaklingar og fyrirtæki, og jafn mikið og við höfum liðið undan óstöðugleika og kostnaði krónunnar! Hvernig má það vera, að almenningur sjái þetta ekki?

Þórunn Sveinbjarnardóttir

frambjóðandi Samfylkingarinnar



Misréttið í samfélaginu tekur á sig margar myndir. Kynferðisofbeldi er ein sú ljótasta og sú sem hefur mestar langtímaafleiðingar. Það er ólíðandi að þolendur kynferðisofbeldis skuli þurfa að fara til Mannréttindadómstóls Evrópu til að leita réttlætis sem ekki fékkst fyrir íslenskum dómstólum. Engin kerfi eru ósnertanleg og það á líka við um dómkerfið. Þar er umbóta þörf og stóruvirkni stuðnings við þolendur ofbeldisbrota.

Haukur Arnþórsson

stjórnsýslufræðingur



Ríkisstjórnin valdi að beita lífterror, sem fræðimenn kalla svo, til að fá almenning til að samþykkja og jafnvel kalla eftir

beinum frelsishindrunum með lögregluinngripi og viðurlögum – í þeirri von að lyfjaiðnaðurinn leysti málið hratt og vel og beitti fjölmiðlum fyrir sig. ■

Sálfræðingar segja ríkisstjórnina vera að mismuna landsmönnum

Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, vísar spurningum um óboðlegan drátt á framkvæmd laga um niðurgreiðslu sálfræðipjónustu, til heilbrigðisráðuneytis.

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Ísland er eftirbátur annarra Norðurlandþjóða er kemur að stuðningi við þá sem leita þjónustu sálfræðinga. Enn hefur ekki tekist að hrinda í framkvæmd lögum frá 2020, sem kveða á um niðurgreiðslu þjónustu sálfræðinga á stofu.

Tryggvi Guðjón Ingason, formaður Sálfræðingafélags Íslands, segir að sálfræðimeðferð dragi úr líkum á örorku og geti komið í veg fyrir að fólk detti út af vinnumarkaði. En rúmu ári eftir löggjöf Alþingis um niðurgreiðslu sálfræðipjónustu á Íslandi í lok júní 2020, sem samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum af þingmönnum allra þingflokka, bóli enn ekkert á fjármagni til að hrinda lögnum í framkvæmd. Þetta sé einsdæmi meðal Norðurlandanna.

Enginn vafi leiki á að ástandið stéttskipti þjóðinni eftir efnahag og rýri heilsu efnaminni, á sama tíma og efnameiri geti keypt sér sálfræðipjónustu og fái fyrr þjónustu. Ríkisstjórnin hafi sýnt algjört áhugaleysi í því að virkja lagasetninguna með árangursríkum hætti. Um klárt kosningamál sé að ræða.

„Þetta úrræði, að niðurgreiða sálfræðipjónustu, snertir í raun alla – beint eða óbeint,“ segir Tryggvi.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um þetta mál, að ríkisstjórnin hafi lagt upp með mikla uppbyggingu í heilbrigðismálum. Sérstök áhersla hafi verið lögð á geðheilbrigðismál. Fjárframlög til þeirra hafi aukist um rúman milljarð, búið sé að fjölga sálfræð-



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir ríkisstjórnina hafa lagt upp með mikla uppbyggingu í heilbrigðismálum með sérstakri áherslu á geðheilbrigðismál.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR



Þetta úrræði, að niðurgreiða sálfræðipjónustu, snertir í raun alla – beint eða óbeint.

Tryggvi Guðjón Ingason, formaður Sálfræðingafélags Íslands

ingum í heilsugæslu úr riflega 30 upp í 66 og geðheilbrigðisteymum hafi verið komið á í öllum heilbrigðisumdæmum.

Forsætisráðherra svarar ekki hvort hún telji dráttinn á framkvæmd laganna boðlegan, heldur bendir á að fjárframlög til heilbrigðismála hafi aukist um 46 prósent, eða 90 milljarða. Dregið hafi umtalsvert úr greiðsluþáttöku og komugjöld lækkað í heilsugæslu, tannlækningum aldraðra og öryrkja, lyfjakostnaði og hjálpar-

tækjum, svo nokkuð sé nefnt. Hvað varði þennan einstaka samning vísi hún til heilbrigðisráðuneytis. Ekki náðist í Svandís Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra.

Sálfræðingafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands hafa á sérstakri heimasíðu, ordskulustanda.is, tekið höndum saman í baráttu um að skora á stjórnmalaflokkana og frambjóðendur þeirra í kosningum til Alþingis, að fjármagna og koma í framkvæmd fyrrnefndum lögum. ■

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500


VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND,
SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í
BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU

Þjóðin kýs almannapjónustu!



Einn sjúkraliði
mætir til vinnu og
sinnir starfi sínu af
umhyggju

20 sjúklingar njóta
góðs af starfi hans

80 aðstandendur
þeirra geta
þar af leiðandi
sinnt starfi sínu
áhyggjulaust

Þeirra störf hafa
svo áhrif á tugi
annarra fyrirtækja og
opinberra stofnana
sem hafa áhrif á störf
þúsunda annarra



**Mikilvægi opinberra starfa
hefur aldrei verið meira**

Bryndís Ruth Gísladóttir - sjúkraliði



Takmark um störf án staðsetningar ekki í auglýsingum

kristinnhaukur@frettabladid.is

BYGGÐAMÁL Samkvæmt nýrri skýrslu fjármálaráðuneytisins telja stjórnendur ríkisstofnana að sé unnt að auglýsa 10 prósent starfa án staðsetningar. Samkvæmt byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2018 til 2024 er takmarkið að 10 prósent allra auglýstra starfa verði án staðsetningar í lok tímabilsins.



Háskóli Íslands telur ekki unnt að auglýsa neitt af 1.672 stöðugildum án staðsetningar.

Samkvæmt könnun meðal stjórnenda töldu 43 prósent þeirra mjög ólíklegt að 10 prósent auglýstra starfa hjá viðkomandi stofnun yrðu án staðsetningar árið 2024 og 28 prósent töldu það frekar ólíklegt. Aðeins 7 prósent töldu það mjög líklegt, 15 frekar líklegt.

Helstu hindranirnar eru praktísk atriði eins og notkun búnaðar og nánd við viðskiptavinum eða umbjóðendur.

Sumir stjórnendur töldu að ekki væri hægt að auglýsa nein störf án staðsetningar. Til dæmis stórir vinnustaðir eins og Ríkislögreglustjóri, Barnaverndarstofa, ÁTVR og Háskóli Íslands. ■

Gyðja lýðræðisins borin út í Hong Kong



Lögreglumenn í Hong Kong bera út listaverk af safni sem var lokað fyrir að gagnrýna stjórnvöld. Verkið sýnir Gyðju lýðræðisins, eftirlíkingu af stytta sem var reist í mótmælunum á Torgi hins himneska fríðar 1989. Fjórir voru handteknir grunaðir um að skipuleggja minningarathöfn um mótmælin. **FRÉTTABLAÐIÐ/EPA**

Auglýsing um framlagningu kjörskráa vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaga



Kjörskrár vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárbings ytra, Rangárbings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, sem haldnar verða laugardaginn 25. september 2021, skulu lagðar fram eigi síðar en 15. september 2021.

Kjörskrá skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórnar eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn auglýsir sérstaklega. Kjörskrá skal liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrár er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Dómsmálaráðuneytinu,
10. september 2021

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Fá enga mengunarvöktun þar sem íbúðabyggð rís

Samkvæmt nýlegri rannsókn er einna mest flúormengun frá álverinu í Straumsvík í Garðaholti. Þar er verið að byggja upp íbúðabyggð. Bæjarstjórn og heilbrigðiseftirlitið vilja aukna vöktun á svæðinu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Bæjarstjórn Garðabæjar og heilbrigðiseftirlit Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar, telja að gera þurfi meiri mælingar og vilja hafa meiri aðkomu að vöktunaráætlun fyrir álver Rio Tinto í Straumsvík. Er einkum horft til mengunar í Garðaholti þar sem Garðabær er að byggja upp íbúðabyggð.

Verið er að vinna að nýju starfsleyfi fyrir álverið sem gildir til 16 ára og rennur út frestur til að gera athugasemdir þann 21. september næstkomandi. Í þessu ferli er farið yfir vöktunaráætlun til 8 ára.

Bæði umhverfisnefnd og heilbrigðisnefnd Garðabæjar telja að vöktun á mengun í Garðaholti sé nauðsynleg, líkt og gert er í Hafnarfirði, og setja þurfi upp loftgæðamælistöð. Umhverfisstofnun hefur hins vegar sent bænum bréf þar sem fram kemur að ekki verði orðið við þessu.

Tilfni þessara óska um aukna vöktun er rannsókn Sigrúnar Hrannar Halldórsdóttur á flúormengun vegna álversins frá 1968 til 2017. Samkvæmt henni er flúormengun frá álverinu einna mest í Garðaholti vegna veðurfarslegrar dreifingar.

„Flúorstyrkur plantna hefur í mörgum tilvikum farið hækkandi síðastliðin ár þrátt fyrir að útblástur



Garðaholt er veðurfarslega í beinni skotlínu frá mengun álversins í Straumsvík.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Við viljum komast að borðinu til að ræða þessi mál. Okkur finnst Umhverfisstofnun ekki vera nógu kritísk.

Páll Stefánsson, deildarstjóri mengunarvarna og umhverfismats hjá heilbrigðiseftirlitinu

álversins hafi ekki hækkað á sama tíma. Mjög mikilvægt er að ástæður þessa séu skoðaðar og komist að því hvað veldur þessum breytingum,” segir í ritgerðinni.

Páll Stefánsson, deildarstjóri mengunarvarna og umhverfismats hjá heilbrigðiseftirlitinu, segir núgildandi flúorvöktun byggja

á hálftrar aldrar ákvörðun og forsendur hafi breyst síðan, svo sem varðandi byggðapróun, fjölda grasbita, tækni og þekkingu.


„Við teljum tímabært að setjast yfir þessa áætlun og endurskoða hana,” segir Páll. „Við viljum komast að borðinu til að ræða þessi mál. Okkur finnst Umhverfisstofnun ekki vera nógu kritísk. Það má skoða hluti.“

Hefur heilbrigðiseftirlitið lagt það til að vöktunaráætlunin verði ekki til 8 ára heldur verði næstu 2 ár notuð til þess að rýna hana betur. Annars vegar vegna gróðursins og hins vegar staðsetningar og fjölda loftgæðamælistöðva.

„Það er engin deila í gangi við álverið eða Umhverfisstofnun. En við getum ekki horft fram hjá því að álverið í Straumsvík er stóriðjufyrirtæki sem er í túngarðinum. Því er ekki óeðlilegt að fleiri aðilar vilji koma að því að skoða umhverfisstöðunaráætlunina,” segir Páll. ■

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut

h



HVAÐ VILTU VITA UM LYFJIN ÞÍN?

Lyfjafræðingar Lyfju eru hér fyrir þig

Í Lyfju um allt land taka lyfjafræðingar og lyfjatæknar vel á móti þér og veita ráðgjöf um lyfin þín. Þú getur fengið ráðgjöf hvar sem þú ert í gegnum Lyfju appið eða á netspjalli á lyfja.is.

Heilsa þín er okkar hjartans mál - þess vegna leggjum við áherslu á fræðslu, gæðavörur og persónulega þjónustu.



Vaxtamunur banka farið lækkandi

helgivilfill@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Vaxtamunur banka hefur farið minnkandi samhliða lækkun stýrivaxta, þar sem innlánsvextir hafa ekki lækkað jafn mikið og útlánsvextir, að sögn Arnars Inga Jónssonar, sérfræðings hjá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Stjórn VR hefur kallað eftir því að bankarnir dragi úr óhóflegum vaxtamun og sagði að bankarnir innheimtu okurvexti. „Það er þínu siðlaust hjá bönkunum að auglýsa mikinn hagnað og snúa svo hnífnum í sárinu með því að hækka vexti nánast daginn eftir,“ sagði Harpa Sævarsdóttir, varaformaður VR stéttarfélags, í Fréttablaðinu í gær.

Arnar segir að ljóst sé að vaxtaálag húsnæðislána miðað við innlán hafi verið með lægra móti miðað við undanfarin ár. „Í kjölfar síðustu tveggja vaxtahækkana Seðlabankans hækkuðu bankarnir vexti á íbúðalánum minna en sem nam vaxtahækkun Seðlabankans,“ segir hann.

Vextir á Íslandi, og reyndar erlendis einnig, séu sögulega lágir og það sé stórt hagsmunamál fyrir lántakendur að þeir haldist lágir. „Til þess að ná því markmiði má verðbólga á Íslandi ekki ná flugi á ný. Það er á færi VR og annarra stéttarfélaganna að vinna að því markmiði í samráði við stjórnvöld.



Arnar Ingi Jónsson, sérfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja

Lág verðbólga er eitt stærsta hagsmunamál lántakenda. Lántakendur hafa einnig mun meira val en áður þegar kemur að lánum, ásamt því að aldrei hefur verið auðveldara að skuldbreyta og skipta um lánveitanda, sem eykur samkeppni á þeim markaði,“ bendir hann á.

Arnar viðurkennir að vaxtamunur íslensku bankanna hafi verið hærri en hjá norrænum bönkum af svipaðri stærð. „Vaxtamunur kerfislega mikilvægra banka hefur verið um og yfir einu prósentustigi hærri en hjá sambærilegum norrænum fjármálafyrirtækjum og hefur farið lækkandi. Að hluta má skýra muninn með því að íslenska bankakerfið býr við mun meiri skattlagningu en bankar á Norðurlöndum. Stórt skref yrði stigið í þá átt að lækka vexti á Íslandi og minnka vaxtamun með því að jafna leikinn þegar kemur að skattheimtu á fjármálafyrirtæki,“ segir hann og nefnir að það yrði neytendum til hagsbóta ef álögur á banka væru líkari því sem þekktist í nágrannaríkjunum. ■



Runólfur Pálsson, yfirmaður Covid-göngudeildar Landspítala, segir bólusetningar hafa augljós verndandi áhrif á þá sem smitast af Covid-19.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Einkenni Covid-sjúklinga eru minni í þessari bylgju

Einkenni þeirra sem smitast af Covid-19 virðast vera minni nú en í fyrri bylgjum faraldursins. Yfirmaður Covid-göngudeildarinnar segir bólusetningu augljósa ástæðu.

birnadrofn@frettabladid.is



Anna Hafberg, hjúkrunarfræðingur á Covid-göngudeild Landspítala



Runólfur Pálsson, yfirmaður Covid-göngudeildar Landspítala

COVID-19 „Það hefur verið miklu minna um einkenni, en það breytir ekki því að litill hluti hefur áfram veikt alvarlega og jafnvel þurft að leggjast inn á spítala,“ segir Runólfur Pálsson, yfirmaður Covid-göngudeildar Landspítala, spurður hvort einkenni sjúklinga með Covid-19 séu minni nú en í fyrri bylgjum faraldursins.

„Þegar þessi bylgja skall á í júlí var búið að bólusetja langflesta fullorðna og það er alveg augljóst að það hefur hjálpað, heilt yfir hafa einkenni verið miklu vægari hjá þessu bólusetta fólki,“ segir hann.

Í gær voru um 500 einstaklingar í einangrun með Covid-19 og voru þeir allir í eftirliti á göngudeildinni. Allir sjúklingar fá símtöl frá síma-veri deildarinnar þegar þeir greinast með smit og á meðan einangrun stendur yfir.

Anna Hafberg, hjúkrunarfræðingur á Covid-göngudeildinni, hefur hringt í fjöldann allan af fólki sem smitast hefur af veirunni frá upphafi faraldursins. Hún er sammála Runólfi um að einkenni sjúklinga séu minni nú en í fyrri bylgjum, færri veikist alvarlega en einkenni

sjúklinga séu þó afar misjöfn.

„Það eru alltaf einhverjir sem eru töluvert lasnir og það er alveg svoléðis núna líka,“ segir hún. „En svo eru líka margir sem eru ekki mikið veikir og sem betur fer eru flest barnanna ekki að verða mikið veik,“ bætir Anna við.

Í gær voru sex sjúklingar innliggjandi á sjúkrahúsi með Covid-19, tveir voru á gjörgæslu. 25 smit mældust sólarhringinn á undan. Runólfur segir að bólusetning gegn sjúkdómnum eigi augljósan þátt í því að ekki séu fleiri innliggjandi eða með alvarleg einkenni.

„Af þeim hundrad einstaklingum sem lagst hafa inn á sjúkrahús í þessari bylgju er um þriðjungur sem er óbólusettur eða allavega ekki fullbólusettur,“ segir Runólfur og bendir á að það sé mun herra hlutfall en hlutfall óbólusetttra í samfélaginu.

„Það sem er líka áberandi núna er að við sjáum miklu minna af leiðinlegum og erfiðum veikindum hjá þeim sem eru flokkaðir grænir, eða ekki með mikil einkenni,“ segir hann og vísar til þess að sjúklingum sé skipt upp í litakóðakerfi eftir alvarleika veikinda þeirra. Grænir

með minnst einkenni, gulir þar fyrir ofan og svo rauðir, þeir sem hafa hvað alvarlegustu einkenni.

„Fólk sem var allan tímann flokkað með væg einkenni, jafnvel ungt og tiltölulega hraust fólk, talaði um það í fyrri bylgjunum að það hefði verið mikið lasið og að einkennin hefðu varað lengi, við sjáum mun minna af þessu núna,“ segir Runólfur. „Núna eru bara tólf skráðir gulir af þessum fimm hundruð,“ segir Runólfur.

Þá segir hann að þrátt fyrir að flestir fái fremur væg einkenni megi ekki gleyma því að Covid-19 geti verið mjög alvarlegur sjúkdómur. „Það hefur verið alveg ljóst frá upphafi þessa faraldurs að þetta er mjög leiðinleg veirusýking og hún getur valdið alvarlegum og jafnvel lifshættulegum veikindum, en bólusetningin hefur haft mikil verndandi áhrif,“ segir hann.

Frá því í lok febrúar í fyrra hafa yfir 11 þúsund manns smitast af veirunni hér á landi. Bæði Anna og Runólfur segja mikilvægt að fólk sem fengið hefur Covid-19 fari varlega af stað þegar það losnar úr einangrun. ■

Auglýsing um framlagningu kjörskráa vegna kosninga til Alþingis



Kjörskrár vegna kosninga til Alþingis sem fram fara laugardaginn 25. september 2021 skulu lagðar fram eigi síðar en miðvikudaginn 15. september 2021.

Kjörskrá skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórnar eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn auglýsir sérstaklega. Kjörskrá skal liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags.

Athygli er vakin á því að kjósendur geta nú kannað á vefnum kosning.is hvar þeir eru á kjörskrá.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Dómsmálaráðuneytinu,
10. september 2021.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Gunni og Felix gefa út nýtt lag

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Okkur finnst ekkert betra en að fá börn til að brosa, hlæja og dansa með okkur. Hamingjan sjálf er falin í hlátri barns,“ segja þeir Gunnar Helgason og Felix Bergsson, en á morgun kemur út nýtt lag með þeim félögum, Djiddum, eftir Mána Svavarsson.

Orðið er nýyrði sem stendur fyrir allt sem er skemmtilegt.

Sama dag frumsýna þeir myndband á Youtube við Djiddum, þar sem Gunni og Felix dansa með hópi krakka úr Dansskóla Birnu Björns. Hreyfingar eru einfaldar og til þess gerðar að allir geti dansað með.

„Lagið styrkir okkur í því að halda áfram að skemmta fjölskyldum á Íslandi og létta okkur öllum lífið í gráma hversdagsins.“ ■



Gunni og Felix ásamt leikarahópnum.

MYND/ADSEN

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

SafeTravel appið

Allt um færð og öryggi vega á Íslandi – beint í símann.

SafeTravel appið veitir upplýsingar í rauntíma um ástand vega, bæði á ensku og íslensku.

Appið gerir notendum kleift að merkja inn væntanlega ferð á vegum landsins. Sýnir ástand vega og varar við ferðalögum ef ófærð er á vegum.



Prófaðu SafeTravel appið hér.



SJÓVÁ

Mikil óvissa eftir afnám uppreistarar æru

Samkvæmt rannsókn laganna við HA skapaði afnám lagaákvæða um uppreista æru óvissu, bæði fyrir þá sem ljúka afplánun í dag og þá sem höfðu áður fengið borgaraleg réttindi sín til baka.

kristinnhaukur@frettabladid.is

LÖGFRÆÐI Óvissa ríkir um borgaraleg réttindi brotamanna eftir afplánun og embætti túlka lögin á mismunandi hátt. Þetta kemur fram í lokaritgerð Jöhönnu Óskar Jónasdóttur við lagadeild Háskólans á Akureyri, um áhrif afnáms lagaákvæða um uppreista æru. Málþing verður haldið um málefnið þann 17. september í skólanum og streymt á netinu.

Uppreist æra var afnumin úr hegningarlögum árið 2017 eftir að mál kynferðisafbrotamannanna Roberts Downey og Hjalta Sigurjóns Haukssonar komust í hásmáli og felldu að lokum ríkisstjórnina. Löggjöfin var aðlöguð að þessu en með misjöfnum árangri, að mati Jöhönnu.

„Í sumum lögum segir að menn geti fengið réttindi sín aftur að fimm árum liðnum, en ekki í öðrum, sem þýðir að skerðingin er ævilöng,“ segir hún og nefnir dæmi úr lögreglu. Lögreglumaður sem fékk þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir breytinguna hélt sínu starfi, á meðan annar sem framdi brot með sömu refsingu eftir breytinguna missti það.

Áður fengu einstaklingar sjálfkrafa óflekkað mannorð fimm árum eftir afplánun og öll borgaraleg réttindi ef dómur var óskilorðsbundinn í 4 til 12 mánuði. Ef dómur fór fram úr því þurfti að sækja um uppreista æru.

„Það er óvissa um hvernig eigi að túlka lögin. Fyrst það er orðið matskennt hjá hverjum og einum hvort skýra eigi refsisdóm sem einungis óskilorðsbundinn dóm eða einnig



Mér finnst eðlilegt að hvert tilfelli sé metið í stað þess að fólk sé útskúfað það sem eftir er.



Jóhanna Ósk Jónasdóttir, laganemi

skilorðsbundinn, er verið að skerða réttindi einstaklinga án þess að það sé lagagrundvöllur fyrir því,“ segir Jóhanna.

Áhrifin af því að missa sín borgaralegu réttindi, jafnvel fyrir lífstíð, eru margvísleg, samkvæmt ritgerðinni. Hið augljósasta er líklegast skerðing á atvinnufrelsi sem sé varið í stjórnarskránni. Þá geti það verið vandkvæðum háð að bjóða sig fram

Arnar Þór Jónsson, héraðsdómari

„Spurningin er hvort við viljum taka aftur við fólk inn í samfélagið eða hvort búið sé að taka upp þá stefnu að þeir sem hafa brotið af sér eigi aldrei afturkæmt inn í mannlegt samfélag,“ segir Arnar Þór, sem flytur erindi á málþinginu. „Ég er talsmaður þess að við styðjum fólk frekar til að koma aftur.“

Áður fyrr hafi brotamenn verið brennimerktir án möguleika á að verða fullgildir meðlimir samfélagsins, með tilheyrandi eyms og félagslegum vanda-málum.

„Ég tel ekki rétt að útiloka fólk alfarið út frá afbrotunum sjálfum, heldur ætti að horfa á hvar einstaklingurinn er staddur í sinni betrun,“ segir Arnar.

Mótmaelin haustið 2017 urðu til þess að ríkisstjórnin féll.
FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í afbrotafræði

Helgi, sem meðal annars mun fjalla um ítrekunartíðni, segir hlutverk viðurlaga-kerfisins tvenns konar. Annars vegar að refsia til að fæla fólk frá afbrotum og hins vegar að endurhæfa og betra fólk. „Þetta er að sumu leyti mótsagnakennt og getur grafið hvort undan öðru,“ segir hann.

Segir hann umræðuna um uppreista æru mest megnis snúast um kynferðisbrotamenn. Afnám borgaralegra réttinda væri í raun refsiauki, líkt og löggjöf í Bandaríkjunum og fleiri löndum um skráningar kynferðisbrotamanna. „Sumir hafa talað fyrir þessari leið hérna, en rannsóknir erlendis frá sýna að skráningin veitir falskt öryggi og geri viðkomandi aðeins útskúfaðri og hættulegri,“ segir Helgi.

Nefnir hann að til dæmis í Bretlandi hafi verið komið á sérstökum stuðningsúr-ræðum fyrir slíka brotamenn er kallast Circles.



í kosningum, eins og Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, komst að í vetur. Ekki megi heldur vanmeta það að fólk upplifi beiskju og að það sé útilokað frá samfélaginu.

„Mér finnst eðlilegt að hvert tilfelli sé metið, í stað þess að fólk sé útskúfað það sem eftir er,“ segir Jóhanna. Til dæmis að horft sé til þess hversu langt sé um liðið og hvort viðkomandi hafi snúið lífi sínu við. „Það er eins og

ákvæðinu um uppreista æru hafi verið sópað undir borðið og ekkert spáð í framhaldinu, því þessi heildarendurskoðun laganna í kjölfarið skilur eftir sig bæði skerðingu á réttindum og óvissu.“

Þó að Jóhanna telji ákvæðið hafa verið afnumið í flýti og hugsunarleysi, telur hún ekki líklegt, í ljósi þess sem á undan er gengið, að það rati aftur inn í löggjöfina. Mikilvægt sé þó að leysa úr óvissunni, meðal annars gagnvart þeim sem áður

hafa fengið uppreista æru.

„Hópur einstaklinga sem áður hafði öðlast óflekkað mannorð sjálfkrafa eða hlotið uppreista æru er nú í óvissu,“ segir hún. „Þegar lagaákvæði eru túlkuð sem svo að viðkomandi má ekki hafa hlotið refsisdóm, er horft á feril viðkomandi frá því hann varð 18 ára, óháð því hvort hann hafi öðlast óflekkað mannorð í eldri tíð laga, því má ætla að verið sé að beita afturvirkni laga.“ ■

ALÞINGISKOSNINGAR 25. SEPTEMBER 2021

Kjörskrár í Reykjavíkurdæmum norður og suður

Kjörskrár í Reykjavíkurdæmum norður og suður vegna alþingiskosninga 25. september nk. liggur frammi almenningi til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur fram á kjördag.

Á www.reykjavik.is/kosningar má finna upplýsingar um hvar fólk kys.

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra eru á kjörskrá og hvar þeir eiga að kjósa. Athugasemdamum vegna kjörskrár í Reykjavíkurdæmum skal beina til skrifstofu borgarstjórnar í síma 411-4915 eða með tölvupósti á kosningar@reykjavik.is.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 25. september nk., verður aðsetur yfirkjörstjórnar Reykjavíkurdæmis norður í Ráðhúsi Reykjavíkur og yfirkjörstjórnar Reykjavíkurdæmis suður í Hagaskóla.

Að kjörfundi loknum færast aðsetur yfirkjörstjórna í Laugardalshöll þar sem talning fer fram fyrir bæði Reykjavíkurdæmi.

Talning hefst kl. 22:00 og er opin almenningi meðan húsrúm leyfir. Einnig verður streymt beint frá talningu á www.reykjavik.is/kosningar.

Nánari upplýsingar má nálgast með því að hafa samband við skrifstofu borgarstjórnar í s. 411-4915 eða með tölvupósti á kosningar@reykjavik.is.

Yfirkjörstjórn Reykjavíkurdæmis norður
Yfirkjörstjórn Reykjavíkurdæmis suður
Skrifstofa borgarstjórnar



Enginn kjörstaður er í Vallahverfinu í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vilja fleiri kjörstaði í Hafnarfirði

kristinnhaukur@frettabladid.is

KOSNINGAR Minnihluti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði harmar að kjörstöðum hafi ekki verið fjölgað í bænum. Kjörstaðir eru nú tveir, Lækjarskóli og Víðistaðaskóli. Samkvæmt Öddu Mariu Jóhannsdóttur, oddvita flokksins, skortir einna helst kjörstað í nýrri hverfum í suðurhluta bæjarins, Völlunum og Skarðshlíð.

„Vellirnir eru orðnir svo stórt hverfi og okkur finnst eðlilegt að bæta þar við kjörstað eða að minnsta kosti bjóða upp á strætóferðir fyrir kjósendur,“ segir Adda. Bendir hún á að flokkurinn hafi ljáð máls á þessu frá því í forsetakosningunum árið 2016. Síðan hafa farið fram tvennar alþingiskosningar, sveitarstjórnarkosningar og aðrar forsetakosningar án fjölgunar kjörstaða.

„Í eitt skipti var samþykkt að láta skoða þetta en svo gerist ekki neitt. Þetta er alveg ótækt,“ segir Adda.

5 nýjum kjörstöðum var bætt við í Reykjavík fyrir alþingiskosningarnar og 4 fyrir forsetakosningarnar í fyrra. Eru þeir því orðnir 23 eða einn á hverja 6 þúsund íbúa. Til samanburðar þá eru kjörstaðir í Hafnarfirði einn á hverja 15 þúsund.

Samkvæmt greinargerð yfirkjörstjórnar frá árinu 2018 hafa kjörstaðirnir tveir þjónað hlutverki sínu vel. Strætisvagnaferðir væru góðar og þeir sem lengst þyrftu að fara á kjörstað myndu þurfa 20 mínútna ferð og 5 mínútna göngu. Þá væru bílastæði næg á stöðunum. Fjölgun kjörstaða myndi fylgja aukinn kostnaður, en ekki þyrfti að greiða leigu fyrir afnot af skólunum tveimur.

Adda segist einfaldlega ekki vera sammála höfundum greinargerðarinnar, um að tveir kjörstaðir séu nóg. Það séu íbúar Vallahverfis ekki heldur. „Vallahverfi hafa rætt þetta og þeim finnst hverfið vera afskipt. Ég hef fullan skilning á því,“ segir hún. ■

Frumskýning hlaðin spennu.



Verð aðeins
4.640.777 kr.
Afborgun á mánuði 32.944 kr.**



Nýr Kia Ceed Sportswagon Plug-in Hybrid frumsýndur í dag laugardag 12-16.

Snjöll hönnun og ríkulegur búnaður tryggir þægindi og nægt rými fyrir fjölskylduna og áhugamálin. Bíllinn er búinn sparneytinni bensínvél með ó þrepa sjálfskiptingu auk rafmótors sem fer allt að 57 km á rafmagninu einu saman.

Sýnum einnig fjölbreytt úrval 100% rafbíla, Hybrid og Plug-in Hybrid frá Mercedes-Benz, Kia og Honda.

Léttar veitingar í boði. Við tökum vel á móti þér.

**Straumurinn
er í Öskju!**



Gæti gosið tvisvar á árinu í fyrsta sinn frá 1875

Búið er að lýsa yfir óvissustigi vegna 7 sentimetra landriss í Öskju. Líklegasta skýringin er talin vera kvikusöfnun á 2-3 kílómetra dýpi. Eldfjallafræðingur segir möguleika á því að Íslendingar fái að upplifa tvö eldgos á sama árinu, í fyrsta sinn í eina og hálföld.


tsh@frettabladid.is

ELDGOS „Það er alveg möguleiki, það gæti farið svo og jafnvel fleiri,“ segir Þorvaldur Þórðarson, eldfjallafræðingur hjá Jarðvísindastofnun Íslands, aðspurður um hvort landsmenn muni fá tvö eldgos árið 2021. Hann nefnir í því samhengi að ýmsir fræðimenn telji að eldstöðvar á borð við Heklu, Grímsvötn og Kötlu séu tilbúnar að gjósa.

Síðast gaus í Öskju árið 1961 og segir Þorvaldur það hafa verið meðalstórt basaltgos sem bjó til allmyndarlegt hraun og var með fallega kvikuþrókavirkni. Hann viðurkennir þó að vísindamenn reynist ekki alltaf sannspáir enda séu eldfjöll óútreiknanleg eins og sést hefur í gosinu í Geldingadöllum.

„Við náttúrlega erum með ákveðnar mælingar og eftirlit og reynum að lesa í eldfjallið út frá þeim. En svo náttúrlega eru okkar mælingar allar takmarkaðar og eldfjöllum er svo sem alveg sama um okkar mælingar, þau eru ekkert að hegða sér í samræmi við þær.“

Ef eldgos hefst í Öskju á næstunni er ljóst að um stórvíðburð yrði að



Frá könnunarflugi yfir Öskjuvatn árið 2014.

ræða, því ekki hafa tvö eldfjöll gosið á Íslandi á sama árinu frá 1875, þegar gaus í Öskju og Sveinagjá. Þá voru einnig að minnsta kosti tvö eldgos árið 1823 þegar gaus í Eyjafjallajökli og Vatnajökli.

Þorvaldur segir ljóst að Askja sé búin að vera að undirbúa sig fyrir gos undanfarið áratug. Ísinn á Öskjuvatni hafi bráðnað árið 2012 vegna aukinnar hveravirkni við botn vatnsins og berghlaup sem féll úr Suðurbotnum 2014 og olli stórru

flóðbylgju í Öskjuvatni, séu partur af aðdragandanum. Þá hafi mælt aukid hitaflæði í gegnum æðarnar undir niðri, sem þýði að hugsanlega sé kvika að færa sig til í kerfinu.

„Það eru búin að vera teikn á lofti í næstum því níu ár að það sé eitt-hvað að fara að gerast í Öskju,“ segir hann.

Ef gos kemur upp í Öskju segir Þorvaldur líkur á því að um yrði að ræða sprengigos. Askja er þekkt fyrir slík gos en þau eiga sér stað



Þetta er ekki lífshættulegt nema fyrir þá sem eru mjög nálægt eldstöðinni.



Þorvaldur Þórðarson, eldfjallafræðingur

fyrir þá sem eru mjög nálægt eldstöðinni,“ segir hann.

Loftslagsbreytingar hafa sjáanleg áhrif á landslag Öskju þegar bráðnun aldagamals snjós undir gjóskunni myndar pyttir í jarðveginum.

„Snjórinn sem var undir gjóskunni og bara sat þar, var ekkert á neinni hreyfingu, hann er núna farinn að bráðna þannig það myndast pyttir í gjóskulaginu. Þá getur maður séð meira en aldagamlan snjó sem er bara búinn að liggja þarna frá því að gjóskan féll 1875 og svo 1961.“

Hann viðurkennir að það sé spennandi að vera eldfjallafræðingur á tímum sem þessum „Þetta eru mjög spennandi tímar fyrir okkur.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þegar heit kvika kemst í snertingu við vatn og kælir hana svo hún verður að ösku áður en hún kemst upp úr jörðu. Komist askan upp á yfirborðið getur hún þeyst langar leiðir eins og gerðist í Öskjugosinu 1875 þegar aska dreifðist um allt Fljótsdalshérad og Austfirði, frá Borgarfirði suður til Fáskrúðsfjarðar.

Að sögn Þorvaldar geta slík gos valdið tjóni á gróðri og óþægindum, en þau eru þó sjaldnast lífshættuleg. „Þetta er ekki lífshættulegt nema



Styrkir úr

Samstarfssjóði við atvinnulífið um heimsmarkmiðin

Utanríkisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki sem veittir eru úr Samstarfssjóði við atvinnulíf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna vegna samstarfsverkefna í þróunarríkjum.

Hefur fyrirtæki þitt áhuga á að leggja sitt af mörkum til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og á sama tíma sækjast eftir nýjum viðskiptatækifærum og aukinni samkeppnishæfni? Samstarfssjóðurinn skapar ný tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf

Hlutverk sjóðsins er að hvetja til þátttöku og framlags atvinnulífsins til þróunarsamvinnu. Sjóðurinn er opinn fyrir umsóknum frá skráðum fyrirtækjum.

Markmiðið er að draga úr fátækt og styðja við atvinnusköpun og sjálfbæran vöxt í fátækum ríkjum. Sérstök áhersla er lögð á atvinnusköpun kvenna og jákvæð umhverfisáhrif verkefna.

Lista yfir gjaldgeng samstarfslönd er að finna á vefsíðu sjóðsins www.utn.is/samstarfssjodur.

Umsóknir þurfa að berast í gegnum miðlæga þjónustugátt hins opinbera: www.island.is/samstarfssjodur fyrir lok **15. október 2021**.

Fyrirspurnir um sjóðinn skal senda á netfangið atvinnulif.styrkir@utn.stjr.is eigi síðar en 14. október.

Allar nánari upplýsingar og verklagsreglur á www.utn.is/samstarfssjodur.

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið



Jökullinn á Grænlandi bráðnar hratt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bráðnun Grænlandsjökuls geti valdið stórum jarðskjálftum og flóðbylgjum

arib@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Bráðnun Grænlandsjökuls af völdum hnattrænnar hlýnunar gæti leyst út læðingi stóra jarðskjálfta og flóðbylgjur. Þetta kom fram í erindi Bill McGuire, prófessors í jarðeðlisfræði við University College London, á Bresku vísindahátíðinni sem fram fór í vikunni.

McGuire sagði að við bráðnun Grænlandsjökuls fari mikill þungi af jarðskorpunni, það geti leitt af sér stóra jarðskjálfta undan ströndum Grænlands. Slíkir skjálftar geti leitt til flóðbylgna á borð við þá sem varð á Indlandshafi um jólin 2004 og olli dauða tæplega 230 þúsund manns.

McGuire segir fordæmi fyrir þessu á Nordurslóðum, fyrir rúmum 8.200 árum hafi tuttugu metra há flóðbylgja skolið á Norðurlöndin og Bretlandseyjar.

„Við vitum ekki nóg um jarðlögin undan ströndum Grænlands til að geta nákvæmlega spáð fyrir um hvað gerist, en það er möguleiki á



Jarðskjálfti af stærðinni 8,2 mældist fyrir utan strendur Alaska í lok júlí á þessu ári.

að stór flóðbylgja fari yfir Norður-Atlantshafið,“ sagði McGuire.

Síðustu tvo áratugi hafa margir milljarðar tonna af ís bráðnað af Grænlandsjökli. Ís hefur einnig verið að hopa í Alaska, þar eru nú þegar stærri skjálftar að mælast. Í júlí síðastliðnum mældist þar skjálfti upp á 8,2, sá stærsti í Bandaríkjunum í fimm áratugi. „Þegar kemur að áhrifum hnattrænnar hlýnunar á jarðskorpuna þá gæti Alaska verið kanarífuglinn í kolanámunni,“ sagði McGuire. ■





NISSAN
INTELLIGENT
MOBILITY



Frumskýning í dag frá 12–16

Nýr Nissan Qashqai

Fullkominn borgarjepplingur magnaður með Mild Hybrid tækni

PANTAÐU ÞINN NISSAN QASHQAI NÚNA.
Verð frá: 4.690.000 kr.

www.nissan.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL sölumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





KARUP

Borðstofustóll. Svart beyki og svart leður.

35.992 kr. ~~44.990 kr.~~



HYPE

Borðstofustóll. Bronslitað sléttflauel. Svartir málmfætur.

29.592 kr. ~~36.990 kr.~~



FLAIR

Flair stóllalínan frá DANFORM vekur alltaf athygli enda stóllarnir með eftirtektarvert lag og utanáliggjandi saumum. Þeir eru með sterkbyggðri grind og þægilegir. Hægindastóllarnir í línunni eru fánlegir í þremur litum í vintage PU-leðri; svartir, dökkgráir og ljósbrúnir. Svartir fætur og grind.

47.992 kr. ~~59.990 kr.~~



DUAL

Fallegir og stöðugir counterstólar frá DANFORM. Grátt, grænt, svart, blátt eða bronslitt sléttflauel. Svartir málmfætur.

27.192 kr. ~~33.990 kr.~~



EMBRACE

Borðstofustóll með örmum í svörtu áklæði.

28.792 kr. ~~35.990 kr.~~

**20% AFSLÁTTUR
AF SMÁVÖRU FRÁ**

b
BROSTE
COPENHAGEN

NORDAL

Bitz

evasolo

ester & erik

Verti
COPENHAGEN


by Sommer

ZONE

KAY
BOJESEN
DENMARK

bodum

Medusa
Copenhagen



MUUBS BRETTI

14x26,5 cm 3.992 kr 4.990 kr
xxx49 cm 7.992 kr 9.990 kr
22x44 cm 10.072 kr 12.590 kr



BODUM KAFFIKANNA

Melior 1l.
7.992 kr 9.990 kr



NORDAL SKÁL

Ø12 cm 3.432 kr 4.290 kr
Ø21,5 cm 7.032 kr 8.790 kr

evasolo



EVA SOLO PANNA

24 cm
11.992 kr 14.990 kr


Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga


Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru.



DANSKIR DAGAR



20%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM*



PETRI

Fallegur sófi sem fæst 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu eða dökkgráu Toro sléttflaueili. Kaldpressaður svampur og mini-gormar í þægilegu sæti. Í baki og hliðum eru þægilegar rúðapullur. Sófinn hefur sterka, svarta viðarfætur. Retró útlit og nútímapægindi. 43 cm sethæð.

2,5 sæta Toro: 210 x 100 x 78 cm
171.992 kr. ~~214.990 kr.~~

3ja sæta Toro: 242 x 100 x 78 cm
183.992 kr. ~~229.990 kr.~~



EGSMARK

Ný og einstök lína í dönskum hönnunarhúsgögnum. 2ja og 3ja sæta sófar og hægindastóll. Fáanlegir í gráu, slitsterku áklæði. Eftirtektarverðir fætur úr eik en þeir ganga utanvert upp á bakið og styðja þar við en halda línu við efri hluta baks.

2 sæta: 151 x 76 x 76 cm
159.992 kr. ~~199.990 kr.~~

3 sæta: 216 x 76 x 76 cm
223.992 kr. ~~279.990 kr.~~

Stóll: 86 x 76 x 76 cm
127.992 kr. ~~159.990 kr.~~



NORDAL GRAND

Mjög falleg ofin bómullarmotta frá Nordal með fallegu myndri. Gólfmottan hefur góða þykkt og er því stöðug á gólfi. Fáanleg í nokkrum stærðum.

160 x 240 cm
39.992 kr.
~~49.990 kr.~~



Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

* Gildir ekki af sérpöntunum
eða vörum frá Skovby.

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

Ný stjórn



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Tvær vikur eru fram að kjördegi. Það er langur tími í pólitík. Og líka stuttur. Langur tími fyrir þá sem kunna að hrasa. Stuttur tími fyrir þá sem hafa óljóst erindi.

En um hvað verður kosið? Málefni? Það er ekki víst. Það er meira að segja ólíklegt.

Hitt er öllu líklegra að kosið verði um nýja tegund stjórnar eða þá sömu sem setið hefur undanfarin ár, að kosningarnar snúist um breyttar áherslur eða sama gamla stjórnarferið.

Þeirri stjórn sem setið hefur að völdum hefur verið legið á hálsi fyrir að vera kyrrsetustjórn, hvort sem það má kalla sanngjarnt eða ekki, en í öllu falli hafi hún engu viljað breyta í veigamestu álitamálum íslenskrar þjóðmálaumræðu, eins og helstu andstæðingar hennar orða það.

Og gott og vel.

En er þá sjálfgefið að aðrir breyti einhverju? Munu þeir hafa til þess kraft og úthald, svo og pólitískt hugrekki? Það er ekki sjálfgefið.

Eru ekki einmitt meiri líkur en minni á að annað samstarf flokkanna á löggjafarsamkundu landsmanna en það sem nú hefur haldið um taumana sitji við orðin tóm að afloknum kosningum? Og að efndir allra loforðanna verði soðnar niður í samkomulag svo margra flokka að ekkert verði úr aðgerðum?

Það eru líkindi til þess.

Vandi Alþingis hefur einkum verið sá á síðustu áratugum að fara ekki að vilja þjóðarinnar. Ekki í heilbrigðismálum. Ekki í mál-efnum öryrkja. Ekki í málefnum aldraðra. Ekki í menntamálum. Ekki í sjávarútvegsmálum. Ekki í landbúnaðarmálum. Ekki í samkeppnis-málum. Ekki í neytendamálum. Ekki í alþjóðamálum. Ekki í innflytjendamálum. Ekki í mannréttindamálum. Og svo mætti áfram telja.

Niðurstaðan hefur miklu frekar verið marflöt málamiðlun. Íslensk pólitík hefur nefnilega löngum verið á sjálfstýringu embættismannakerfisins og opinberra stofnana, sem leggja bæði línurnar og laga sig að þeim.

Pólitíkinni hefur sjaldnar en ekki tekist að brjóta niður þá múra sem reistir hafa verið austan Arnarhóls og hafa verið alþingismönnum illklefari en Herðubreið og Heljarkambur.

Pólitíkin hefur ráðið of litlu.

Og Alþingi hefur koðnað niður inni í sölum nefndafundanna þar sem embættismannasamkundan hefur svæft þad mörg hver síðdeginn. Viljning til að breyta hefur vikið fyrir óbærilega löngum geispa. Kosningarnar eftir tvær vikur snúast öðru fremur um það hverjir geta haldið vöku sinni – og sofna ekki á verðinum. Eða um getu þeirra sem engu vilja breyta. ■



Vandi Alþingis hefur einkum verið sá á síðustu áratugum að fara ekki að vilja þjóðarinnar.



Jólin hefjast á Jómfrúnni

Jólamatseðill frá 11. nóvember.

Kom gláð!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruin.is | jomfruin@jomfruin.is

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Íslenska martröðin



Sif Sigmarsdóttir

Um síðustu helgi stóð Bandalag íslenskra listamanna fyrir málþingi um starfs-umhverfi listamanna og þau alvarlegu áhrif sem sóttvarnir hafa haft á möguleika þeirra til að afla tekna. Að þinginu loknu vandaði Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, leikkona og rithöfundur, ríkisstjórnarflokknum ekki kveðjurnar. „Ekki einn ráðherra úr ríkisstjórn mætti,“ ritaði Steinunn Ólína á Facebook. „Ekki einn.“

Íslensk stjórnvöld eru ekki þau einu sem virðast hafa gleymt tilvist listastarfseminnar. Bretland gekk úr Evrópusambandinu við upphaf síðasta árs. Í samningaviðræðum um áframhaldandi samskipti við sambandið gleymdist hins vegar að ræða starfskilyrði hinna skapandi greina. Þótt listastarfsemi sé einn þeirra atvinnuvega sem stækka nú hraðast í Bretlandi og hlutdeild hans af landsframleiðslu sé næstum sex prósent, gerðu bresk stjórnvöld ekkert til að koma í veg fyrir áhrif Brexit á störf bresks listafólks.

Afleiðingarnar hafa reynst margþættar. Nú síðast bárust fréttir af því að kostnaður við vegabréfsáritanir og pappírsvinnu sé að sliga breskt tónlistarfolk sem margt hefur tekjur sínar af tónleikaferðalögum um Evrópu. Í nýrri könnun sögðu 81% tónlistarfólks tónleikaferðalög ekki standa undir sér eftir Brexit og 60% sögðust íhuga að skipta um starfsvettvang.

Kosningabaráttu fyrir alþingiskosningar stendur nú sem hæst. Einn stjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokkurinn, fer fram með slagorðið „land tækifæranna“. Frasin tengist hugmyndafræðinni um „ameríska drauminn“, loforði um útbreiðslu hagsældar. Upphaflega hugmyndin um ameríska drauminn er þó annars konar hagsæld en sú sem Sjálfstæðisflokkurinn og ríkisstjórnin virðast standa fyrir.

Sagnfræðingurinn James Truslow Adams bjó til hugtakið „ameríska draumurinn“. Í bók sinni um sögu Bandaríkjanna sem kom

út árið 1931 hélt Adams því fram að Bandaríkin hefðu villst af leið. Adams áleit þráláta áherslu á efnislega velgengi ganga þvert á hugmyndina um „ameríska drauminn um betra og ríkara líf til handa öllum þegnum af öllum stéttum“. Hann sagði ameríska drauminn „ekki aðeins draum um bílaeign og hærra laun“ heldur snerist hann um „andlegt“ ríkidæmi. „Ameríska draumurinn sem lokkadi tugi milljóna frá öllum heimshornum að ströndum okkar var ekki draumur um veraldleg gæði.“ Hann gekk út á „leit að lífi“ en ekki „lífsviðurværi“, hann var leit einstaklingsins að „varanlegu virði tilverunnar“ en ekki verði; ameríska draumurinn hvíldi á stóðum fjölbreytileikans þegar kom að vitsmunalífi, áhugamálum, síðum, venjum, listsköpun og lífnaðarháttum.

Enginn ráðherra sá sér fært að mæta á fund þar sem iðja íslenskra listamanna var rædd. Það var hins vegar ekki þverfótað fyrir ráðherra á fundi Samtaka iðnaðarins í vikunni. Þar voru bæði forsætis- og fjármálaráðherra mætt til að ræða „niðurstöður úr könnun meðal stjórnenda iðnfyrirtækja“. Hagsæld er ekki aðeins mæld í peningum. Ameríska draumurinn er ekki aðeins efnahagsmál. Alþjóðleg bókmenntahátið var til að mynda sett í Reykjavík í vikunni og auðgar nú líf fjölda fólks.

En þótt listir séu ekki bara efnahagsmál eru þær líka efnahagsmál. Tíu ár eru liðin frá því að úttekt var gerð á hagrænum áhrifum skapandi greina hér á landi. Leiddi hún í ljós að sex prósent vinnuafis störfuðu við skapandi greinar og að velja þeirra væri meiri en velja landbúnaðar og fiskveiða samanlagt. Niðurstaða skýrslunnar var sú að „skapandi greinar eru einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar“.

Með sniðgöngu sinni hunsu stjórnvöld bæði andlegt og efnahagslegt gildi skapandi greina. Það er ekki ameríska draumurinn. Það er íslenska martröðin. ■

Bænda markaður um helgina!

Blómkál

649 kr. kg

Pssst ...

Mundu eftir
fjölnota pokum
undir allt litla
grænmetið

Rauðar paprikur

849 kr. kg

Spergilkál

730 kr. kg

Gulrætur með grasi, 400 g

389 kr. buntíð

Sveppir í lausu

969 kr. kg

Hjá bönda í gær ...
... hjá okkur í dag

Lambasúpukjöt af nýslátruðu

1199 kr. kg

Lambalæri af nýslátruðu

1699 kr. kg

Lambahryggur af nýslátruðu

3099 kr. kg



Miðflokkurinn



Aðstöðumál: Það er raunverulega raunhæft að ráðast í slíkar framkvæmdir og á stefnuskrá Miðflokksins. Miðflokkurinn styður hugmyndir ÍSÍ og sérsambanda um að byggja yfirbyggðan fjölnota þjóðarleikvang í Laugardal og byggingu fjölnota íþróttahallar fyrir handbolta, körfubolta, fimleika, frjálsar, og fleiri íþróttgreinar. Einnig þarf að byggja veglegan frjálsíþróttavöll. Það er hneisa að við Íslendingar getum ekki boðið okkar fremsta íþróttafólki, aðstandendum og stuðningsaðilum upp á íþróttáðstöðu sem uppfyllir kröfur alþjóðlegra sérsambanda.

Ofbeldismál: Miðflokkurinn hafnar öllu ofbeldi. Samfélagið allt þarf að taka höndum saman til að vinna bug á því. Íþróttahreyfingunni og öðrum þeim félagasamtökum, sem bjóða upp á þjónustu fyrir börn og unglíngi í tómsundastarfi ásamt öðru starfi, verði boðið upp á leiðbeiningar, kennslu og almenna fræðslu um heilbrigð mannleg samskipti og gjörðir. Ríkið komi þar vel að málum, því við erum öll í þessu saman.

Sjálfstæðisflokkurinn



Aðstöðumál: Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt áherslu á byggingu nýs þjóðarleikvangs í Laugardalnum. Til að hægt sé að hrinda verkefninu í framkvæmd verða borgaryfirvöld að koma að málinu. Það eru allar forsendur til að ráðast í framkvæmdir á komandi kjörtímabili.

Ofbeldismál: Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á traust, trúnað, gagnkvæma virðingu, uppbyggileg samskipti og jafnræði á öllum sviðum samfélagsins. Líkt og allir aðrir verður íþróttahreyfingin að vinna skipulega og opið gegn hvers konar ofbeldi. Forysta íþróttahreyfingarinnar verður að tryggja að starfsfólk og sjálfbóðaliðar á vegum hennar fái fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Ríki og sveitarfélög þurfa að vinna náð og skipulega með frjálsfélagasamtökum í baráttu gegn ofbeldi, ekki síst í gegnum menntakerfið.

Vinstri græn



Aðstöðumál: Það á að stefna að framkvæmdum á þjóðarleikvangi sem fyrst. Ríkisstjórnin gaf út tilkynningu þess efnis í vetur að vonir stæðu til þess á næstu fimm árum. Hins vegar þarf einnig að líta til þess að aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar sé sem best. Þannig hefur VG hvatt sveitarfélögin til áframhaldandi góðra verka, bæði til stuðnings við íþróttafélög eða uppbyggingar til ástundunar íþróttar.

Ofbeldismál: Það er mikilvægt að unnið sé að forvörnum í öllum birtingarmyndum. Sérstaklega innan íþróttar þar sem börn og ungmenni verja miklum tíma og eiga margar fyrirmyndir. Um þetta er fjallað í aðgerðaáætlun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025 sem Katrín Jakobsdóttir lagði fram. Þar er sérstakur kafli um forvarnir í íþróttar- og æskulýðsstarfi og höfuðáhersla lögð á fræðslu. Sú fræðsla á að vera á ábyrgð stjórnenda íþróttafélaga, samkvæmt áætluninni. Ljóst er að þessum breytingum þarf að fylgja eftir af fullum krafti. Ofbeldi á ekki að líðast.



Umræða um afrekssjóð náði ekki í gegn fyrir lok þingstarfa í sumar.

Áherslur flokka í íþróttamálum

Í tilefni þess að tvær vikur eru til kosninga sendi Fréttablaðið spurningalista á stjórnmalaflokkana níu sem mælast með nægt fylgi til að koma inn þingmanni í komandi kosningum, um framtidaráform í íþróttamálum til næstu ára.

Lögð var áhersla á atriði sem hafa verið í brennidepli í íþróttalífnum undanfarið, næstu skref í aðstöðumálum og hvernig hægt væri að koma í veg fyrir ofbeldi innan íþróttahreyfingarinnar. Þá má lesa um stefnu flokkanna hvað varðar afrekssjóði á vef Fréttablaðsins. ■

Nánar á frettabladid.is

Viðreisn



Aðstöðumál: Ríkisstjórnin hefur kynnt háleit áform um nýjan þjóðarleikvang í knattspyrnu án þess að gera ráð fyrir fjármögnun, en lítið hefur farið fyrir hugmyndum um þjóðarhöll. Það er ljóst að við stöndum frammi fyrir mikilvægum verkefnum í innviðaupbyggingu sem nauðsynlegt er að fjármagna. Það þarf hins vegar ekki að standa í vegi fyrir því að við bregðumst við þeirri slæmu stöðu sem uppi er. Nýr fjölnota þjóðarleikvangur í Laugardal er vel til þess fallinn að vera unninn í einkaframkvæmd með stuðningi ríkis og borgar.

Ofbeldismál: Íþróttahreyfingararnar leika lykilhlutverk í forvörnum. Kynferðislegt ofbeldi og áreitni ásamt kynbundnu ofbeldi hefur á síðustu misserum komist í hárnæli og verður sífellt ljósara að um djúpstætt og viðfeðmt þjóðfélagsmeið er að ræða. Viðreisn hefur lagt fram tillögu þess efnis að tekin verði upp markviss fræðsla um kynfræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum. Þá verði sérstök áhersla lögð á að styrkja frjáls félagasamtök þ.m.t. íþróttafélög, fjölmiðla og stofnanir til miðunar fræðslu og sérstakra herferða sem beint verði að skilgreindum markhópum samfélagsins, enda mikilvægt að styðja við þá sem leggja þessum málefnum lið með mikilvægu starfi og sérþekkingu.

Píratar



Aðstöðumál: Það er auðvitað hálfgerð þjóðarskómm að við getum ekki haldið landsleiki með sóma. Hvort uppbyggingin hefjist á næsta kjörtímabili ræðst af samsetningu ríkisstjórnarinnar. Síðustu ríkisstjórnir hafa að minnsta kosti ekki staðið sig í stykkinu. Á sama tíma verður einnig að huga að aðstöðu annarra íþróttalíka. Þar verða stjórnvöld að gæta jafnræðis og setja skýra og forgangsraðaða áætlun um uppbyggingu í málafnum íþróttar á Íslandi.

Ofbeldismál: Íþróttahreyfingin er nánast með öll börn þjóðarinnar í höndunum og fær til sín mikið opinbert fé. Það þarf að leggja rækilega yfir það hvort það fé sé ekki örugglega að skila sér í heilbrigðu umhverfi og góðum fyrirmyndum. Við sem samfélag eigum að gera þá kröfu. Þess vegna hafa Píratar sett jafnrétti í íþróttum rækilega á dagskrá innan borgarkerfisins. Við þurfum aukna fræðslu, forvarnir og samtal – þar sem íþróttasamfélagið og íþróttafréttamenn eru síst undanskilin. Svo þurfa fulltrúar KSÍ að hætta að rægja þolendur í fjölmiðlum.

Framsóknarflokkurinn



Aðstöðumál: Undirbúningur að byggingu þjóðarleikvanga hófst á þessu kjörtímabili undir stjórn Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra. Þeir verða fyrir allar íþróttir hvort sem það er knattspyrna, inni-íþróttir eða frjálsar. Framsókn stefnir á að ljúka uppbyggingu á nýjum þjóðarleikvöngum á næsta kjörtímabili. Að öll óbreyttu, með Framsókn í ríkisstjórn, er það raunhæft markmið.

Ofbeldismál: Lilja Alfreðsdóttir bjó til stöðu samskiptaráðgjafa vegna áreitnimála innan íþróttahreyfingarinnar á þessu kjörtímabili. Forvarnir og fræðsla þurfa ávallt að sæta frekari endurskoðun og eflingar með tímanum, en hún hefst almennt í skólunum. Lilja hefur einnig unnið í átt að slíkri endurskoðun og eflingu. Framsókn vill halda því góða starfi áfram og sjá til þess að fræðsla barna í skólum og innan íþróttahreyfingarinnar sé eins góð og mögulegt er.

Sósíalístaflokkurinn



Aðstöðumál: Sósíalístaflokkurinn hefur ekki tekið aðstöðumál fyrir en leggur áherslu á að slíkar framkvæmdir fái réttláta afgreiðslu.

Ofbeldismál: Sósíalístaflokkur Íslands hefur á stefnuskrá sinni að sakamáli og dómsmál, sér í lagi kynferðisbrotamál, verði sett í gagn-gera endurskoðun svo réttarvörslukerfið verði þolendavænna á allan máta. Einnig er mælt til að sett verði á laggirnar eftirlit sem rannsaki eftir ábendingum eða eigin frumkvæði vinnustaði, skóla og opinbera staði og hafi vald til að bregðast við, þar sem sýnt er að ofbeldi og áreitni grasserar, fjarlægja ofbeldismenn, svipta staði starfsleyfi og beita öðrum leiðum til að tryggja starfsfólki, nemum og gestum öryggi. Eftirlitinu ber að einbeita sér að þeim stöðum þar sem valdaójafnvægi er mikið vegna tekjumunar, aldursmunar eða ólíks uppruna, stöðu eða valds. Hvað varðar forvarnir telja flokksmenn að mikilvægt sé að taka umræðu um ofbeldi, eitruð samskipti og valdamisnotkun fyrir í skólum í auknum mæli.

GÍGIS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

Ný námskeið

581 1281

Samfylkingin



Aðstöðumál: Mikilvægt er að stærð nýs vallar endurspeglar bæði alþjóðlegar kröfur en sé jafnframt í samræmi við sætanýtingu. Þá er mikilvægt að nýr þjóðarleikvangur í innanhússíþróttum sé eins sveigjanlegur og hægt er, svo hann megi nýta fyrir eins margar innanhússíþróttir og hægt er. Fyrst þarf þó að ákveða að reisa nýtt mannvirki, hanna það, ná samningum um rekstur þess og svo má hefja framkvæmdir. Ef fólk brettir upp ermar væri hægt að ljúka mörgu af ofangreindu á næsta kjörtímabili.

Ofbeldismál: Íþróttahreyfingin þarf að vinna heils hugar með jafnrétti allra kynja að leiðarljósi og gefa sérstakan gaum að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi, áreitni eða ómenningu. Fræðsla og skýr skilaboð þarf til iðkenda, þjálfara og sjálfbóðaliða um að þess háttar leyfist alls ekki innan raða íþróttahreyfingarinnar. Taka þarf á málum sem upp koma af festu og samkvæmt verkferlum og gera á kröfu um að slíkt verklag sé til staðar við opinberar styrkveitingar. Þarna eru landsambönd og stjórnvöld mikilvægir fræðslu- og stuðningsaðilar. Þegar kemur að kynferðisbrotum og meðferð þeirra þarf að tryggja þolendum langtíma stuðning, styttri málsmeðferðartíma og málsaðild, þegar réttað er yfir geranda.

NÝR RENAULT MEGANE PLUG-IN HYBRID

Byltingarkennd tækni nýtir
orkuna enn betur



Frumskýning í dag
frá 12-16

Renault Megane Hatchback
E-Tech, Plug-in Hybrid
5 ára ábyrgð

Bensín, rafmagn, sjálfskiptur

Verð: **4.590.000 kr.**

FLEX Langtímaleiga: **88.590 kr. á mán.***

Hann er kominn! Nýr Renault Megane með þróaðri E-Tech Plug-in Hybrid vél sem sameinar bestu kosti mismunandi hybrid-tækni. Þú getur annað hvort ekið á rafmagninu einu saman, allt að 65 km á fullum hraða, eða skipt yfir á blendingsstillingu til að nýta eldsneytið og orkuna sem best í lengri ferðum. Komdu og skoðaðu þennan frábæra bíl sem sameinar tækni sem þróuð er í Formúlu 1 og margrómuð þægindi, hönnun og aksturseginnleika Renault-fólksbíla.

www.renault.is

*M.v. 36 mán. og 18.000 km á ári.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





BJORK@FRETABLADID.IS

Metnaðurinn

Leikstjórinn Þorleifur Arnarsson er í helgarviðtali að þessu sinni en þar segir hann meðal annars frá því hvernig hann þurfti að endurhugsa stefnu sína og horfast í augu við að mögulega hefði metnaðurinn fengið of mikið pláss.

Við nútímafólk sem ætlum að gera allt og helst allt í einu, getum líklega mörg tengt við þessa tilfinningu. Þegar metorðastigaklifrara eru meira og minna korter í kulnun, reynandi að halda alltof mörgum boltum á lofti, í miðjum stiganum, er líklega kominn tími á að staldra við og þæla í stefnunni.

Það er nefnilega hollt að hægja stundum örlítið á og skoða bæði veginn fram undan og að baki. Höfum við gengið hann til góðs eða er mögulega ráð að taka afliðandi eða jafnvel skarpa beygju?

En svo er það vissulega eitt að átta sig og annað að hafa hugrekki í ógnvænlegar breytingar. Vaninn er nefnilega oft sem þaulsetinn gestur sem bætir engu við partíð og má alveg skipta út fyrir eitthvað ferskara öðru hvoru. ■

”

En svo er það vissulega eitt að átta sig og annað að hafa hugrekki í ógnvænlegar breytingar.

Við mælum með

Gæði og einfaldleiki

Sá sem heldur að einfaldleiki virki ekki vel í matreiðslu er á slæmum villigötum. Á La Primavera í Mars-hallhúsinu eru gæði og einfaldleiki einmitt í fyrirrúmi. Við mælum með því að fá sér fisk þar í hádeginu. Lúða og risotto voru á matsæðlinum í vikunni, það var fullkominn réttur. Vissara er að panta borð því staðurinn er vinsæll.



Gleði fyrir grindarbotnana

Í Gaflaraleikhúsinu hafa þær hreiddað um sig, Selma Björnsdóttir, Salka Sól Eyfeld og Björk Jakobsdóttir, með gleði-, grín-, söng- og gamanleikinn Bíddu bara. Verkið er ekki bara drepfyndið heldur einmitt fyndið því það er svo satt. Leikkonurnar sem leika sjálfar sig í verkinu ritskoda sig hressilega lítið, svo úr verður hláturskrampi yfir veruleika sem kynsystur þeirra geta flestar tengt við og önnur kyn hafa ábyggilega bæði gott og gaman af að kynna. ■



Sóli Hólm fer nú um helgina af stað með glænýja eftirhermusýningu í Bæjarbíó Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gylfi Ægis er bara mín Nína

Eftirherman og skemmtikrafturinn Sóli Hólm fer nú um helgina af stað með glænýja sýningu, Loksins eftirhermur í Bæjarbíó og kynnr til leiks ferska karaktera í bland við gamla og góða.

bjork@frettabladid.is

„Þetta verða auðvitað mínir „usual suspects“ en það eru nýir aðilar sem koma virkilega sterkir inn. Ég vil eiginlega ekki segja of mikið því ég vil að þetta komi á óvart. Sindri Sindrason, Helgi Björns og Kári Stefáns eru á plakatinu en það laumast fleiri óvæntir inn.“

Þær persónur sem lengst hafa fylgt Sóla í uppstandinu eru Pálmi Gunnarsson, Gylfi Ægis, Páll Óskar og Herbert Guðmundsson. „Pálmi var fyrsti frægi einstaklingurinn sem ég tók fyrir og Gylfi næstur. Það er einhvern veginn þannig að þegar maður ætlar að henda þessum mönnum út finna þeir sér alltaf leið inn í prógrammið aftur,“ segir Sóli í léttum tón. „Eyvi verður alltaf að taka Nínu og Gylfi Ægis er bara mín Nína og Páll Óskar mín Álfheiður Björk. Þessir menn verða alltaf að vera með. Maður getur ekki sent fólk svangt út.“

Aðspurður um eftirlæti segir Sóli svarið einfalt, skemmtilegast sé að herma eftir þeim sem mest er hlegið að í það skiptið.

„Þá æsist ég upp og geri þá persónu stærri og meiri. En það er skemmtilegast að syngja eins og Páll Óskar



Sóli kynnr í sýningunni til leiks nýja aðila sem hann segir koma virkilega sterka inn.

”

Eyvi verður alltaf að taka Nínu og Gylfi Ægis er bara mín Nína og Páll Óskar mín Álfheiður Björk.

og að tala eins og Gísli Einarsson. Svo hef ég alltaf gaman af því að taka eitthvað gott rant sem Herbert Guðmundsson. Þetta er eins og með börnin manns, maður elskar ákveðna eiginleika í þeim.“

Upphefð að hermt sé eftir þér

„Ég sé strax hvort ég get hermt eftir einhverjum eða ekki, en til að ég fari með það á svið er tvennt sem þarf að ganga upp, það er að ég geti hermt eftir viðkomandi og að hann sé nógu frægur til að fólk kveiki á því. Ég á hundruð eftirherma af fólki

sem enginn veit hver er. Það er langskemmtilegast að herma eftir því fólki, enda alltaf gert í litlum hópi þar sem fólk þekkir vel til.

Ég hermi aldrei eftir fólki fyrir framan það, eða reyni að gera það ekki, því mér finnst það óþægilegt. En þessir þekktu einstaklingar sem hafa ratað upp á svið til mín hafa allavega þótt hafa gaman af því og þótt það bara heiður. Enda ef það er hægt að herma eftir þér ertu með einhver einstök karaktereinkenni, ef ekki, þá leyfi ég mér að segja að þá sértu bara ekki nógu spennandi. Svo fólk ætti að taka því sem upphefð að hermt sé eftir því.“

Eins og fyrr segir er frumsýning um helgina í Bæjarbíói, Hafnarfirði. Uppselt er á fyrstu sýningarnar en nýjar sýningar koma í sölu í vikunni inni á tix.is.

„Svo má benda þeim sem vilja detta í það á að Ásinn fer alla leið að Bæjarbíói svo það er ekkert mál að taka strætó,“ segir Sóli léttur að lokum. ■

Í vikulokin



Ólafur Arnarson

Hræðsluáróður einangrunarsinna á ekki að ráða

Andstæðingar þess að Ísland leiti eftir gjaldmiðilssamstarfi við ESB og/eða ljúki aðildarviðræðum, beita hræðsluáróðri máli sínu til stuðnings.

Fullyrða þeir að smáríki megi sín lítills innan ESB sem fótumtroði fullveldi þeirra. Betra sé því fyrir Ísland að standa eitt og „fullvalda“ en bindast samtökum með evrópskum lýðræðisþjóðum.

Þessi hræðsluáróður stenst ekki skoðun. Fjórtán smáríki í Evrópu hafa tekið upp evru, átta með aðild að ESB en sex án aðildar. Utan ESB

eru San Marínó, Andorra, Mónakó, Kósóvó, Svartfjallaland og Vatíkanið. Þessi ríki una hag sínum vel og líta á upptöku fjölbjóðlegs gjaldmiðils, sem tryggir stöðugleika og hagsæld til framtíðar, sem nauðsynlegt skref til að styrkja fullveldi sitt.

Bjarni Benediktsson eldri sagði á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1969, þegar tekist var á um innngönguna í EFTA:

„Ef menn vilja einangrun, þá verða þeir að taka afleiðingum hennar og reyna þá hvorki gagnvart

sjálfum sér né öðrum að hræsna með því að þeir séu hinir mestu framfaramenn. Þeir eru þvert á móti menn afturhalds og úrtölu. Einangrunin, sem nær hafði drepið þjóðina á löngum og þungbærum öldum, er þeim runnin svo í merg og bein, að þeir daga uppi sem nátttröll á tímum hinna mestu framfara.

Vísindi og tækni nútímans og hagnýting þeirra er bundin þeirri forsendu, að víðtækt samstarf eigi sér stað. Þess vegna leita jafnvel stórbjóðirnar samstarfs hver við aðra, jafn stórar þjóðir sem smáar. Ef stór-

”

Þessi hræðsluáróður stenst ekki skoðun.

þjóðunum er slíks þörf, þá er smáþjóðunum það nauðsyn.

Ef aðrir, þeir sem okkur eru líkastir að menningu og efnahag, hafa svo góða reynslu, hví skyldum við þá óttast að reynsla okkar yrði önnur og lakari?“

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram hvort krónan sé órjúfalegur hluti spillts valdakerfis sem noti gengissveiflur til að færa til stórfelld verðmæti í þágu valdhafa, eða þeirra sem að baki þeim standa, á kostnað almennings? Látum einangrunarsinna ekki ráða för. ■



Bundin slitlög - betri vegir

Ráðstefna Vegagerðarinnar
14. september í Hörpu um klæðingar og malbik

Á ráðstefnunni verður fjallað um malbik og klæðingar frá mörgum sjónarhornum. Kynnt verður saga bundinna slitlaga, verklag Vegagerðarinnar, endurvinnsla, umhverfisþættir og framþróun. Erlendir fyrirlesarar munu varpa ljósi á notkun bundinna slitlaga í sínum heimalöndum en þeir koma frá Bretlandi, Hollandi og Svíþjóð.

Ráðstefnan er yfirgripsmikil og einkar fróðleg fyrir sérfræðinga og áhugafólk um samgöngur.

Ráðstefnan verður haldin í Silfurbergi í Hörpu.

Beint streymi verður frá ráðstefnunni.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og skráningu á vegagerdin.is

Heimsækið
heimasíðu
ráðstefnunnar með
þessum QR kóða.



Dagskrá ráðstefnunnar:

- 8:00 **Skráning**
- 9:00 Ráðstefnan opnuð
Bergþóra Þorkeldsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar
- 9:05 Ávarp samgönguráðherra
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- 9:10 Af mölinni á bundna slitlagið
Magnús Valur Jóhannsson, framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs Vegagerðarinnar
- 9:30 Common praxis and experiences of bitumen bound surface layers
Kenneth Lind, sérfræðingur í vegtækni og bundnum slitögum, Trafíkverket í Svíþjóð
- 10:00 Auknar kröfur - breyttar reglur
Birkir Hrafn Jóakimsson, forstöðumaður stoðdeildar Vegagerðarinnar
- 10:20 **Kaffi**
- 10:35 Yfirborð bikbundinna vega - rýni
Sigurður Erlingsson, prófessor við umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands
- 10:55 **Umræður**
- 11:05 Ending malbikaðra slitlaga – samanburður á helstu stofnvegum á höfuðborgarsvæðinu
Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir, byggingatæknifræðingur, Eflu
- 11:25 Advanced asphalt surface treatment - technologies using bio-based materials
Bert Jan Lommerts, framkvæmdastjóri og eigandi Reddy Solutions, Hollandi
- 11:55 The importance of friction for motocyclist - experiences from Sweden
Maria Nordqvist, Sveriges MotorCyklister
- 12:15 **Umræður**
- 12:25 **Matur**
- 13:10 Endurvinnsla í vegagerð
Guðrún Fjóra Guðmundsdóttir hjá ReSource
- 13:30 Endurvinnsla í malbik - tækifæri til framtíðar
Björk Úlfarsdóttir rannsóknarstjóri og Harpa Þrastardóttir umhverfis-, öryggis-, og gæðastjóri, Colas Ísland
- 13:50 Viðhald bundinna slitlaga - mat á viðhaldsþörf
Jón Magnússon sérfræðingur framkvæmdadeild Vegagerðarinnar
- 14:10 **Umræður**
- 14:20 **Kaffi**
- 14:35 Frá vöggju til grafar - meðhöndlun efna við slitlaginn
Páll Kolka, umhverfissérfræðingur Vegagerðarinnar
- 14:55 An overview of skid resistance in the UK
David Woodward, verkfræði innviða, Ulster háskólanum Norður-Írlandi
- 15:25 Efnisgæðarit Vegagerðarinnar - fróðleikur og kröfur til vegagerðarefna
Pétur Pétursson, sérfræðingur stoðdeild Vegagerðarinnar
- 15:45 Ódýrara malbik - færarlegar malbiksstöðvar
Sigþór Sigurðsson, forstjóri Colas Ísland
- 16:05 Nýsköpun og þróun innan og utan Vegagerðarinnar
Ólafur Sveinn Haraldsson, forstöðumaður rannsóknadeildar Vegagerðarinnar
- 16:25 **Umræður**
- 16:35 **Ráðstefnuslit**

Leikstjórinn Þorleifur Örn Arnarsson er kominn heim. Eftir að hafa elt drauminn í fimmtán ár komst hann að því þegar hann rættist, að það sem mann dreymir um um tvítugt er ekki endilega það sem hentar út ævina.

Um liðna helgi var sýningin Rómeó og Júlía í leikstjórn Þorleifs loks frumsýnd, eftir eins og hálfis árs undirbúning. Þorleifur segir viðbrögðin hafa verið frábær og það sannast þar sem við sitjum á kaffihúsi í miðbænum og gestir óska honum til hamingju með uppsetninguna sem sé á allra vörum.

Á liðnu ári gerði Þorleifur samning við Þjóðleikhúsið um uppsetningu einnar sýningar á ári, næstu árin, en ljóst er að verkin verða að líkindum fleiri. Eftir að hafa starfað í stærstu leikhúsum Evrópu undanfarin ár, var Þorleifur ráðinn yfirmaður leiklistarmála hjá einu virtasta leikhúsi Þýskalands, Volksbühne í Berlín. Þangað hafði hann stefnt frá því hann útskrifaðist sem leikstjóri, en þegar á hólminn var komið og Þorleifur hafði gegnt stöðunni í rúm ár, á tímum heimsfaraldurs, þurfti hann að endurskoða drauminn.

Listamaðurinn Þorleifur hafði ráðið stefnunni svo lengi að einstaklingurinn hafði látið í minni pokann. Hann sagði upp stöðu sinni og ferðaðist á milli leikhúsa í Evrópu þar sem hann sagði sig frá fjölmörgum verkefnum, þó að einhver hangí inni á næstu árum, og flutti heim með fjölskyldunni.

Samvinnan stækkar sambandið

Eiginkona Þorleifs, myndlistarkonan Anna Rún Tryggvadóttir, hannaði búninga í Rómeó og Júlíu ásamt Urði Hákonardóttur og hefur því mikið mætt á heimilislífinu undanfarið. „Ég næ stundum að stela henni inn í leikhúsið og það stækkar sambandið að geta unnið svona saman. Það er æðislegt, þó ég sé ekki viss um að sonur okkar sé sammála um það,“ segir Þorleifur og hlær. „Eldri sonur okkar sem er 17 ára hefur í raun tekið heimilishaldið að sér og aðstoðað mikið með þann sem er yngri, tíu ára. Hann steig inn; fór og verslaði í matinn, svæfði bróður sinn og svo framvegis. Þetta bjargaði okkur.“

Þorleifur og Anna Rún kynntust fyrir um þrettán árum síðan. „Hún var að heimsækja vinkonu sína, Elínu Hansdóttur, sem ég þekki, í Berlín. Þær sátu á mexíkóskum kokteilaustað við götuna þar sem ég bjó. Það hefði aldrei hvarflað að mér að fara inn á þennan stað, en þar sem ég gekk fram hjá ásamt systur minni og mági sá ég Elínu inn um gluggann. Ég ætlaði að heilsa upp á hana en kom því varla að þegar ég sá manneskjuna við hlið hennar. Ég var algjörlega dolfallinn,“ segir Þorleifur um þennan fyrsta fund þeirra hjóna.

„Tveimur dögum síðar samþykkti hún svo að hitta mig á stefnumóti. Ég sótti hana í matarboð, bauð henni í garð í Berlín þar sem er tilkomumikið sovéskt minnismerki um sigurinn yfir Berlín. Það má því segja að ég hafi á fyrsta stefnumóti boðið henni í fjöldagröf enda eru um þrjú þúsund hermenn grafnir þarna.“

Sér til varnar bendir Þorleifur þó á að um sé að ræða einn fallegasta stað Berlínar. „Við áttum yndislegt kvöld og ákváðum að hittast daginn eftir, en þá kom vandræðalega deitið þar sem við nánast komum ekki upp orði. Þetta var að flosna upp þegar hún var að losa lásinn á hjólinu sínu og ég fékk skilaboð frá félagamínunum um að lausir miðar væru á Radiohead-tónleika í borginni. Ég leit því á hana og spurði hvort hana á langaði á Radiohead-tónleika og á þessum tónleikum urðum við kerustupar.“

Starfaði fyrir Sjálfstæðisflokkinn Á þessum tíma var Þorleifur að ljúka



Þorleifur segir listamanninn innra hafa ráðið för svo lengi að einstaklingurinn sat á hakanum. Fréttablaðið/Eyþór

Lætur ferilinn ekki lengur stjórna lífi sínu



Björk
Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

leikstjórarnámi í Berlín og kominn með einhverv atvinnutilboð úti, en leiðin lá heim þar sem listamaðurinn tók við starfi hjá Sjálfstæðisflokknum.

„Ég hef alltaf verið pólitískur en ekki endilega flokkspólitískur. Þetta var rétt eftir Hrunið og vinur minn, sem var framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, bauð mér starf. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort hann hafi verið alveg galinn, að fá einhvern brjálaðan listamann til liðs við sig, en ég held að á þessum tímupunkti, mitt í Hruninu, hafi verið gott að hafa einhvern alveg ótengdan pólitíkinni á svæðinu. Þetta var mjög erfitt fyrir Önnu,“ segir Þorleifur og hlær.

En það voru fleiri sem voru hissa á þessu næsta skrefi listamannsins. „Á þessum tíma var bróðir minn fremstur í flokki hjá aðgerðasinnunum, móðir mín var að vinna með Samfylkingunni, systir mín er í dag í stjórn leiklistarfélagis Viðreisnar og pabbi var á sínum tíma kommúnisti. Svo umræðurnar yfir sunnudagssteikinni voru vægast sagt fjórlegar,“ rifjar hann upp í léttum tón.



Ég ætlaði að heilsa upp á hana en kom því varla að þegar ég sá manneskjuna við hlið hennar.

„En þarna skildi ég að ekkert er eins hollt og að þurfa að horfast í augu við fordóma. Ég hafði verið alinn upp við mikla andstöðu gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Vissulega er margt sem hægt er að gagnrýna í þeim flokki, en að vinna með fólkinu þarna inni og fylgjast með því í ómögulegum aðstæðum er reynsla sem ég bý að bæði í lífinu og í listinni. Ég sá skýrt að þrátt fyrir mismunandi aðferða- og hugmyndafræði eru flestar manneskjur, sama hvar þær standa í pólitík, að reyna sitt besta. Okkur hættir til að dæma þá sem eru okkur ekki sammála, á mörölskum forsendum fremur en að takast á hugmyndafræðilega.“

Það var mjög hollt fyrir mig að komast í þetta umhverfi akkurat þegar ég var að klára skólann úti og byrja ferðalagið vitsmunalega og listrænt; að fara inn í umhverfi þar sem ég var að vinna með fólki sem ég hélt að mér myndi ekki líka við. Sem reyndist svo sannarlega ekki raunin. Í dag á ég miklu erfiðara með að vera reiður út í pólitíkusa, enda held ég að þetta starf sé ansi oft varla vinnandi vegur. Á þessum



Mér finnst þegar ég horfi til baka að ég sé að tala um tvo menn. Ég skil ekki hvernig ég lifði af með svona ofboðslegan sársauka.

tíma snéri fólk líka mikið böfum saman og það var ákveðin sátt um grundvallarlínurnar, svipað og við upplifðum framan af í Covid. Það tel ég stuðla almennt að mikið betri pólitík.“

Komið að skuldadögum

Talið berst að kosningunum fram undan og segist Þorleifur enn ekki hafa gert upp hug sinn og ólíkt því sem áður hefur verið, komi allt að fjórir möguleikar til greina. Hann er þó alveg með á hreinu hvað sé mikilvægasta málefnið, umhverfismálin.

„Stærsta málefnið fyrir kosningar hlýtur að vera sú staðreynd að við stöndum frammi fyrir mest aðkallandi verkefni mannkynssögunnar og það er algjörlega heimatilbúið vandamál. Ég held að eldri kynslóðir megi prisa sig sælar að það sé ekki bara allt brjálað, enda er buið að liggja fyrir frá því á sjöunda áratugnum hvað myndi gerast ef CO2 yrði pumpað stanslaust út í umhverfið. Þetta er stóra lygin um að endalaust megi nota kreditkortid en reikningurinn komi aldrei. En nú bara er komið að skuldadögum og við verðum að taka ábyrgð á því bæði persónulega og pólitískt.“

Næsta sýning Þorleifs í Þjóðleikhúsinu, Án titils, fjallar um áföll og úrvinnslu þeirra, en málefnið er Þorleifi hugleikið.

„Samkvæmt kenningum sálfræðingsins Jung samanstendur sálin af skugg og ljósi. Áföll fara í skuggann sem aftengir þig áfallinu, en þar býr enginn umbreytingarmáttur. Síðan kemur að því að áfallið ryður sér leið frá skugganum yfir í ljósið og þá er katastrofan óumflýjanleg. Ég tel að þetta eigi við á bæði stórum sem smáum skala, í því persónulega sem og í hnattrænu samhengi. Hamfarahlýnun er tráma okkar kynslóðar sem ferðast nú úr skugganum yfir í ljósið. Og það er núna okkar verkefni að umbreyta katastrofunni í lærdóm, frekar en að falla með henni niður í skuggann. Og því mun fylgja þjáning, rétt eins og í lífinu. Spurningin er alltaf hvernig unnið er úr þjáningunni.“

Hrokinn var minnimáttarkennd

„Ég hætti að drekka mjög ungur,“ segir Þorleifur, sem upplifði grunnskólagönguna sem hræðilega raun og fór snemma að fíkta við áfengisneyslu og síðar bættust harðari efni við. „Ég hefði alveg bókað fengið ADHD-greiningu í dag, en þó ekki sé lengra síðan var maður bara stimplaður sem vandræðaunglingur. Það gekk alveg svo langt að ég var rekin úr Austurbæjarskóla fyrir að slást við skólustjóran. Mamma fann kennara á eftirlaunum sem heitir Pálína og bjó í Hamraborginni, til að taka mig upp á sína arma.“

Í hálf tón lærði Þorleifur því í Hamraborginni eða þar til hann byrjaði í Álfamýrarskóla. Erfiðleikarnir héldu þó áfram í nýja skólanum þar sem aftur átti að reka

ICELANDAIR



Kanada opnar

og Toronto bíður þín



Toronto er borg óteljandi möguleika.

Fögur náttúra er allt um kring og Níagara-fossarnir eru skammt undan. Ótal listasöfn, ógleymanlegir veitingastaðir og fjöldi verslana prýða borgina – og hagstætt verðlag gerir heimsóknina þeim mun ljúfari.

Ef þig hefur dreymt um að fara í borgarferð vestur um haf er Toronto tilvalinn áfangastaður til að láta drauminn loks rætast.

Finndu þína ferð á icelandair.is



Þorleifur segist að einhverju leyti hafa fært kraftinn úr sársaukanum sem hann upplifði sem ungur maður yfir í metnaðinn og hann hafi mögulega farið úr böndunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

hann. „Ég heyrði síðar að umsjónarkennarinn minn, Linda Rós Mikalsdóttir, sem var ströng en talaði þó alltaf við mig á jafningjagrundvelli, gekk inn á skrifstofu skólustjórans og sagði að ef drengnum yrði vikið úr skóla gengi hún út með honum. Ég var augljóslega erfiður, en þarna var manneskja sem sá eitthvað annað en vesnið og vanlíðanina. Kerfið átti að funkera og börnin samlagast því, en mér finnst ofboðsleg breyting hafa orðið á þessari afstöðu hér heima.“

Á svipuðum tíma og Þorleifur hætti að drekka hóf hann nám í

leiklistarskólanum. „Ég var hættur að drekka en það var djúpt á sársaukanum og minnimáttarkenndinni sem birtist sem hroki og yfirgangur,“ segir Þorleifur, sem segist hafa breitt yfir líðan sína með mikilli sýniþörf.

„Mér finnst þegar ég horfi til baka að ég sé að tala um tvo menn. Ég skil ekki hvernig ég lifði af með svona ofboðslegan sársauka. Allar þessar aðferðir sem ég beitti og voru svo ofboðslega vitlausar héldu mér samt gangandi og urðu loks til þess að hlutirnir færðu sig frá myrkrinu yfir í ljósið.“



Þorleifur segir oft stutt í egóíð í leikhúsinu og þá sé mikilvægt að muna að kjarninn í starfinu sé þjónustan.

OREO

GOTTERÍ MEÐ OREO!

ÞÚ FINNUR GIRNILEGAR OREO UPPSKRIFTIR Á OREO.IS

Alltaf á annarri bylgjulengd
Aðspurður hvaðan þessi mikla vanlíðan hafi sprottið segist Þorleifur alltaf hafa upplifað sig utanveltu, að hann passaði ekki inn.

„Ég var alltaf tvístraður. Mamma og pabbi lenda í ofboðslegum fjárhagserfiðleikum, pabbi slasast á sama tíma og verðtryggingin var tengd og lánin margfölduðust. Alla æskuna fluttum við út á sumrin til að breyta húsinu í gistiheimili, enda var það eina leiðin sem foreldrar mínir sáu til að halda þessu gangandi. Ég skil í raun ekki hvernig þau fóru að þessu með fimm börn, á listamannalaunum. Í raun hetjulegt.“

Það voru því margir þættir sem komu saman, en einhvers staðar í grunninn var ég aldrei á bylgjulengd með heiminum í kringum mig. Ég hef alltaf haft djúpstæða þörf fyrir að túlka samfélagið og hafa einhverja rödd, en upplifði mig um leið á skjön við þetta sama samfélag. Eins var flókið að búa yfir þessari þrá en vera aldrei kynntur með nafni, heldur sem sonur foreldra minna. Þau voru líka umdeild og oft þurfti maður að svara fyrir

þeirra skoðanir sem komu manni ekkert við.

Ég er því í stóru uppgjöri á þessum tíma en þó ekki kominn með rétt tæki í sjálfsvinnuna, á sama tíma og ég á að vera að opna á djúpar tilfinningar í skólanum.“

Systurmissirinn

Þegar Þorleifur var á lokasprettinum í leiklistarnámi missti hann elstu systur sína, Guðrúnu Helgu, sem dó úr krabbameini tæplega fertug. Þau systkinin deildu afmælisdegi og var mikil og sterk tenging þeirra á milli.

„Hún hafði greinst með brjóstakrabbamein 29 ára gömul og síðar komu upp meinvörp í lifrinni. Þegar ég var að æfa lokauppsetninguna með nemendafélaginu fékk hún flensu. Ég var þá að mörgu leyti lentur í sjálfum mér, var búinn að sleppa tókunum á miklu af þessum grunnótta og gremju og farinn að eignast smá traust á ljósið í lífinu. Hún hringdi í mig og lýsti magaverkjum sem hún upplifði. Sjálfur hafði ég upplifað magavandamál tengd kvíða. Hún spurði mig hvort ég þekkti einkennin sem hún var

að upplifa. Ég vissi að þetta var ekki það sem ég þekkti, en heyrði á henni að það væri það sem hún þyrfti að heyra og svaraði því á þann hátt. Morguninn eftir missti hún meðvitund og var færð á sjúkrahús, þar sem í ljós kom að krabbinn hafði dreift sér um allt,“ útskýrir Þorleifur, en Guðrún Helga komst aldrei aftur til meðvitundar.

„Hún var einn stofnenda styrktarfélagssins Krafts og í þessi fimm ár frá því meinvörpin fundust og þar til hún lést, var hún ofboðslega aktíf. Það sat ofboðslega í mér að hafa ekki sagt henni satt í okkar síðustu samskiptum, þó það hefði ekki breytt neinu um útkomuna. Enn þann dag í dag hugsa ég oft til þessa þegar ég stend frammi fyrir því að segja fólki eitthvað sem er erfitt. Ég reyni að vera kærleiksrikur en það er ekki alltaf kærleikur að segja ekki satt.“

Stutt í egóíð í leikhúsinu

Eftir frumsýningu í leiklistarskólanum fór Þorleifur til systur sinnar á spítalanum og sama kvöldið lést hún. „Jarðarförin fór fram frá Hallgrímskirkju sem var full út úr



Það sat ofboðslega í mér að hafa ekki sagt henni satt í okkar síðustu samskiptum þó það hefði ekki breytt neinu um útkomuna.

Fann ofboðslegan létti

„Það sem maður óskar sér tvítugur er ekkert endilega það sem maður er að leita að þegar maður kemst þangað. En maður þarf kannski að gera það til að átta sig. Á sama tíma og ég stend á þessum tímamótum er Magnús Geir að taka við Þjóðleikhúsinu og við hefjum samtali. Ég fann að ég sem er búinn að vera gestur í íslensku leikhúsi lengi, hefði mikið fram að færa með viðtækri reynslu minni. Ég er alveg enfant terrible í þýska samhenginu, en hef fengið fripassa því ég er eins konar aðskotahlutur, en hérna er ég ekki að utan. Auðvitað er ógeðs-

lega erfitt að horfast í augu við að það sem maður var að stefna að svo lengi var ekkert endilega það sem maður var að leitast eftir, hvorki sem listamaður né sem manneskja. En þegar ég þurfti að fókusera á son minn fann ég að þá varð þetta ekkert vandamál.

Mér eiginlega brá við hversu auðvelt það reyndist. Ég fann svo ofboðslegan létti en hafði ekki áttað mig á hvað ég hafði borið á herðunum.

Metnaðurinn fór úr böndunum

Ég hafði að einhverju leyti fært kraftinn úr sársaukanum yfir í

metnaðinn og hann fór kannski úr böndunum. Ég var alltaf að reyna að navigera á milli lífsins og listarinnar og líka á milli metnaðarins og sálarfriðarins. Kannski var ég bara búinn að fullnægja metnaðnum. Ég var kominn á toppinn og þurfti ekki að gera það tíu sinnum. Þegar þú ert kominn upp á Everest er nefnilega fullt af öðrum spennandi tindum. Það er hugafarið sem þarf að endurstilla. Ég bý að því að eiga frábæran feril en ég ætla ekki lengur að láta það stjórna lífi mínu. Þá er maður ekki jafn góður vinur og maður ætti að vera né sonur, eiginmaður eða pabbi.“

Þorleifur lýsir hugafarsbreytingunni sem löngu ferli.

„Í bíómyndunum er þetta eitt móment en reynsla mín af lífinu er þannig að maður gerir upp-göttvunina og þá byrjar úrvinnslan. Jung talar um að til þess þurfi hugrekki og visku og ef maður nær að tengjast þessu tvennu mun áfallið umbreytast í ljós og stækka andann. Ég held að þetta sé algjörlega rétt. Það er ekkert sérstaklega merkilegt að átta sig á einhverju. Við vitum oft að við erum að gera eitthvað rangt. Miklu erfðara er að fara í gegnum það að breyta vana og væntingastjórnun okkar.“ ■

dyrum og stóð fólk í anddyri og fyrir utan. Ein ástæða mætingarinnar var sú að án þess að borið hefði mikið á því hafði hún verið með neyðarsíma Krafts í mörg ár og tekið á móti símtölum veikis fólks og veitt því stuðning. Hún hafði stundað svo ofboðslega þjónustu, sem eftir á séð hafði djúpstæð áhrif til þess að hún lifði svo hamingjusömu og litríku lífi eftir að hún greindist aftur.

Þegar ég áttaði mig á því hversu gríðarleg áhrif hún hafði með því að vera svona til staðar, varð það leiðarstef fyrir mig. Þegar maður vinnur í mínum geira er oft stutt í egóíð, en maður verður að muna að kjarninn í leikhúsinu er þjónustan. Í vikunni voru til að mynda fimm sýningar á Rómeó og Júlíu sem við gáfum ungu fólki. Okkur langaði að ná inn í þennan aldursþóp sem hefur þjáðst hvað mest í samkomutakmörkunum en minnst verið talað um. Þetta er hræðilegt því þarna eru allir týndu kossarnir og týndu ástarsamböndin, hljómsveitirnar sem urðu ekki til og vinaböndin sem ekki sköpuðust.“

Þorleifur sökkta sér í vinnu eftir systurmissinn og um hálfu ári síðar heimsótti hann vin sinn heitinn, Þorvald Þorsteinsson, til Los Angeles. „Þar fékk ég bara taugaáfall.“

Segja má að nú sé Þorleifur að loka hring sem þarna hófst.

Sagði sig frá öllum samningum

„Ég er nú búinn að setja upp yfir 60 sýningar á fimmtán árum og verkefni hafa stækkað og stækkað,“ segir Þorleifur og bætir við að mikið flakk fylgi verkefnum. „Meðfram þessu er maður svo alltaf að reyna að halda öllum boltum á lofti.“

Fyrir um tveimur árum stóð Þorleifur frammi fyrir ákvörðun, hann hafði ráðið sig til eins virtasta leikhúss Þýskalands og á borðinu voru tilboð frá fleiri húsum. Á sama tíma átti yngri sonurinn mjög erfitt uppdráttar í þýska skólakerfinu.

„Ég fann að ég þyrfti að taka ákvörðun. Hann þyrfti mikið meiri athygli og tíma núna og okkur fannst við verða að fara með hann heim. Ég var orðinn listrænn stjórnandi í leikhúsinu sem mig hafði dreymt um að stjórna frá tvítugu. Þetta er eitt best fjármagnaða leikhús Evrópu og þarna mótaðist að mörgu leyti það nútímaleikhús sem við þekkjum í dag.“

Ég fann skýrt að þetta er allt bara hjóm og að ég þyrfti að vera annars staðar núna. Ég sagði mig frá öllum samningum og við komum heim. Ég fann það um leið og ég lenti hérna að það var eins og mér væri stungið í samband. Ég held að maður vanmeti oft hversu djúpstæð tengsl okkar eru við íslenska náttúru og þjóðarsál. Ég finn sterkt að mitt hlutverk í dag sé að gefa af mér hingað.“

Tilboð í september

Skoðaðu nýja tilboðsbæklinginn á síðunni okkar, sminor.is!



SIEMENS

Uppþvottavél

SN 43EC16CS (svört)

13 manna. Sex kerfi og fjögur sérkerfi. Hljóð: 44 dB.

Tilboðsverð:

119.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.



SIEMENS

Þvottavél

WM 14S08DN

Tekur mest 8 kg og vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus mótör. i-Dos: Sjálfvirk skömmtun fyrir fljótandi þvottaefni.

Tilboðsverð:

129.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.



SIEMENS

Bakstursofn

HB 478GCB0S (svart stál)

Stórt ofnrými. Kjöthitamælir. Matreiðslutillögur. Brennslusjálffhreinsun.

Tilboðsverð:

139.900 kr.

Fullt verð: 179.900 kr.



SIEMENS

Kæli- og frystiskápar

KG 33VVLEA (stál, kálmfrítt)
KG 33V6WEA (hvítur)

Skúffa (hyperFresh) sem tryggir ferskleika grænmetis og ávaxta lengur. lowFrost-tækni. Hæð: 176 sm.

Tilboðsverð:

92.900 kr.

Fullt verð: 119.900 kr.



Stadler Form Rakatæki, Eva little

Lítið, öflugt og stílhreint.

Tilboðsverð:

16.900 kr.

Fullt verð: 21.900 kr.

Sandnes Gólfampi

19702-01

Tilboðsverð:

7.900 kr.

Fullt verð: 13.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Opið virka daga frá kl. 9 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.
Vefverslun okkar er opin allan sólarhringinn á sminor.is.

Tuttugu ár liðin frá árásinni sem skók heiminn

Í dag eru tuttugu ár liðin frá hryðjuverkaárásum þann ellefta september, þegar nítján meðlimir hryðjuverkahópsins Al-Kaída rændu fjórum farþegaflugvélum með það að markmiði að beita þeim sem vopnum til að ráðast á Bandaríkin. Hátt í þrjú þúsund manns létust í árásunum sjálfum og fjöldi fólks sem var á staðnum glímur enn við afleiðingarnar í dag.



Fanndís Birna Logadóttir
fanndis
@frettabladid.is

Ellefti september 2001 er dagur sem heimsbyggðin mun eflaust seint gleyma, en þennan dag urðu Bandaríkin fyrir einni mannskæðustu hryðjuverkaárásum sögunnar.

Íbúar New York bjuggust eflaust ekki við því sem koma skyldi þegar þeir vöknudu um morguninn þennan örlagaríka dag og afleiðingunum sem áttu eftir að fylgja. Fyrr um morguninn höfðu nítján hryðjuverkamenn Al-Kaída farið um borð í fjórar farþegaflugvélar með eitt markmið, að ráðast á Bandaríkin og allt sem þau stæðu fyrir, með vélarinnar að vopni.

Skömmu eftir klukkan átta um morguninn hafði þeim öllum tekist að komast fram hjá öryggisráðstöfunum á flugvöllumum í Boston, New Jersey og Washingtonborg. Var þá hryðjuverkamönnum ekkert að vanbúnaði og náðu þeir fljótlega eftir flugtak öllum fjórum vélunum á sitt vald. Stefnan var

þá sett á Tvíburaturnana í World Trade Center í New York og Pentagon, aðalbækistöðvar bandaríska varnarmálaráðuneytisins í Virgíníu.

Við erum með nokkrar vélar

Að því er fram kemur í skýrslu nefndar sem var skipuð til að fjalla um árásirnar ellefta september og kom út árið 2004, var flugmálayfirvöldum skömmu fyrir klukkan hálf níu ljóst að mögulega væri hryðjuverkaárási í aðsigi. Viðvörðunarbjóllur voru farnar að klingja hjá flugumferðarstjóra Boston Central, þegar vél American Airlines 11 fylgdi ekki leiðbeiningum skömmu eftir flugtak og slökkt var á ratsjársvara vélarinnar.

Klukkan 8.24 bárust flugumferðarstjórn eftirfarandi skilaboð frá vélinni: „Við erum með nokkrar vélar. Hafid bara hljótt, og það verður í lagi með ykkur. Við erum

að snúa aftur á flugvöllinn.“

Klukkan 8.46 fylgdist heimsbyggðin með í skelfingu þegar vél American Airlines 11, með 92 mannskjur um borð, flaug inn í norðurturn Tvíburaturnanna. Sautján mínútum síðar, klukkan 9.03, var ljóst að verið væri að ráðast á Bandaríkin, þegar vél United Airlines 175, með 65 manns um borð, flaug inn í suðurturninn.

Staðan átti aðeins eftir að versna þegar vél American Airlines 77 flaug inn í Pentagon klukkan 9.37. Tvíburaturnarnir hrundu báðir og létust um 2.750 manns í New York þennan dag. Í Pentagon létust 184. Í heildina létust nærri þrjú þúsund manns í árásunum, þar á meðal allir farþegar vélanna þriggja og allir hryðjuverkamennirnir.

Mannfallið hefði verið meira ef hryðjuverkamönnum fjórum sem reyndu að ná vél United Airlines 93 á sitt vald hefði tekist

ætluarverk sitt, en farþegum vélarinnar tókst að stöðva þá, eftir að hafa heyrð af árásunum á Tvíburaturnana og Pentagon.

Var það ætluarverk hryðjuverkamannanna að ráðast á byggingar sem táknuðu það sem Bandaríkin stæðu fyrir, til að mynda alríkisþinghúsið í Washington eða Hvíta húsið. Vélin brotlenti á akri í Pennsylvaníu skömmu eftir klukkan 10 og létust þar 40 manns um borð, auk hryðjuverkamannanna.

„Við erum þess fullviss að þjóðin stendur í þakkarskuldbandi við farþega United 93. Viðbrögð þeirra björguðu lífum fjölmargra annarra, og það getur verið að þau hafi bjargað annað hvort þinghúsinu eða Hvíta húsinu,“ segir í skýrslu nefndarinnar sem fjallaði um árásirnar.

Glíma enn við afleiðingarnar

Árásirnar voru vissulega þungt högg fyrir Bandaríkin í heild, en verstar fyrir New York-ríki. Eftir að Tvíburaturnarnir hrundu og World Trade Center var í rúst, tók við umfangsmikið björgunarstarf og mikil óvissa.

Í upphafi var óttast að fleiri þúsund manns sem voru í turninum hefðu látist en endanleg tala láttinna var líkt og áður sagði rúmlega 2.750, þar á meðal voru ríflega 400 slökkviliðsmenn og lögreglumenn sem létust við björgunarstörf.

Auk þeirra sem létust þann 11. september hafa fleiri hundruð viðbragðsaðila látist vegna sjúkdóma á borð við krabbamein og öndunar-

færasjúkdóma árin eftir árásina vegna magns eiturefna í loftinu sem barst frá rústunum, meðan þau voru við björgunarstörf.

Samkvæmt upplýsingum World Trade Center-verkefnisins, sem miðar að því að veita þeim sem voru viðstödd heilbrigðisþjónustu og aðhald, hafa rúmlega 2.900 viðbragðsaðilar sem voru skráðir í verkefnið látist. Þar að auki hafa 878 almennir borgarar sem voru hluti af verkefninu látist.

Enn að bera kennsl á fórnarlömb

Tuttugu árum síðar er enn verið að bera kennsl á líkamsleifar þeirra sem létust í árásinni á World Trade Center. Í gær greindi réttarmeinafræðingur New York-borgar frá því að þeim hefði tekist að bera kennsl á líkamsleifar tveggja einstaklinga með lífsýnarannsókn.

Um var að ræða 1.646. og 1.647. einstaklingana sem borin hafa verið kennsl á. Enn á því eftir að bera kennsl á um 40 prósent þeirra sem létust í árásinni.

„Fyrir tuttugu árum lofuðum við fjölskyldumeðlimum fórnarlambanna við World Trade Center að gera hvað sem er, sama hversu langan tíma það tekur, til að bera kennsl á ástvinum þeirra,“ sagði réttarmeinafræðingurinn Barbara A. Sampson.

Eins og á hverju ári munu fjölskyldumeðlimir þeirra sem létust við árásina koma saman á torginu í World Trade Center við minnisvarðann þar sem nöfn fórnarlambanna eru rituð, í dag. ■



George W. Bush, þáverandi forseti Bandaríkjanna, heyrði fyrst af árásinni frá starfsmannastjóra sínum, Andrew Card, tveimur mínútum eftir að seinni vélin lenti á suðurturninum, en hann var þá staddur í grunnskóla á Flórída. MYND/AP



Á meðal þeirra sem létust þegar Tvíburaturnarnir hrundu voru um 400 slökkviliðs- og lögreglumenn sem voru við björgunarstörf. MYND/GETTY

Hauستtilboð

Steinn og sökkull, grátt granít,
grafskrift og skrautmynd (efst).
Uppsetning á höfuðborgarsvæði,
Norðurlandi, Akranesi og Borgarnesi.
Frí sending um allt land

Tilboð 1



Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:
Sett eins og á mynd : 498.000
Sett án blómaramma : 398.000
Steinn : 298.000

Tilboð 2



Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:
Sett eins og á mynd : 585.000
Sett án blómaramma : 485.000
Steinn : 385.000

Tilboð 3



Verð:
Steinn með lugt: 240.000
Steinn : 195.000



Paradiso



Svartur



Grár

Tilboð 4 á meðan birgðir endast
Hægt að setja tvö nöfn

Verð: Sett eins og á mynd : 350.000
Steinn án aukahluta : 255.000

Sádi-Arabinn Osama Bin Laden hafði lengi verið á ratsjá heimsbyggðarinnar þegar hann og hryðjuverka-samtökin Al-Kaída gerðu árás á Bandaríkin þann 11. september árið 2001.

Interpol gaf út handtökuskipun á Bin Laden í mars árið 1998 fyrir morðið á Silvan Becker og Veru eiginkonu hans í Líbýu árið 1994. Kvíðdómur í Bandaríkjunum gaf einnig út ákæru gegn honum árið 1998, fyrir hryðjuverkaárásirnar á sendiráð Bandaríkjanna í Keníu og Tansaníu sama ár, en yfir tvö hundruð manns létu lífið í þeim árásum.

Bin Laden lýsti fyrst yfir stríði gegn Bandaríkjunum árið 1996, eftir að fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, George H. W. Bush, hafði svikið loford sitt um að allt bandarískt herlið myndi yfirgefa Sádi-Arabíu árið 1990. Eða þegar búíð væri að ná tökum á ógninni sem stafaði af Írak, að mati Bandaríkjanna. Árið 1996 voru bandarískir hermenn enn í landinu og leit Bin Laden þannig á að Bandaríkin, með stuðningi frá Ísrael, væru að reyna gera Sádi-Arabíu að nýlendu.

Lýsti yfir stríði í dagblaði

Árið 1998 birti Bin Laden svokallað „fatwā“ gegn Bandaríkjunum í dagblaðinu Al-Quads Al-Arabi sem gefið er út í London. Þar lýsti hann yfir stríði gegn Bandaríkjunum vegna landtöku herliðsins á „tveimur heilögum stöðum“ í Sádi-Arabíu, Mekka og Medina.

Bill Clinton var forseti Bandaríkjanna á þessum tíma, en í kjölfar hryðjuverkaárásanna á sendiráðin í Afríku sendi Bandaríkjaher styriflaugar á valda staði í Afganistan og Súdan, þar sem Bin Laden var talinn halda sig.

Föstudaginn 4. desember 1998 fékk Clinton afhenta skýrslu frá leyniþjónustunni (CIA) sem sagði með skýrum hætti að Bin Laden væri að undirbúa árás, en efnislína skýrslunnar var: „Bin Ladin Preparing to Hijack US Aircraft and Other Attacks.“

Í skýrslunni var sérstaklega talað um árás á New York-borg og í kjölfarið setti Richard Clarke, formaður nefndar gegn hryðjuverkum hjá utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna (Counter-terrorism Security Group), alla flugvelli í New York á hæsta öryggisstig.

Í sögufrægu viðtali Bills Clinton á Fox News árið 2006, þegar Chris Wallace reyndi að klína klúðri öryggisstofnana í aðdraganda árásanna á Clinton, sagði Clinton að enginn forseti Bandaríkjanna hefði gert meira en hann til að reyna að fá Bin Laden líflátinn.

Í viðtalinu vitnaði Wallace í bókina The Looming Tower, sem Lawrence Wright hlaut Pulitzer-verðlaun fyrir. Í bókinni er Bin Laden sagður hafa tvíeflst eftir veik viðbrögð Bandaríkjahers vegna hryðjuverkanna á sendiráðin í Afríku. Wallace spurði Clinton af hverju hann gerði ekki meira til að koma Bin Laden fyrir kattarnef og gekkst Clinton við því að hafa ekki gert nóg, þar sem hann náði honum ekki.

„En ég að minnsta kosti reyndi,“ sagði Clinton og benti á að ríkisstjórn George W. Bush, sem tók við af Clinton, fékk átta mánuði til að reyna að ná Bin Laden, en reyndi það ekki einu sinni. „Ég gerði alla vega tilraun og mistókst og þegar mér mistókst þá skildi ég eftir ítarlega áætlun gegn hryðjuverkum og hæfasta manninn í verkefnið, Dick (Richard) Clarke. Og hvað gerði Bush? Hann lækkaði hann í tign,“ sagði Clinton.

Titill bókarinnar sem Wallace vitnaði í er ekki bara vísun í tvíbura-turnana heldur er „looming tower“ eða „lofty towers“ tekið úr kóraninum, 4:78. Samkvæmt Wright vitnaði Bin Laden í versíð í brúðkaupsræðu skömmu fyrir árásirnar: „Hvar sem



George H. Bush ávarpar bandarísku þjóðina að kvöldi 11. september 2001.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Dauðinn mun finna þig, jafnvel þótt þú sért í himinháum turni



Magnús Heimir Jónasson
mhj
@frettabladid.is

þú ert, mun dauðinn finna þig, jafnvel þótt þú sért í himinháum turni.“

Þá væri ég ekkert betri en hann

Nokkrum klukkutímum áður en fyrsta farþegaþotan flaug inn í norðurturninn 11. september var Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, á viðskiptafundi í Melbourne í Ástralíu að ræða um hryðjuverkaógnina sem stöðjaði að Bandaríkjunum. Á hljóðupptöku af fundinum, sem ABC News birti árið 2014, heyrðist í Clinton tala um að hann hefði næstum því verið búinn að drepa Bin Laden einu sinni. „Ég náði honum næstum og hefði getað drepit hann. En ég hefði þurft að sprengja upp lítinn bæ sem heitir Kandahar í Afganistan og drepa 300 saklausa borgara í leiðinni og þá væri ég ekkert betri en hann, svo ég gerði það ekki,“ sagði Clinton í upptöku sem Michale Kroger, fyrrum formaður Frjálslynda flokksins í Ástralíu, tók upp og var fyrst spiluð á Sky News í Ástralíu. Nokkrum tímum eftir að Clinton lét orðin falla var ráðist á Bandaríkin.

Bin Laden á topp tíu listann

Í júní 1999 setti alríkislögreglan í Bandaríkjunum Bin Laden á lista yfir tíu eftirsóttustu glæpamenn heims. Í desember 1999 fór Bin Laden í viðtal hjá pakistanska blaðamanninum Rahimullah þar sem hann sagði veru Bandaríkjahers nálægt Mekka vera ögrun við alla múslima.

Nákvæmlega níu mánuðum fyrir árásirnar, þann 11. desember árið 2000, stöðvaði hæstiréttur Bandaríkjanna endurtalningu í Flórída-fylki og lýsti því yfir að George H. Bush væri réttkjörinn forseti landsins. Bush tók svo við sem forseti Bandaríkjanna og Dick Cheney sem varaforseti í janúar 2001.

Á meðan Bush eldri tók við forsetaembættinu hokinn af reynslu í utanríkisáttum, var sonur hans algjör andstæða. Bush yngri var áhugalaus um utanríkisáttum og hafði takmarkað ferðast. Hann hafði byggt

framboð sitt að mestu leyti á breytingum á innanríkisáttum, sér í lagi menntakerfinu, skattalækkunum og skuldalækkunum.

Bush skipaði Donald Rumsfeld, fyrrum varnarmálaráðherra Gerald Ford og læriföður Dicks Cheney, sem varnarmálaráðherra. Hann gerði síðan Paul Wolfowitz að aðstoðarvarnarmálaráðherra. Wolfowitz og Rumsfeld voru báðir með sterka sýn á utanríkis- og varnarmál. Báðir nýfrjálslyggjumenn sem treystu hernaðarvaldi frekar en ríkiserindrekstri.

Togstreita tveggja embætta

Sem mögulegt mótvægi við Rumsfeld, Wolfowitz og Cheney, skipaði Bush Condoleezza Rice sem þjóðaröryggisráðgjafa og hershöfðingjann Colin Powell sem utanríkisráðherra. Powell var gríðarlega vinsæll hjá bandarísku þjóðinni á þessum tíma, en hann hafði einnig verið einn traustasti ráðgjafi Bush eldri í varnarmálum.

Togstreita þessara tveggja embætta átti eftir að leika Bandaríkin grátt, en á pappírnum litu þetta út fyrir að vera öflugir ráðgjafar og ráðherrar.

Í viðtali við PBS árið 2020 sagði Joshua Boltan, aðstoðarstarfsmannastjóri Hvíta hússins í stjórnskiptum Bush, að hann hefði ekki valið andstæðinginn í utanríkisáttum til að skapa togstreitu, heldur vildi hann öfluga einstaklinga með sterkar skoðanir sem ráðgjafa. Að mati sagnfræðingsins Timothy Naftali þurfti forsetinn aftur á móti sjálfur að hafa skoðanir á hlutunum svo slíkt gengi upp.

Allt lék í lyndi fyrstu átta mánuði forsetatíðar Bush. Hann gat einbeitt sér að innanríkisáttum og kom 1,3 billjón dala skattalækkun (1,3 trillion USD) í gegnum þingið í maí 2001. Hann fékk þingmann demókrata frá Massachusetts, Ted Kennedy, til að vinna með sér að umfangsmiklum breytingum á menntakerfinu og á meðan áframhald var á hagvexti, voru öll skilyrði fyrir skuldalækkun.

Bush í mánaðarfrí

Í ágúst fagnaði Bush „sex mánuðum af árangri“ (að eigin sögn) og fór í mánaðarfrí. Lengsta frí sem forseti Bandaríkjanna hefur tekið sér síðan Richard Nixon var við völd.

Á meðan Bush var í fríi fékk hann daglegar skýrslur um öryggismál Bandaríkjanna. Þann 6. ágúst var honum afhent skýrsla sem var ekki ósvipuð þeirri sem Clinton hafði fengið, en efnislínan nú var: „Bin Ladin Determined to Strike in US“.

Þjóðaröryggisstofnanir Bandaríkjanna höfðu í raun sagt Bush frá ógninni sem stafaði af Al-Kaída frá því janúar. En hryðjuverka-höpurinn hafði hreiðrað vel um sig í Afganistan eftir að talibanar tóku völdin í blóðugri borgarastyrjöld fimm árum áður.

Fyrirnefndur Richard Clarke hefur látið hafa eftir sér í viðtölum að öryggisstofnanir Bandaríkjanna hafi verið örólegar allt sumarið 2001, en upphaflega var talið að Bin Laden myndi gera árás á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna, 4. júlí. Þegar þjóðhátíðardagurinn leið og ekkert gerðist, sagði Clarke að hann hefði fengið á tilfinninguna að ráðherrar í ríkisstjórn Bush teldu að upplýsingarnar frá öryggisstofnunum væru rangar.

Fyrirnefndur Naftali sagði að nýfrjálslyggjuarmur ríkisstjórnarinnar hefði ómögulega getað náð utan um þá hugmynd að heimsveldi eins og Bandaríkjunum stafaði hætta af fámennum hópi hryðjuverkamanna í fjöllum Afganistan. Þessi kaldastríðshugsunarháttur, þar sem önnur heimsveldi voru óvinurinn, átti eftir að leika þá grátt.

Ellefti september

Að morgni þriðjudagsins 11. september 2001 rændu níján hryðjuverkamenn Al-Kaída, flest allir frá Sádi-Arabíu, fjórum farþegaflugvélum. Tveimur var flogið á sinn hvorn Tvíbura-turninn, einni var flogið inn í byggingu varnarmálaráðuneytisins en sú fjórða hrapaði áður en hún náði áfangastað.

Dick Cheney var á þessum tíma staddur í Hvíta húsinu og vísaði leyniþjónustan honum samstundis niður í öruggt rými neðanjarðar. Á meðan varaforsetinn beidd eftir öruggri leið til samskipta gat hann lítið annað gert en að fylgjast með fréttum. Hann og Condoleezza Rice horfðu því saman á suðurturninn hrynja.



Ég náði honum næstum og hefði getað drepit hann.

Bill Clinton um Bin Laden

50


1971-2021



ÁFRAM Á SIGURBRAUT

Össur óskar Íþróttasambandi fatlaðra og öllum íslensku keppendum á Ólympíumóti fatlaðra í Tókýó til hamingju með árangurinn. Össur hefur verið stoltur styrktaraðili Íþróttasambands fatlaðra í meira en tvo áratugi og saman höldum við ótrauð áfram á sigurbraut.

Alþjóðahópur Team Össur vann samtals til 28 verðlauna, setti fjögur heimsmet og þrjú mótsmet.



ÖSSUR.IS

Leyfi til að skjóta niður farþegaflög
Cheney lýsti atburðarásinni ágætlega sjálfur í Meet the Press þann 16. september 2001, en leyniþjónusta Bandaríkjanna tilkynnti honum að grunur væri á að farþegaflugvél stefndi á Hvíta húsið.

Skömmu síðar fékk hann upplýsingar um að flugvél hefði verið flogið á byggingu varnarmálaráðuneytisins. Algjör glundroði átti sér stað innan veggja Hvíta hússins og var upphaflega talið að sex flugvélum hefði verið rænt. Cheney segist hafa fengið leyfi til að skipa flughernum að skjóta niður farþegaflugvélar.

Tittnefndur Richard Clarke var einnig í neðanjarðarbyrginu og lýsti því vel í samtali við PBS að Cheney hefði mælt með því að skjóta niður farþegaflugvélar ef þær vélar væru undir stjórn hryðjuverkamanna og stefndu í átt að þýðingarmiklum skotmörkum eins og þinghúsinu eða Hvíta húsinu.

Ekkí langt frá var farþegaflugvél sem talin var stafa ógn af og gaf Cheney skipun um að skjóta hana niður. Skömmu síðar hvarf hún af ratsjá og skelfing greip alla sem voru í neðanjarðarbyrginu þar sem óvissa ríkti um hvort flugherinn hefði skotið niður farþegaflugvél eða ekki. Flugvélin var United Airlines 93 en farþegar reyndu að ná vélinni úr höndum hryðjuverkamanna og brotlenti hún í Pennsylvaníu. Cheney hélt um stund að hann bæri ábyrgð á að vélin hefði verið skotin niður.

Ringulreið í ráðuneytinu

Ottast var að utanríkisráðuneytið væri mögulegt skotmark. Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var í Lima í Perú, og var því Richard Armitage aðstoðarutanríkisráðherra starfandi utanríkisráðherra. Illa gekk að koma upplýsingum til Powells þar sem allar símalínur lágu niðri, en hann fór samstundis í flug til Bandaríkjanna. Ringulreiðin var algjör í utanríkisráðuneytinu að sögn Armitage, en meðan á þessu stóð heyrðist hávær hvellur fyrir utan ráðuneytið sem skapaði mikinn ótta á meðal starfsmanna.

Skömmu síðar greindi sjónvarpstöðin CNN frá því að bílsprengja hefði sprungið fyrir utan utanríkisráðuneytið, en það reyndist hins vegar rangt.

Bush var eins og frægt er staddur í grunnskóla á Flórída á meðan Cheney stýrði aðgerðum úr Hvíta húsinu. Rice hringdi í Bush og lét hann vita að flugvél hefði flogið inn í norðurturn Tvíburaturnanna. Á þeim tíma var talið að um litla flugvél og slysi væri að ræða. Bush hélt heimsókn sinni áfram og settist inn í skólastofu á meðan starfsfólk Bush óskaði eftir að fá sjónvarp fært inn í aðra skólastofu. Starfsmenn Bush sáu þar seinni flugvélina fljúga inn í suðurturninn, eins og meirihluti bandarísku þjóðarinnar.

Forseti Bandaríkjanna var á þessum tíma á meðal örfárra sem vissu ekki að seinni farþegaflugvélinni hefði verið flogið inn í suðurturninn. Andy Card, starfsmannastjóri Hvíta hússins, tók málin í sínar hendur: Gekk að forsetanum og hvíslaði í eyra hans að önnur flugvél hefði flogið inn í hinn turninn og að ráðist væri á Bandaríkin.

„Og ég var að horfa á barn lesa,“ rifjaði Bush upp í viðtali hjá BBC fyrr í þessum mánuði. „Svo sá ég blaðamennina aftast í herberginu byrja að fá sömu skilaboð og var að fá. Ég sá óttann í andlitum þeirra. Í krísu er mikilvægt að halda ró sinni svo ég beið eftir rétta tímanum til að yfirgefa skólastofuna. Ég vildi ekki gera neitt of dramatískt,“ sagði Bush enn fremur.

Forsetinn hafður í loftinu

Bush hóf ásamt starfsliði sínu samstundis störf, í skólastofu fjarri blaðamönnum og reyndi hann að komast að því simleiddi hvað væri



Richard A. Clarke mætti fyrir þingnefnd til að fara yfir hvernig öryggisstofnanir Bandaríkjanna brugðust þjóðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Dick Cheney og Colin Powell sitt hvoru megin við forsetann og Rumsfeld sést til hægri. Fundur í Camp David þann 15. september 2001.



Starfslið Bush kom upp starfsstöð í skólanum í Flórída til að reyna að fá upplýsingar um árástirnar. Til vinstri má sjá Andy Gray, starfsmannastjóra Hvíta hússins.



Osama Bin Laden í viðtali í ágúst árið 1998 þar sem hann útskýrði af hverju hann hefði lýst yfir stríði gegn Bandaríkjunum.

„**Í krísum er mikilvægt að halda ró sinni svo ég beið eftir rétta tímanum til að yfirgefa skólastofuna.**

George Bush

í gangi. Bush var síðan fluttur í forsetaflugvélina sem var haldið á lofti á meðan hættan leið hjá.

Höfuðstöðvar leyniþjónustunnar (CIA) í Langley voru rýmdar í varúðarskyni. Örfáir starfsmenn voru eftir í höfuðstöðvunum til að halda nauðsynlegri starfsemi áfram. Meðal þeirra var Gary Schroen, starfsmaður leyniþjónustunnar frá 1970 til 2002.

„Við stóðum svona þrjátíu saman og horfðum á seinni flugvélina lenda á suðurturninum og allir sögðu: Þetta er Bin Laden,“ sagði Schroen í viðtali við PBS árið 2008. John McLaughlin, aðstoðarforstjóri CIA árin 2000 til 2004, sagði leyniþjónustuna hafa verið í hefndarhug frá fyrstu mínútu. „Við vorum í stríði við Al-Kaída og þeir unnu stórsigur þennan dag,“ sagði McLaughlin.

Allir höfðu Bin Laden í huga, en það var George Tenet, forstjóri CIA, sem fyrstur kom þeim upplýsingum á flug meðal öryggisstofnana Bandaríkjanna að árástin hefði verið framkvæmd af Al-Kaída og Osama Bin Laden.

Augun beindust að Bin Laden

Nær allar upplýsingar frá öryggisstofnunum Bandaríkjanna fóru í gegnum Condoleezza Rice. Síðdegis þann 11. september hringdi Rice í Sir Christopher Meyer, sendiherra Bretlands í Bandaríkjunum, þar sem þau báru saman bækur sínar og

sammæltust um að Bin Laden væri á bak við árástina.

Meyer greindi hins vegar frá því í viðtali að Rice hefði sagt við hann að það þyrfti að skoða hvort Írak ætti þátt í þessu. Hugmynd sem hafði fljótlega eftir árástirnar farið á milli manna í Bush-stjórninni og komið Meyer í opna skjöldu. Hugmyndin fæddist í varnarmálaráðuneyti Rumsfelds en James Bamford, höfundur, A Pretext for War, sagði að Rumsfeld hefði verið farinn að tala við samstarfsfólk sitt um möguleg tengsl Saddams Hussein við hryðjuverkin á meðan varnarmálaráðuneytið stóð enn í ljósum lögum.

Á símafundi milli Wolfowitz og Cheneys stakk sá fyrrnefndi upp á að Bandaríkin skoðuðu hefndaradgerðir gegn Írak. Cheney og Rumsfeld áttu sambærilegt samtal við Bush, þar sem þeir hvöttu hann til aðgerða gegn löndum sem hefðu hjálpað Al-Kaída, eins og til dæmis Írak.

Richard Perle, pólitískur ráðgjafi Bush varðandi öryggismál, hringdi síðdegis í David Frum, ræðuhöfund forsetans, og ýtti á orðalag sem opnaði á möguleikann á að fara í stríð við ríki, en ekki bara hryðjuverkamenn. Perle var á þessum tíma, eins og varnarmálaráðuneytið, með Írak í huga.

Þegar Bush kom aftur í Hvíta húsið um klukkan 19.00 að staðartíma var fyrsta uppkast ræðunnar

tilbúið. Orðalag Perle náði í gegn og á stuttum fundi, áður en forsetinn fór í beina útsendingu, spurði Rice forsetann hvort það væri tímabært að segja þessi orð svo snemma. Bush spurði Rice hvað henni fyndist um að halda þessum orðum inni, en samkvæmt Dan Balz, blaðamanni The Washington Post, sagði Rice: „fyrstu stundirnar telja mest og við eigum að halda þessum orðum inni.“

Opnað á mögulega árás á Írak

Klukkan hálf níu að staðartíma fluttu allar sjónvarpsstöðvar Bandaríkjanna ávarp forsetans til þjóðarinnar þar sem orðin héngu inni:

„Við munum ekki gera neinn greinarmun á hryðjuverkamönnum sem stóðu að baki árástinni og þeim sem hýsa þá.“

Orðalagið eitt og sér var nægilegt til þess að gefa nýfrjálshyggjuvæng ríkisstjórnarinnar þau vopn sem þyrfti til að opna á mögulegt stríð gegn Írak.

Powell kom frá Perú að nóttu til og fór samstundis á fund með forsetanum og herforingjaráði Bandaríkjanna. Powell vildi mynda bandalag með öðrum ríkjum og vinna eftir diplómátskum leiðum. Nokkuð sem var ekki á dagskrá hjá Rumsfeld og Cheney.

Margverðlaunaði blaðamaðurinn Bob Woodward skrifaði í bók sinni Bush at War, að Rumsfeld hefði sagt á fundinum að þetta væri tækifærið til að ráðast inn í Írak. Powell svaraði Rumsfeld með því að óvinurinn væri Al-Kaída og „við vitum hvar Bin Laden á heima (Afganistan).“

Bush fylgdi Powell að málum í fyrstu og hringdi í Tony Blair, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, að morgni 12. september. Bretar voru fúsir til að taka þátt í aðgerðum Bandaríkjanna gegn Al-Kaída, svo lengi sem þær væru hnitmiðaðar.

Leyniþjónusta Bandaríkjanna hóf kvöldið áður undirbúning fyrstu aðgerða gegn Al-Kaída. J. Cofer Black, sem var yfir hryðjuverkadeild leyniþjónustunnar (CTC), sagði í samtali við PBS að leyniþjónustan hefði unnið að þessu árum saman. „Á meðan allir voru að leita að kortum sínum af Afganistan vorum við tilbúin.“

Slæm reynsla í Afganistan

Black hélt kynningu fyrir Bush þar sem hann að lofaði að setja „hausa á spjót“ og hefna fyrir hönd Bandaríkjanna. Bush er sagður hafa verið ánægður með aðgerðirnar, á meðan Cheney reyndi að ýta aðgerðunum frá leyniþjónustunni og að hernum, sem var undir stjórn Rumsfelds.

Herinn var hins vegar gripinn með buxurnar á hælunum og var ekki tilbúinn til að gera innrás í Afganistan. Í augum hersins, eins og Thomas Ricks blaðamaður Wall Street Journal lýsti því, var Afganistan staðurinn þangað sem heimsveldi fara til að láta niðurlægja sig, byggt á reynslu Sovétríkjanna á áttunda áratugnum.

Bush ákvað að leyfa leyniþjónustunni að hefja stríðið gegn hryðjuverkum og var herinn settur í aftursætið. Leyniþjónusta flaug til Afganistan með milljónir Bandaríkjadala í seðlum og byrjaði að kaupa hollustu hjá lénsherrum í Afganistan til að berjast gegn Al-Kaída í norðurhluta landsins.

Herinn gerði síðan innrás inn í Afganistan 7. október.

Árið 2003, eftir fjölmargar lygar um tilvist geryðingar- og efnavopna, fengu Rumsfeld og Cheney ósk sína uppfyllta þegar Bandaríkin réðust inn í Írak.

Í dag eru tuttugu ár síðan árástin var gerð á Tvíburaturnana. Hundruð þúsunda hafa í framhaldi glatað lífi sínu í stríðum Bandaríkjanna, þar á meðal fjölmargir saklausir borgarar. Talíbanar hafa nú aftur náð völdum í Afganistan og reynsla Bandaríkjanna virðist vera svipuð reynslu Sovétríkjanna. Afganistan er landið þangað sem stórveldi fara til að láta niðurlægja sig. ■

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 11. september 2021

Heilsu- og lífstílsdagur

25% AFSLÁTTUR

Nýtt ICEHERBS andoxun

HAGKAUP ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

Íslensk krækiber & rauðrófuduft samkvæmt útaráæði og 99% afsláttur



Eliza Reid við setningu hátíðarinnar. Hún tekur þátt í pallborðsumræðum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bókmenntabolti og skrudduball

johannamaria@frettabladid.is

Í dag, laugardag, er lokadagur Bókmenntahátíðar. Ýmislegt hefur verið brallað og margt spennandi komið upp úr pokahornum höfundna, útgefenda, bókmenntafræðinga og tengdra fagaðila. Ýmislegt verður garfað í dag.

Á hádegi eru pallborðsumræður í Norræna húsinu þar sem sögur af jaðrinum verða ræddar, hver mega segja þær og hvernig má setja þær fram. Leila Slimani, Nina Wähä og Bergþóra Snæbjörnsdóttir hafa allar fjallað um fólkið á jaðrinum. York Underwood stjórnar pallborðinu.


Sjálfsmynd Íslendinga í bókmenntum og annað sjónarhorn, er heiti á pallborðsumræðum í Norræna húsinu klukkan 13.00. Bókmenntalandið Ísland er tekið til skoðunar og tenging bókmennta við sjálfsmynd þjóðarinnar. Kristof Magnússon, Eliza Reid, Joachim Schmidt, Egill Bjarnason og Mao Alheimsdóttir ræða um þetta málefni undir stjórn Halldórs Guðmundssonar.

Fótbolti og djamm

Margt fleira er á dagskrá, en síst má missa af viðureign útgefenda og rithöfundna í knattspyrnu sem fer fram á KR-vellinum að Meistaravöllum. Um er að ræða æsispennandi hefð sem má aldrei rjúfa.

Bókaballið er svo ómissandi lokahnykkur Bókmenntahátíðar. Ballið er haldið í Iðnu klukkan 21.00 og mun tónlistarkonan Steinunn Eldflaug Harðardóttir þeyta skífum undir nafninu dj. flugvél og geimskip. ■

Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu



BL+ COMPLEX vinnur gegn öldrun húðar með því að vernda kollagenbirgðir, örva nýmyndun kollagens og styrkja varnarlag húðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

30 ára rannsóknir að baki BL+

BL+ COMPLEX, sem inniheldur einstaka örþörungna og kísil Bláa Lónsins, er byltingarkennt innihaldsefni og kjarninn í nýju BL+ húðvörulínunni, sem vinnur gegn öldrun húðar. **2**



Ása segir að BL+ COMPLEX sé afrakstur af um 30 ára rannsóknarvinnu hjá Bláa Lóninu og hafi einstaka virkni á húðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„BL+ er ný húðvörulína frá Blue Lagoon Skincare sem byggir á vísindum, virkni og sjálfbærni. Húðvörulína vinnur gegn öldrun húðar og kom á markað í febrúar 2021, en við erum fyrir með tvær línur undir vörumerki Blue Lagoon Skincare: spa-línu og meðferðarvörulínu,“ segir Ása Brynjólfssdóttir, rannsókn- og þróunarstjóri Bláa Lónsins.

„Við höfum vörubrúun 1993, meðferðarvörulína var upphafið, en þegar fólk fór að baða sig í lóninu fann það að lónið hafði góð áhrif á húðina. Þetta vakti áhuga vísindamanna og húðlækna og þá hófust rannsóknir til að skilja áhrifin betur,“ segir Ása. „Rannsóknir sýndu að böðun í Bláa Lóninu hafði góð áhrif á húðsjúkdóma eins og psoriasis. Í kjölfarið opnuðum við Lækningalind og fólk byrjaði að koma í lækningameðferðir sem byggja á böðun í lóninu. En fljótlega hófust vangaeltur um hvernig væri hægt að flytja áhrif Bláa Lónsins heim til fólks.

Við fórum að þróa húðvörur sem studdu við meðferð Lækningalindarinnar og þannig urðu fyrstu vörurnar til, en það voru kísill og rakakrem,“ segir Ása.

„Í framhaldi af meðferðarvörulínunni þróuðum við svo spa-línu sem inniheldur meðal annars fjórar gerðir af andlitsmóskum, en hver þeirra er fulltrúi eins af lykilhræfnunum sem við finnum hér í lóninu og umhverfi þess,“ segir Ása. „Þau eru kísill, örþörungur, jarðsjórinn sjálfur og öll steinefni sem eru í honum.“

Rannsóknir sýna virkni gegn öldrun húðar

„Rannsóknir á jarðsjónum, sem kemur hér af 2.000 metra dýpi og myndar lónið, hafa leitt í ljós að hann inniheldur einstök lífvirk efni, kísil og blágræna örþörungur sem vinna gegn öldrun húðarinnar. Þetta eru mjög merkilegar niðurstöður og hefur Bláa Lónið fengið útgefin einkaleyfi sem byggja á þessu rannsóknunum. Einkaleyfi fæst einungis gefið út ef um nýjar uppgötvanir er að ræða og staðfestir hve einstök okkar



Augnserumið er þróað sérstaklega fyrir viðkvæmt augnsvæðið, en þar er húðin þynnri og þar sjást oft fyrstu merki öldrunar og þreytueinkenna.

MYND/ÆSEND

lífvirku innihaldsefni, kísillinn og örþörungarnir, eru til notkunar í húðvörum,“ segir Ása.

„Við höfum þróað nýtt innihaldsefni, sem nýtir einkaleyfi okkar á kísilinum og örþörungunum og vinnur gegn öldrun húðar. Við þróum og hönnum á þessu nýja innihaldsefni, sem við köllum BL+ COMPLEX, notum við nýjustu tækni, svokallaða fosfólípíðferju, til að koma virku efnunum djúpt niður í húðlöginn þar sem þau getað miðlað virkni sinni sem best,“ útskýrir Ása. „Innihaldsefni BL+ COMPLEX örva náttúrulegt ferli húðar til framleiðslu á kollageni, sem er mjög mikilvægt byggigagn efni í húðinni, og draga líka úr framleiðslu á ensími sem brýtur niður kollagenið vegna geisla sólar. Innihaldsefni draga þannig samtímis úr niðurbroti kollagens og auka nýmyndun þess, sem heilt yfir stuðlar að betri kollagenbúskap. Auk þess sem þau styrkja efsta varnarlag húðarinnar.“

Þetta eru eiginleikar sem er eftirsóknarvert að hafa í vörum sem vinna gegn öldrunareinkennum húðar.

Kollagenbúskapurinn minnkar upp úr tveitugum og því er mikilvægt að hugsa vel um húðina og beita fyrirbyggjandi ráðstöfunum til að verja og næra húðina. Efsta varnarlag húðarinnar þynnist líka með aldrinum og þá getur hún orðið þurrari, viðkvæmara fyrir mengun og bakteríusýkingum,“ segir Ása. „Lausnin við þessu er því að vernda húðina með góðum húðvörum, sem byggja hana upp og verja hana fyrir skemmdum sólarinnar, sem er helsti óvinurinn þegar kemur að öldrun húðarinnar.“

Byltingarkennd nýjung

„BL+ COMPLEX er byltingarkennd nýjung sem leikur lykilhutverk í nýju BL+ húðvörulínunni okkar gegn öldrun húðar. Fyrri hluta þessa árs settum við á markað fyrstu vöruna, BL+ The Serum, sem



BL+ COMPLEX er byltingarkennd nýjung frá Bláa Lóninu sem leikur lykilhutverk í nýju BL+ húðvörulínunni sem er að koma á markað.

MYND/ÆSEND

hefur hlotið frábærar viðtökur og erum því spennat að kynna nú til leiks nýja vöru í línunni, en það er augnserum, BL+ Eye Serum,“ segir Ása. „BL+ COMPLEX fæst eingöngu í BL+ húðvörum sem gerir þær einstakar á heimsvísu.

Augnserumið er þróað sérstaklega fyrir viðkvæmt augnsvæðið, en þar er húðin þynnri og þar sjáum við oft fyrstu merki öldrunar og þreytueinkenna svo sem dökka bauga, þrota og finar línur,“ segir Ása. „Þetta er áhrifarík vara sem gefur góðan raka, friskar, vinnur á finum línunum, dökkum baugum og dregur úr einkennum þrota og þreytu. Hún inniheldur hinn einstaka BL+ COMPLEX, jarðsjó Bláa Lónsins og önnur þekkt virk innihaldsefni svo sem andoxunarefnið C-vítamín og lakkrísrot sem dregur úr dökkum baugum, hýalúrónsýru sem hefur rakagefandi áhrif og koffín sem dregur úr þrota.

Augnserumið kemur með rúllu

sem gefur strax kælandi áhrif,“ segir Ása. „Rúllan gerir vöruna þægilega og skemmtilega í notkun.

Niðurstöður klínískra prófana á augnseruminu, sem framkvæmdar voru af húðlæknum, sýndu að eftir fjögurra vikna notkun dró það úr þrota, dökkum baugum, bætti þéttleika húðar, dró úr dýpti hrukna og jók rakastig húðarinnar, en þetta eru virkilega flottar niðurstöður,“ segir Ása.

Frábærar viðtökur og verðlaun

„BL+ hefur hlotið góðar viðtökur og vakið athygli í mörgum af stærstu miðlunum sem tengjast húðvörumarkaðnum erlendis,“ segir Ása. „Fyrsta varan, BL+ The Serum, hlaut Elle Green Beauty Star 2021 verðlaunin, en þau verðlaun hljóta aðeins nýjar vörur á húðvörumarkaði sem hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir virkni og áherslu á sjálfbærni.

Þetta gerir okkur gríðarlega stolt og þakklát, enda höfum við gæði og sjálfbærni að leiðarljósi í allri okkar vinnu,“ segir Ása. „Við viljum standa fyrir vísindi, virkni og sjálfbærni og byggjum alla okkar þróun á þeirri hugmyndafræði.“

Stenst ströngustu staðla

„BL+ The Serum og BL+ Eye Serum eru COSMOS NATURAL vottaðar af Ecocert Greenlife, sem er alþjóðlegur og viðurkenndur vottunaraðili. Þetta staðfestir að innihaldsefni húðvaranna séu af endurnýjanlegum og ábyrgum uppruna, rekjanleg, vegan og laus við erfðabreytt efni og ilmefni,“ segir Ása. „BL+ umbúðir eru 92% plastlausar, endurvinnanlegar og COSMOS-vottaðar, einnig notum við eingöngu FSC-vottaðan pappír. Vörurnar eru í glerflösku, sem er sérstaklega hönnuð til að verja vöruna fyrir útfjólubláum geislum sólarinnar, það tryggir gæði og lengir líftíma vörunnar.

Þarna erum við að fylgja staðli sem er þekktur um allan heim og gerir kröfur um umhverfisvæna framleiðslu, öryggi, ábyrgð og sjálfbærni í þróun húðvara,“ segir Ása. „Það er mjög mikil viðurkenning að fá þessa vottun, markhópur BL+ húðvörulínunnar eru karlar og konur 30 ára og eldri sem sækjast eftir virkum hágæða vörum sem byggja á vísindum og framleiddar eru á ábyrgan hátt með velferð neytenda og náttúru að leiðarljósi.“

Áhersla á sjálfbærni

„Flestir þekkja Bláa Lónið sem heilsulind og eitt af 25 undrum veraldar, en færri vita að Bláa Lónið á að baki þessa 30 ára rannsóknasögu á náttúruauðlindinni. Lónið er einstakt á heimsvísu hvað varðar fjölnýtingu á auðlindastráumum sem verða til við jarðvarmavinnslu,“ segir Ása. „Í Svartsengi erum við með þróunarsetur þar sem við höfum byggt upp einstaka hræfnavinnslu og þróað aðferðir til að nýta jarðsjóinn og lífvirku innihaldsefni í snyrtivörum úr umhverfisvænan og sjálfbæran hátt.

Sem dæmi kolefnisjöfnum við alla okkar starfsemi með ræktun skóga og ræktun örþörungana. Bláa Lónið er brautryðjandi í því að nýta koltvísýringsríkt jarðvarmagas til ræktunar örþörungana í húðvörum. Við fódum örþörungana okkar á jarðvarmagasi, hann umbreytir því í lífmassa, sem við vinnum lífvirk efni úr til notkunar í húðvörum, og losar frá sér súrefni,“ útskýrir Ása. „Þetta er einstakt ferli og mikilvæg þekking sem við höfum aflað okkur á þessu sviði í vegferð okkar að þróun umhverfisvæna lausna og undirstrikar áherslu okkar á sjálfbærni og ábyrga nýtingu náttúruauðlinda.“ ■

ORÐ SKULU STANDA!

Sálfræðingafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands skora á stjórnmalaflokkana og frambjóðendur þeirra í kosningum til Alþingis að fjármagna og koma í framkvæmd lögum nr. 93/2020 um niðurgreiðslu sálfræðipjónustu.

Lögin sem voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á Alþingi tóku gildi um síðustu áramót en hafa ekki komið til framkvæmda.

Tryggvi Ingason

Tryggvi Guðjón Ingason

formaður Sálfræðingafélags Íslands

Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Þuríður Harpa Sigurðardóttir

formaður Öryrkjabandalags Íslands

Emil Thoroddsen

Emil Thoroddsen

formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál



Grænmetislasagna sem engan svíkur



Sjöfn Þórðardóttir sjöfn @frettabladid.is

Haustið gleður á marga vegu, fallegir haustlitir taka á sig mynd í náttúrunni og það er ákveðin kyrrð sem fylgir þessari árstíð. Þá er upplagt að skapa rómantíska stund með ljúffengum haustrétti og kertaljósi.

Berglind Guðmundsdóttir, lífskúnnstner, eigandi vefsíðunnar Gulur, rauður, grænn og salt, bókaútgefandi og þáttastjórnandi hjá Dagmálum á mbl.is, kann svo sannarlega að njóta góðs matar og fanga árstíðabundna stemningu um leið. Hún hefur líka gert sjónvarpsþætti þar sem matargerð og að kunna að njóta er í forgrunni.

„Ég gerði nýlega fjóra stórkostlega þætti um hina einstöku Sikiley og fólk sem þar býr en þeir eru sýndir í Sjónvarpi Símans. Ég mæli svo mikið með að horfa á þá því þeir endurspeglar hægðislíf Sikileyinga og eru svo góðir fyrir hjartað,“ segir Berglind sem leggur mikið upp úr því að við kunnum að njóta.

Þurfti að velja á milli tveggja rétta

Berglind á sína uppáhalds haustrétti og við fengum hana til að deila með lesendum einum af sínum uppáhalds.

„Haustréttirnir sem ég held upp á eru reyndar margir, en að lokum stóð valið á milli tveggja rétta; ítölsku kjötsúpunnar og guðdómlegs grænmetislasagna. Úr varð að ég valdi grænmetislasagna og ég veit að hér verður enginn svikinn.“

Var grænmetisæta á sínum yngri árum

Að baki mörgum réttum býr saga og þessi réttur er einn þeirra.

„Ég var grænmetisæta í nokkur ár, á mínum yngri árum, eða þar til ég datt í skál af buffalo-vængjum með gráðaostasósu á Hard Rock Café, þá rétt rúmlega tvítug. Þrátt fyrir að vera ekki grænmetisæta í dag elska ég góða vegan- og grænmetisrétti. Það er eitthvað við mat í fallegum litum. Þessi réttur er kannski ekki sá fljótlegasti, en því lík dásemd. Hér smellur allt saman og punkturinn yfir i-ð er heimager pestó, en það jafnast ekkert á við pestó sem maður gerir sjálfur.“

Haustið kallar á þyngri mat

Berglind segir að matargerðin breytist mikið hjá sér á haustin og hún fari þá í allt annan gir.

„Ég fer meira í „comfort food“ eins og lambaskanka og kartöflu-



Berglind er mikill ástríðukokkur og lífskúnnstner sem leggur mikið upp úr því að við eignum að njóta matarins og gera það af ást.

VALLI/
FRÉTTABLAÐIÐ



Grænmetislasagna Berglindar er ómótstæðilega girnilegt og hún lofar að enginn verði svikinn af þessum rétti.

mús, kjötbollur, rötargrænmeti og súpur. Já, líklega borða ég aðeins þyngri mat, ef svo má kalla, þegar haustið gengur í garð. En þetta fer að sjálfsögðu eftir því hvort haustið er ljúft eða haustlægðirnar skelli á okkur af fullum krafti. Verra veður kallar á „þyngri“ mat.“

Berglind leggur líka mikla áherslu á að við njótum matarins og fáum ekki samviskubiti yfir því sem við borðum.

„Mig langar að minnast á að heilbrigði er ekki bara að borða hollan mat heldur einnig að borða hann með réttu hugarfari. Að

borða og njóta hvers bita, í stað þess að borða kannski eitthvað óhollt og refsa sér með ljótum hugsunum. Tölum fallega við okkur, leyfum okkur alls konar og gerum það af ást,“ segir Berglind og brosir sínu fallega og einlæga brosi.

Girnilegt grænmetislasagna að hætti Berglindar

Ólífuoía

Smjör

3 stk. laukar, skornir í þunnar sneiðar

1 msk. púðursykur

1 msk. timían + 1 tsk.

3 stk. kúrbítur (zucchini), skorinn í þunnar sneiðar langsum

6 stk. plómútómatar, skornir langsum

Lasagnaplötur

Spinat

1 poki rifinn mozzarellaostur

1 stór dós kotasæla, vökvi lítilla síaður frá og hrært út í 1-2 msk. rjómaost (ef vill)

½ bolli rifinn parmesanostur

Finrifinn börkur af einni sítrónu

½ búnt sóxuð steinselja

3 msk. smjör

1½ dl brauðmylsna, mæli með Panko

1 msk. dijonsinnep

8 msk. ólífuoía

Pestó (má kaupa tilbúið)

50 g basil, stíllkar fjarlægðir

2 hvítlausrif

3 msk. ólífuoía

3 msk. furuhnetur

3 msk. parmesanostur

Allt sett í blandara og blandað vel saman.

Látið tvær matskeiðar af oliu og eina matskeið af smjöri á stóra pönnu og hitið við lagan hita þar til smjórið hefur bráðnað. Bætið þá út í lauk, púðursykri og einni matskeið af timían og hitið á pönnunni í 20 mínútur eða þar til laukurinn er kominn með karmelluáferð. Hrærið reglulega í lauknum.

Hitið ofninn á 150°C. Blandið saman í stórri skál zucchini ásamt fjórum matskeiðum af oliu og salti. Raðið á bökunarplötu (gæti þurft tvær) og eldið í 20 mínútur eða þar til það er orðið mjúkt. Aukið þá hitann í 200°C og eldið í um 10 mínútur eða þar til zucchini er orðið gyllt.

Blandið kotasælu, parmesan, sítrónuberki, steinselju (nema 1 msk.) saman í skál og saltið og piprið.

Hitið pönnu og bræðið tvær matskeiðar af smjöri við meðalhita. Bætið einni teskeið af timían, einni matskeið af dijonsinnepi og einni matskeið af steinselju. Takið af hitanum og hrærið kröftuglega. Bætið brauðraspinu út í og blandið vel saman. Takið til hliðar.

Raðið nú hræfnunum saman í ofnfast mót:

- helmingur af lauknum í botninn
 - helmingur af zuchinisneiðum
 - helmingur af tómatsneiðum
 - látið pastaplötur yfir allt
 - pestó yfir pastaplötur
 - helmingur af kotasælublöndunni
 - spinat
 - helmingur af mozzarellaosti
- Endurtakið einu sinni enn í sömu röð og látið síðan brauðmylsnu yfir allt.

Hitið í 175°C heitum ofni í 20 mínútur með álpappír yfir forminu. Takið hann síðan af og eldið í aðrar 40 mínútur. Berið fram á fallegan hátt og njótið. ■

Hægt er að fylgjast matargerð Berglindar á vefsíðunni hennar grgs.is og á Instagram-reikningnum @gulurraudugraennogsalt

Kröftug & náttúruleg andoxunarbomba

Íslensk og járnrik krækiber & rauðrófuduft

Sannkölluð ofurfæða fyrir veturinn

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

andoxun

Íslensk krækiber & rauðrófuduft
Járnrik ofurfæða
60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

Nýtt Fæst í næsta apóteki, heilsuvörðslu og flestum stórvörumarkaðum.

YFIRHAFNIR FYRIR HAUSTIÐ

Stærðir 14-30 eða 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is eða komdu í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg
Opíð alla virka daga frá kl. 11-18
og laugardaga frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING
EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR
5000 KR. EÐA MEIRA

Parka úlpa
12.990 kr



Primaloft úlpa
14.990 kr



KAFFE Curve jakki
19.990 kr



Primaloft úlpa
18.990 kr



Teddy jakki
18.990 kr



Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Dásamlegir réttir fyrir matgæðinga

Æðislegar uppskriftir sem henta vel á þessum árstíma þegar kólnar í veðri. Þetta er franskur pottrettur sem einfalt er að gera og er einstaklega bragðgóður og bláberjabaka í eftirrét. Uppskriftirnar miðast við fjóra.

elin@frettabladid.is

Það er alltaf gaman að prófa nýja rétti. Þessi franskur kjúklingaréttur er einstaklega ljúffengur.

Franskur kjúklingaréttur

1,8 kg heill kjúklingur

2 msk. hveiti

Salt og pipar

250 ml riesling hvítvín (ekki mjög

sætt, má líka nota rauðvín)

2 skallottlaukar, skornir í fjóra

hluta

20 perlulaukar

2 msk. tómátþúrur

200 ml rjómi

16-20 kastaniusveppir

500 g kjúklinga- eða nautasoð

50 ml ólífuolía

Búnt af ferskri tarragon, smátt

skorið (sama og estragon eða

fáfnisgras)

25 g smjör

Skerið kjúklinginn í átta bita. Veltið lauslega upp úr hveiti. Saltið og piprið. Hitið olíu á stórrí, djúpri pönnu og steikið kjúklinginn á meðalhita og eldið á báðum hliðum í nokkrar mínútur eða



Bláberjabaka með vanilluis. Hvað er hægt að fá betra í eftirrét?

þangað til skinnið verður gullinbrúnt. Takið til hliðar.

Notið sömu pönnu áfram og steikið laukinn og sveppina. Setjið tómátþúrur saman við og síðan vínið. Látið suðuna koma upp og bætið síðan soðinu saman við. Þegar allt hefur blandast vel saman er rjómanum bætt við ásamt tarragonkryddinu og smjöri. Skiljið smávegis eftir til að nota sem skraut í lokin. Setjið kjúklinginn í sósuna og látið allt malla í 50 mínútur. Má líka setja í ofn.

Með réttinum er borin fram kartöflumús sem upplagt er að útbúa á meðan rétturinn mallar. Þegar rétturinn er borinn fram er hann skreyttur með tarragon.

Bláberjabaka

Hér er mjög góð uppskrift að bláberjaböku sem er dásamlegur eftirrétur.

Margir hafa verið í berjamó að undanfögnu og þess vegna ekki úr vegi að nota berin í svona sælkerabakstur. Það má auðvitað líka nota bláber úr frysti eða þau sem fást í verslunum.

Botninn

1 vanillustöng

Rifinn borkur af hálfri sítrónu

160 g hveiti

60 g sykurl

85 g smjör

1 egg



Franskur kjúklingaréttur sem einfalt er að gera. Einstaklega ljúffengur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fylling

1 egg

1 dl sykurl

1 dl rjómi

3 dl bláber

Punt

1 dl bláber

2 msk. sykurl

Kljúfið vanillustöngina í tvennt og skrapað út frá milli litlum hnif. Rífið sítrónubörkinn. Setjið borkinn og vanillufræin í matvinnsluvél áamt hveiti, sykri og smjöri og hnoðið. Bætið við egginu og hnoðið áfram. Pakkið deiginu inn í plastfilmu og geymið í ísskáp

í að minnsta kosti 20 mínútur. Fletjið deigið út á milli tveggja laga af bökunarpappír. Deigið á að vera 2-3 mm á þykkt. Smyrjið bökuform sem er 20 cm og klæðið það með deiginu. Skerið frá það sem fer út fyrir barmana. Pikkið deigið með gaffli og setjið í ísskáp í 10 mínútur. Hitið ofninn í 180°C. Bakið botninn í 10 mínútur. Kælið. Þeytið egg, sykurl og rjóma. Fyllið botninn með bláberjum og helli síðan blöndunni yfir. Bakið áfram í 25-30 mínútur við 180°C. Kælið.

Skreytið bökuna með bláberjum og dreifið smá sykri yfir. Vanilluis passar mjög vel með bökunni. ■

Elskum alla og þjónum öllum

Fish Partner var stofnað árið 2013 og einblindi aðallega á silungsveiði til að byrja með. Síðan hefur félagið þróast og innan þess er fluguveiðiakademía og fjölmennt veiðimannasamfélag með ýmsum fríðindum.

Kristján Páll Rafnsson stofnaði Fish Partner upphaflega sem smá hliðarverkefni samhliða annarri vinnu en félagið greip fljótt hug hans allan og er nú hans aðalstarfs.

„Upphaflega var fókusið á silungsveiði af því það var enginn að kynna hana á almennum markaði á þeim tíma. Ekki eins og við höfum gert,“ segir Kristján Páll.

„Félagið hefur gengið mjög vel og hefur vaxið og dafnað. Við erum búnir að taka í notkun fullt af óþekktum veiðisvæðum og höfum þannig skapað tekjur úr engu, sem er mjög jákvætt bæði fyrir okkur, landeigendur og veiðimenn.“

Kristján Páll segir að þrátt fyrir að þeirra áhersla sé á silungsveiði sé ekkert launungarmál að þeir hjá Fish Partner hafi verið að reyna að ná laxveiði.

„Við höfum tekið þátt í útboðum en ekki náð stórum bita. En við höfum farið nýjar leiðir og fetað í önnur fótspor en aðrir. Við höfum til dæmis stofnaði veiðimannasamfélagið Veiðifélagar. Það er bæði veiðiklúbbur, afsláttarklúbbur og félagsstarfssemi,“ segir hann.

„Meðlimir í Veiðifélögum fá frítt veiðileyfi í fjölda vatna og fá afslátt hér og þar, bæði af vörum frá Fish Partner og hjá samstarfsaðilum um allt land. Stefna Veiðifélaga er að verða stærstu veiðifélagasamtök á Íslandi. Ég tel okkur vera á góðri leið með að ná því.“

Vötnin sem Veiðifélagar veida frítt í á þessu ári eru eftirfarandi:

- Laxárvatn í Húnavatnssýslu
- Þórisstaðavatn



Silungsveiði hefur verið mjög góð í sumar og núna er sjóbirtingsveiðin á fullu skriði.

MYND/ADSEND

Það er um að gera að láta ferðagjöfina ekki renna út og nota hana til að kaupa gjafabréf hjá félaginu.

Kristján Páll Rafnsson.

VEIÐIFÉLAGAR
FISH PARTNER

- Geitabergsvatn og Eyrarvatn í Svínadal
- Vesturhópsvatn
- Langavatn á Héraði
- Blautulón
- Reykjavatn og Reyká
- Dómadalsvatn
- Herbjarnarfellsvatn
- Fellsendavatn og Blönduvatn.

Kristján Páll segir hægt að veiða á flestum þessum svæðum út september og hvetur Veiðifélaga til að nýta sér það.

„Það er líka um að gera að láta ferðagjöfina ekki renna út og nota hana til að kaupa gjafabréf hjá félaginu,“ segir hann.

Viðskiptamódel Fish Partner er

allt öðru vísi en hjá sambærilegum félögum að sögn Kristjáns Páls.

„Við erum með venjulega veiðileyfasölu, en við erum líka með Íslensku fluguveiðiakademíuna. Það er veiðiskóli þar sem við höfum boðið upp á innanhúss flugukastkennslu yfir vetrarmánuðina. Við höfum líka boðið upp á fluguhnýtinganámskeið fyrir byrjendur og lengra komna, námskeið í stangarsmíði, veiðiljósmyndum og alls konar fyrirlestra,“ segir hann.

„Við stefnum á að halda þessu áfram og styrkja og efla starfið. Námskeiðin hafa verið mjög vinsæl og það hefur verið uppselt í þau nánast öll.“

Góð silungsveiði í sumar

Kristján Páll segir að sumarið hafi gengið þrýðilega og orðið algjör viðsnúningur frá síðasta sumri þar sem veltan fór niður um alveg 50 prósent.

„Það var Covid-sumar og 50 prósent af okkar kúnum eru erlendir

veiðimenn, svo þetta sumar var ekkert auðvelt. En sumarið í ár hefur gengið vel,“ segir hann.

Þrátt fyrir að laxveiðisumarið hafi verið lélegt í heild sinni segir Kristján að það hafi ekki komið mikið niður á þeim þó að Fish Partner selji fullt af laxveiðileyfum í endursölu.

„Okkar kúnnar voru heilt á litið mjög ánægðir með sumarið af því það var alveg gríðarlega góð silungsveiði, alveg frá því tímabilið byrjaði og veiðin er enn góð. Núna er sjóbirtingsveiðin á fullu skriði og gengur vel svo heilt yfir litið var sumarið algjör negla fyrir okkur,“ segir hann.


Kristján segir að stefna félagsins í framtíðinni sé að byggja það áfram upp, stækka veiðiklúbbinn og fjölga veiðisvæðum, hérlandis og jafnvel erlendis.

„Það hefur alltaf verið stefna okkar að þjónusta alla. Við seljum ódýr veiðileyfi og dýr veiðileyfi og allt þar á milli. Við fáum fólk sem tjaldað uppi á heiði og veiðir í stöðuvötnum og svo fáum við menn sem koma á einkaþotum og ferðast um landið í þyrilum. Okkar hugmyndafræði er að elska alla og þjóna öllum. Við viljum að allir geti farið að veiða.“ ■

Stelpur og verknám

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 11. september 2021



Emilía Björt Gísladóttir er nemi í pípulögnum og nú á samningi hjá Veitum. Hún segir pípulagnir mjög hentugt kvennastarf og fjölbreyttasta starf sem hún hafi unnið um dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki sama skítavinnan og fólk heldur

Vesturbæingurinn Emilía Björt Gísladóttir er tveggja barna móðir um þrítugt. Hún starfaði sem flugfreyja og var í flugnámi þegar hún ákvað að taka u-beygju og hefja nám í pípulögnum, án þess að hafa nokkra þekkingu á faginu. **2**


„Þegar börnin voru orðin tvö fann ég sterka löngun til að vera meira heima og til staðar. Ég vildi geta farið með börnin að morgni í leikskóla og skóla, og borðað kvöldmat með fjölskyldunni, en vinnutíminn í fluginu býður ekki upp á slikt,“ segir Emilía Björt sem sýtir það ekki að hafa snúið baki við flugmannsdraumnum.

„Nei, því ég eignaðist óvænt nýjan draum í pípuögnunum. Ég á samt örugglega eftir að klára einkaflugmanninn og fljúga mér til gamans seinna meir.“

Emilía hafði líka reynt fyrir sér í viðskiptafræði í háskólanum en fann sig ekki í náminu.

„Ég hef hins vegar alltaf haft gaman af öllu verklegu, og fyrir hvatningu og með hjálp góðrar vinkonu sem er rafvirki fór ég að skoða hvaða verknám mér hugnaðist að læra. Þar hafði líka áhrif að við hjónin keyptum okkur íbúð sem við gerðum upp sjálf og því var mér hugleikið hvað fólk getur gert sjálft þegar kemur að iðnadarverkum heima. Mér fannst líka ótvíræður kostur að mennta mig í starfi sem væri traustur starfsvettvangur til framtíðar, því fólk mun án efa alltaf þurfa hjálp við þetta tvennt; rafmagn og vatn, og úr varð að ég ákvað að fara í píparann.“

Strax tekið fagnandi í karlaheimi Emilía Björt er nú á átján mánaða verknámssamningi hjá Veitum og hyggst ljúka náminu á fimm öðrum.



Emilía Björt hvetur stelpur til að læra pípuögnir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum þrjár kvensur í skólánum núna og hjá Veitum vinn ég með tveimur stelpum sem hafa lokið náminu. Þegar ég byrjaði í pípuögnunáminu hugsaði ég með mér að ég yrði í kannski eina konan á leið í þekkt karlastarf, en ég hef aldrei fundið fyrir því að vera í minnihluta innan um

strákana. Þvert á móti var mér strax tekið fagnandi og ég boðin velkomin í hópinn,“ greinir Emilía frá.

Hún kunni vart að halda á hamri þegar hún byrjaði í náminu.

„Það kom ekki að sök því þótt ég kynni ekkert til að byrja með ríkti strax skilningur á því að ég væri jú

að læra og allir voru fúsir að kenna mér réttu handtökin. Ég hef því aldrei fengið á tilfinninguna að ég ætti ekki heima í pípuögnunum heldur fannst mér námið strax eiga vel við mig.“

Klósettvinna er hreinleg

Emilía Björt hvetur stelpur og konur til að læra pípuögnir, enda sé mikill skortur á pípuögningarmönnum á Íslandi, yfirið nóg sé að gera og hægt að hafa mjög gott upp úr krafsum.

„Mörgum hrýs hugur við því að vinna við klósett og klósett-lagnir en það er nú minnsta mál og kom mér á óvart hversu hreinleg sú vinna er. Sjálf hafði ég séð mig fyrir mér bograndi yfir skitugum klósettum með svokallaðan

„plumber“ eða rasskoruna upp úr buxnastrængnum, en þetta er ekki sama skítavinnan og fólk heldur. Pípuögnir snúast um svo margt fleira og maður getur sérhæft sig í því sem manni þykir mest spennandi í faginu,“ segir Emilía.

Þessa dagana vinnur hún við stofnlagnir á vegum Veitna og nýtur þess í botn að leggja nýtt inntak í hús og standa í alls kyns viðgerðum á kalda vatninu utanhúss.

„Þetta er ótrúlega skemmtilegt starf og kostir þess svo margir.

Það er alls ekkert bara fyrir karla að vera píparar, heldur hentar það konum einmitt mjög vel.

Við þurfum ekki að vera sturlað sterkar til að vinna við pípuögnir

því með réttum verkfærum lærum við að nota þau við öll okkar verk. Þar að auki vinna oft tveir og tveir saman,“ upplýsir Emilía.

Hún undrast að fleiri konur leggi ekki pípuögnir fyrir sig.

„Þetta er nefnilega líka skapandi fínvinna þar sem við teiknum og leggjum lagnakerfi sem er eins og að dúlla sér við að þúsla legókubbum saman. Þá er skemmtileg þæling að setja upp lagnagrindur og oft lítið pláss til að koma lögnum fyrir í húsum og þá kemur sér vel að vera nettur og komast alls staðar fyrir,“ segir Emilía.

Að námi loknu, og þegar hún hefur safnað sér meiri starfsreynslu í faginu, á Emilía Björt sér draum um að stofna sitt eigið pípuögningafyrirtæki.

„Það hentar konum með börn að vera í slíkum rekstri því þá geta þær stjórnað tíma sínum betur en í öðrum störfum en samt verið með góð laun. Skemmtilegast finnst mér þegar allt gengur upp og ég sé afrakstur verksins. Til dæmis þegar ég er búin að setja saman fallega grind og hleypa vatninu aftur á, og það lekur ekki lengur og allt virkar betur en áður. Verkefni pípara eru svo margvísleg og mér finnst líka gaman að grafa holur til að finna lagnir, eða snitta rör og sjóða saman í rólegheitum og yfir góðri tónlist á verkstæðinu. Það er sannarlega í mörg horn að líta hjá píparanum og þetta er fjölbreyttasta starf sem ég hef unnið.“ ■

Mögulega smámunasöm á eigin verk

Halla Kjartansdóttir, sveitastúlka úr Flóanum, ákvað upphaflega að læra til múrara til að spara sér stórfé á múrverksvinnu heima. Hún segir æfinguna skapa meistarann í múrið eins og öðru.

„Það hvarflaði fyrst að mér að verða múrari þegar ég sá hvað ég þyrfti að láta gera mikið múrverk fyrir húsið mitt. Þegar ég fór að reikna dæmið til enda sá ég í hendi mér að ég hefði aldrei efni á því nema að læra hreinlega til múrara sjálf,“ segir Halla sem nú er nemi á samningi í múraraíðun.

Halla er sveitastúlka úr Flóanum og hafði lokið háskólagráðu í náttúrufræði við Landbúnaðarháskóla Íslands áður en hún vatt kvæði sínu í kross og ákvað að gerast múrari.

„Eftir á að hyggja hefði ég átt að sleppa háskólanum og fara beint í múraranum, en ég fattaði ekki þá að það hentaði mér. Það vantar líka fagfólk í flestar iðngreinar og ef fólk ætlar sér að byggja hús eða eignast húsnæði einhvern tímann á ævinni, myndi ég alltaf mæla með námi í húsasmiði, múrverki, pípuögnum eða rafvirkjun því það er hægt að gera svo margt sjálfur ef maður kann grunnatriðin.“

Frábært starf fyrir konur

Halla lærði bókleg og verkleg fög í múraranáminu við Tækniskólann á Skólavörðuholtinu og er nú á samningi hjá múrarmeistara á Selfossi.

„Eftir að ég byrjaði í náminu var ég strax komin í ýmis verkefni við múrverk, aðallega við að flísleggja og múra kanta, tröppur og steypuvinnu. Það virðist enginn skortur á verkefnum fyrir múrara og alltaf þörf fyrir góða múrara,“ segir Halla sem hefur líka nýtt námið við múrverkefni heima í Flóanum.

„Þegar ég var búin að kynna efniviðnum og verkfærunum, og



Mæðgurnar Halla og Brynhildur Katrín Franzdóttir í tröppum sem Halla er nýbúin að múra.

MYND/GUÐNÝ EIRIKSDÓTTIR

verklaginu við starfið, lék þetta ágætlega í höndunum á mér. Ég hafði aldrei komið nálægt múrverki áður svo það var ótalmargt að læra en þetta kom fljótt og gekk vel,“ segir Halla.

Henni finnst alltaf gaman í múr-vinnunni.

„Já, þetta skemmtilegt starf og algjörlega frábært fyrir konur, bæði fjölbreytt vinna og hægt að velja um verkefni sem hæfa áhugasviði manns. Maður þarf heldur ekkert frekar að fara í ræktina því vinna múraranum er líkamleg og gerir mann hraustan. Það eru þó engin rosaleg átök og ætti alls ekki að vaxa konum í augum þótt stöku sinnum þurfi að roga með 25 kílóa sements-

poka. Maður lærir fljótt réttu vinnubrögðin í faginu og að beita líkamanum rétt, en það hjálpar auðvitað að vera alin upp í sveit við hey- og skitmokstur,“ segir Halla og hlær.

Alls ekki groddaralegt starf

Halla múraði nýlega tröppur hjá vinkonu sinni í sveitinni.

„Það er óneitanlega gaman að kunna á þessu tókin og geta farið í múrverk með fagkunnáttu. Maður lærir enda mest á því að vinna við fagið, þótt maður læri líka fullt í skólanum, svosem að tileinka sér efnisnotkun og vinnubrögð, aðferðir og verkfæri til að nota við mismunandi verkefni.“

Múraran fást við hvers kyns

steypuvinnu og múrverk, járna-bindingu, steypu- og múrviðgerðir, flotur og flísalagningu.

„Margir gera sér í hugarlund að múrverk sé groddaralegt starf og auðvitað eru verk þar sem maður þarf að nota kraftana, en það er margt annað sem starfið snýst um. Ég hvet því konur til að fara í múraranám og iðngreinar almennt, ekki síður en karla, því verknám er svo ótrúlega praktískt.“

Með Höllu í múranáminu eru að minnsta kosti tvær konur til og hún þekkir tvær í viðbót sem vinna sem fagmenn í múrverki.

„Meirihluti múrara eru karlar en þeir taka mjög vel á móti á konum í sína stétt og eru afar hjálplegir við að kenna þeim réttu handtökin við

Maður þarf heldur ekkert að fara í ræktina því vinna múraranum er líkamleg og gerir mann hraustan. Það eru þó engin rosaleg átök en það hjálpar auðvitað að vera alin upp í sveit við hey- og skitmokstur.

Halla Kjartansdóttir

verkin. Það hef ég margoft reynt og notið frábærrar leiðsagnar við fyrstu skrefin í ýmsu sem ég hef unnið.“

Það erfiðasta við múrverkið segir Halla að vilja helst hafa eigin verk óaðfinnanleg.

„Ég vil gera hlutina mjög vel og faglega og mér finnst þínu erfitt ef það tekst ekki 150 prósent. Mögulega er ég of smámunasöm á eigin verk. Í þessu eins og öðru þarf auðvitað að byrja einhvers staðar, öðlast reynslu og góða færni. Það er ekki hægt að ætlast til sömu útkomu hjá þeim sem eru að læra fagið og þeim sem hafa unnið við það árum saman. Því á það alltaf við að æfingin skapar meistaran.“ ■



Margrét Halldóra Arnarsdóttir, formaður Félags íslenskra rafvirkja og Lilja Sæm, formaður Félags hársnyrtisveina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Því miður hefur Tækniskólinn þurft að vísa frá nemendum sem hafa sótt um nám í iðngreinum, sem er afar slæmt.

Lilja Sæm

færi til að lyfta þungum hlutum, sem karlarnir njóta líka góðs af. Það er líka nauðsynlegt að fá önnur viðhorf inn í greinarnar til að þær þróist.

Meiri kraft í iðnmenntun

„Við höfum séð rosalega fjölgun í vinsælustu iðngreinunum eins og smiðnum, rafvirkjum og hárgreiðslu, en þróunin hefur verið hægar í greinum sem almenningur þekkir síður, eins og dúkalögn, stálsmíði og öðru,“ segir Margrét. „Það er samt enn langt í land, af um 5.500 rafvirkjum frá upphafi hafa kannski um 30-40 verið konur. En þeim fer fjölgandi.“

„Samhliða þessari auknu aðsókn hefur líka komið upp nýtt vandamál. Því miður hefur Tækniskólinn þurft að vísa frá nemendum sem hafa sótt um nám í iðngreinum, sem er afar slæmt,“ segir Lilja. „Menntamálaráðherra hefur talað fyrir öðru, en okkur vantar að aðgerðir fylgi orðum og það verði raunveruleg fjölgun á plássum fyrir þessa nemendur. Það skiptir máli að það séu pláss fyrir alla og að menntunin sem býðst sé í virkilega háum gæðaflokki, því við viljum öll njóta afrakstursins af góðri vinnu og kröfuharðir viðskiptavinir vita hvað er gott.“

Við verðum að líta iðnmenntun sömu augum og bóknám og gera okkur grein fyrir að það þarf gríðarlega færni til að vinna með höndunum og það er alls ekki öllum gefið að verða góðir handverksmenn,“ segir Lilja.

„Við viljum gera iðnnám vinsælla, en ef fólk ætlar að halda áfram að hunsa það út af gömlum mýtum verður erfitt að fjölga í þessum greinum,“ segir Margrét að lokum. ■

Á Stórhöfði 29 og 31 er Hús fagfélaganna, þar sem fagfélögin vinna saman undir einu þaki. Áhugasamir geta leitað þangað til að fá nánari upplýsingar um iðnnám og verkalýðsfélög iðngreina.

Sameina afl fagfélaga undir einu þaki

Fjöldi verkalýðsfélaga í iðngreinum er byrjaður að vinna saman að sameiginlegum hagsmunum sínum. Þau vilja kynna iðnnám betur og fá aukinn kraft í það, ásamt því að brjóta upp gamlar stereótýpur og jafna kynjahlutföllin í hefðbundnum karla- og kvenna-greinum.

Verkalýðsfélögin hafa sameinað krafta sína til að vinna að sameiginlegum hagsmunum sínum undir einu þaki. Um er að ræða Rafiðnaðarsambandið, Félag iðn- og tæknigreina, Félag vélstjóra- og málmteknimanna, Matvís, Samband iðnfélaga og öll undirfélög þeirra, en þetta er töluverður fjöldi félaga.

„Hugmyndin er að auka sam-

starf og styrkja ímynd iðnfélaganna,“ segir Margrét Halldóra Arnarsdóttir, formaður Félags íslenskra rafvirkja. „Við eigum ýmislegt sameiginlegt og í stað þess að vera hvert í sínu horninu að vinna að sömu markmiðum ákvæðum við að starfa meira sem heild. Við erum meðal annars að vinna saman að kjarasamningamálum og ýmiss konar kynningarstarfi til að kynna greinarnar betur og reyna að auka umræðu um iðnað og menntun sem snýr að honum, sem okkur finnst skorta.“

Vilja brjóta upp stereótýpunar
„Nánast allar greinarnar sem um ræðir eru löggiltar iðngreinar og þó að þær séu í eðli sínu ólíkar fylgja þær sömu lögum og reglugerðum. Þetta samstarf gefur okkur tækifæri til að setja

aukinn kraft í menntamálin og aðra hliðarþætti sem hafa áhrif á greinarnar,“ segir Lilja Sæm, formaður Félags hársnyrtisveina.

„Svo er Margrét formaður félags sem er sögulega mjög karllægt og meðlimir allt að 98 prósent karlar, á meðan mitt félag er sögulega mjög kvenlægt og meðlimir yfirleitt um 90 prósent konur. Við eigum það því sameiginlegt að vilja fá jafnari kynjahlutföll í okkar félög,“ segir Lilja. „Sem betur fer sjáum við ungar stelpur þora svo sannarlega og þær hafa verið að skila sér í hefðbundnar karlagreinar, enda geta þær allt.“

„Við viljum gera það venjulegt að fólk af öllum kynjum sinni störfum sem áður voru bara karla- eða kvennastörf. Við viljum sýna góða fyrirmynd, að það sé í góðu lagi að leggja þessar greinar

fyrir sig og hvetja hin kynin til að stíga skrefið og taka þátt í þessari þróun,“ segir Margrét. „Ungar stelpur hafa gott af því að sjá fyrirmyndir í þessum greinum til að gera sér grein fyrir því að þetta er möguleg leið til starfsframa. Það er líka mikilvægt að fólk skilji að þetta eru bara venjulegar stelpur, eins ólíkar og þær eru margar, þú þarft ekki að vera nein stereótýpa til að læra iðngrein.“

Við höfum líka séð að þar sem konur hafa komið inn á hefðbundna karlavinnustaði tala karlarnir um að viðhorfin breytist. Þeim finnst þægilegt og sjálfsagt að vinna með konum og segja að oft verði andrúmsloftið afslappaðra.

Konur biðja líka oft um hluti sem eru nauðsynlegir fyrir okkur, eins og almennilega klósettaðstöðu, hreina kaffistofu og verk-

Styðjum við bakið á iðnnámi



HÚSFAGFÉLAGANNA

Miklu fjölbreyttara starf en margur heldur

Starf kjötiðnaðarmeistara er mun fjölbreyttara en flestir halda. Rakel Þorgilsdóttir hefur undanfarin ár starfað sem slíkur hjá Kjarnafæði á Akureyri og kann afar vel við sig í starfinu.

Rakel Þorgilsdóttir hefur starfað um nokkurra ára skeið sem kjötiðnaðarmeistari hjá Kjarnafæði á Akureyri og kann afar vel við sig í starfinu sem hún segir mun fjölbreyttara og skemmtilegra en margir ímynda sér. Hún útskrifaðist af ferðamálafræðibraut frá Menntaskólanum á Akureyri árið 2013 og stefndi á þeim árum í aðra átt í lífinu. „Ég starfaði á menntaskólaárunum hjá Kjarnafæði og fann mig vel í starfinu. Að menntaskóla loknum fann ég að bóknám átti ekki sérlega vel við mig og þá leitaði hugurinn aftur til Kjarnafæðis. Ég hóf því nám í kjötiðnaði árið 2015 og útskrifaðist sem kjötiðnaðarmaður árið 2017 frá Menntaskólanum í Kópavogi. Ári síðar bætti ég meistaranáminu við og kláraði Meistaraskólann í fjarnámi við Verkmenntaskólann á Akureyri.“

Rakel er fædd og uppalin á Svalbarðseyri í Eyjafjarðarsveit. „Ég og kærasti minn Adam Örn eignuðumst strák fyrir þremur mánuðum og því er ég í fæðingarorlofi um þessar mundir. Fyrir átti hann sjö ára Alexöndru Yrju sem ég er svo heppin að eiga smá part í.“

Utan þess að starfa sem kjötiðnaðarmeistari liggur áhugi Rakelar í mótörhjólum og bílum en hún hefur keppt í götuspyrnu síðustu ár.

Hugað að nýtingunni

Til að gerast kjötiðnaðarmaður þarf að komast á námssamning í kjötvinnslu eða hjá kjötiðnaðarfyrirtæki. „Þar þarf að vera til staðar meistari með leyfi til töku nemenda sem leiðbeinir nemum í gegnum verklega hluta námsins. Unnið er samhlíða náminu og passað er upp á að verklegu og bóklegu hlutarnir haldist í hendur svo nemarnir nái betri skilning á námsefninu.“

Bóklegi hluti námsins felst í hefðbundnum grunni sem finna má í flestum námsleiðum hér á landi, til dæmis íslensku, stærðfræði og ensku. „Svo eru kennd fög eins og örverufræði, næringarfræði, kjötiðnaði, öryggismál og fleira tengt greininni. Í verklega hlutanum er allt mögulegt lært en grunnurinn þar er kenning á að saga niður og hluta kjötskrokka, úrbeina lamb, svín, naut, hross og aðrar kjötafurdur eftir ákveðnum stöðlum og huga að nýtingu á hverju og einu stykki.“

Verklegi hlutinn skemmtilegur

Í verklegu kennslunni læra nemendur einnig að vinna úr ýmsu hráefni, svo sem að hræra í pylsur, paté, kæfu, fars, slátur og álegg. „Við lærum einnig að salta, súrsa, krydda, sjóða, grafa og reykja kjöt. Allt eru þetta mikilvægar leiðir til að vinna hráefnið.“

Hún segir allt sem kennt er í verklega hlutanum vera sérstaklega skemmtilegt. „Þetta er svo fjölbreytt, allt frá því að úrbeina kjöt, hræra í pylsur og paté og salta og reykja kjöt. Það sem var kannski síst skemmtilegt var að lesa yfir reglugerðir og skoða aukefnalista, en það eru efni sem hafa meðal annars áhrif á geymsluþol, lit, bragð eða aðra eiginleika matvæla.“

Fjölbreytt verkefni

Enginn dagur er eins í lífi kjötiðnaðarmannsins, segir Rakel, og verkefnið eru ansi fjölbreytt.



Enginn dagur er eins í vinnunni hjá Rakel Þorgilsdóttur kjötiðnaðarmeistara.

MYNDIR/ADSENDAR



„Dagurinn byrjar á því að mæta snemma til vinnu og skoða plön dagsins. Þar kemur meðal annars fram hvaða pantanir þurfa að fara úr húsi samdægurs og hvað vantar inn á lager. Út frá þessum upplýsingum er dagurinn skipulagður. Þannig er ég ýmist að grófurbeina í pantanir eða vinna hráefnið niður í nánast tilbúna vörur fyrir hótél, veitingastaði eða verslanir. Það þarf meðal annars að skera

steikur, krydda, búa til fyllingar og fleira.“

Hún segir marga hafa ranghugmyndir um starf hennar. „Flestir sem heyra hvað ég starfa við halda að ég standi og skeri kjöt allan daginn. En þetta er svo mikið meira en það. Starfið er svo fjölbreytt og ég fæ ýmis verkefni svo maður er aldrei fastur á sama stað of lengi.“

Og talandi um fjölbreytileikann í starfinu þá segir hún að árið

skiptist í nokkur tímabil. „Árið byrjar á súrmat, næst á eftir er það saltkjötið fyrir sprengidaginn. Síðan eru það páskasteikurnar og því næst kemur grillsumarið sem er mjög stórt og langt tímabil miðað við hvernig veðrið hefur leikið við okkur. Sláturtíðin er svo stórt tímabil hjá okkur og að lokum er það jólaundirbúningurinn þar sem reykt kjöt er vinsælast.“



Rakel er ánægð í starfi sínu hjá Kjarnafæði á Akureyri.



Í frístundum sínum keppir Rakel í götuspyrnu.

Rakel með nýlega fæddum syni. Kærasti hennar á síðan sjö ára stelpu sem Rakel segist vera heppin að eiga smá í.

Starfið er svo fjölbreytt og ég fæ ýmis verkefni svo maður er aldrei fastur á sama stað of lengi.

Rakel Þorgilsdóttir

Hlakkar til að mæta aftur

Hún er ánægð í starfi og eru engar róttækar breytingar fram undan í lífi hennar. „Staðan núna er að klára fæðingarorlofið og fara aftur til vinnu. Það verður gaman að sjá hvort breytingar hafi átt sér stað þegar ég mæti aftur til vinnu þar sem Kjarnafæði og Norðlenska eru að sameinast og líklega verða einhverjar breytingar á vinnustöðunum í kjölfarið.“ ■

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Tæknifræðingur



Háfell ehf. leitar að öflugum og metnaðarfullum tæknifræðingi til starfa.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Mælingar, útsetningar og magntaka
- Tilboðsgerð
- Ýmis önnur tæknivinna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tæknifræði
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Þekking og reynsla af vinnslu með trimble mælitæki og þrívíð módel
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð og metnaður í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **20. september 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi sem nýtist í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Háfell ehf. er alhliða jarðvegsverktaki. Helstu verkefni hafi falist í gatnagerð, vegagerð og jarðgangagerð auk annarrar jarðvegsvinnu af öllum stærðargráðum bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá Háfelli starfa 24 starfsmenn, samhentur hópur á öllum aldri með metnað til að skila góðu verki. Innan fyrirtækisins er virkt starfsmannafélag.

Nánari upplýsingar um Háfell má finna á www.hafell.is.

Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

thor ice

Viltu hafa áhrif...

... og hjálpa okkur að gera umhverfið betra?

Thor Ice Chilling Solutions ehf. er tæknifyrirtæki sem hefur þróað einstakar tæknilausnir sem kæla matvæli, fækka skaðlegum örverum, minnka sóun, auka nýtingu og draga úr vatns- og rafmagnsnotkun við matvælaframleiðslu. Búnaðurinn er þegar kominn í notkun.

Nú viljum við bæta við drifandi stjórnendum í teymið sem hafa áhuga á að taka þátt í vexti fyrirtækisins.

Framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála (VP Sales & Marketing)

Við óskum eftir að ráða hugmyndaríkan og söludrífinn einstakling til að leiða sölu- og markaðsmál fyrirtækisins. Viðkomandi mun móta og innleiða sölu- og markaðsstefnu fyrirtækisins, byggja upp öflugt söluteymi, stýra uppbyggingu alþjóðlegs sölunets ásamt því að stýra sölu og samningagerð fyrirtækisins.

Framkvæmdastjóri rekstrar (VP Operations)

Við leitum að reynslumiklum einstaklingi til að stýra daglegum rekstri og fjármálum fyrirtækisins á Íslandi. Viðkomandi mun auk þess stýra þjónustu- og starfsmannamálum fyrirtækisins ásamt því að byggja upp framleiðslu fyrirtækisins erlendis.

Nánari upplýsingar um störfina má finna á www.intellecta.is. Umsóknarfrestur er til og með **27. september 2021**. Umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni og uppruna, eru hvattir til að sækja um starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Einar Þór Bjarnason (einar@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Sérfræðingur - Orkuviðskiptahópur



RARIK ohf. óskar eftir að ráða sérfræðing inn í orkuviðskiptahóp upplýsingatæknideildar. Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að vinna að rekstri og þróun á orkuviðskiptakerfi innan Dynamics Ax. Um fullt starf er að ræða og er starfsstöðin í Reykjavík.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Þátttaka í daglegum rekstri og þróun orkuviðskiptakerfis
- Aðstoð við úrlausn mála þvert á starfsemi Rarik, s.s. varðandi notendabjónustu, greiningar og úrvinnslu, ferlavinnu o.fl.
- Samskipti og upplýsingagjöf til ytri aðila og starfsmanna RARIK

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskipta- eða tölvunarfræði
- Þekking og reynsla á sviði viðskipta og/eða upplýsingatækni
- Þekking og áhugi á viðskiptagreind (BI) er æskileg
- Jákvæðni, lipurð í samskiptum og góðir samstarfshæfileikar
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

RARIK ohf. er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku. Starfsfólk RARIK eru um 200 og starfsstöðvar 20.

RARIK gefur út um það bil 600.000 orkureikninga á ári. Því fylgir þjónusta, úrvinnsla og eftirfylgni. Raforkumarkaðurinn á Íslandi er í örri þróun sem kallar á nýjar lausnir. RARIK vinnur að stafrænum lausnum tengdum orkuviðskiptum, en í því felast tækifæri til starfsframa og þekkingaruppbyggingu.

Nánari upplýsingar á www.rarik.is.

Umsóknarfrestur er til og með **27. september 2021**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Eignastýring

Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um 26 þúsund lífeyrisþega, 52 þúsund greiðandi sjóðfélaga og yfir 246 þúsund einstaklingar eiga réttindi hjá sjóðnum. Eignir sjóðsins um síðustu áramót námu um 764 milljörðum króna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingardeild og séreignardeild. Hjá sjóðnum starfa 40 starfsmenn.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Gildi-lífeyrissjóður leitar eftir sérfræðingi til starfa í eignastýringu sjóðsins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu á fjármálamarkaði. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri greiningarhæfni, metnaði og vilja til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni. Næsti yfirmaður er forstöðumaður eignastýringar.

Starfssvið:

- Uppbygging og utnumhald eignasafna sjóðsins.
- Greining markaða og fjárfestingakosta innanlands sem utan.
- Arðsemis- og áhættumat.
- Fjárfestingar og eftirfylgni þeirra.
- Upplýsinga- og skýrslugjöf.
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila á fjármálamarkaði.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði.
- Próf í verðbréfavíðskiptum er kostur.
- Góð greiningarhæfni og geta til að setja fram niðurstöður með skipulögðum hætti
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymi.
- Góð íslensku og enskukunnátta í ræðu og riti.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna. Gildi hefur sett sér stefnu í starfsmanna- og jafnlaunamálum og hefur hlotið jafnlaunavottun.

Umsóknarfrestur er til og með 14. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Fjármálastjóri

Bingvangur er öflugur byggingaraðili á Íslandi og hefur fyrirtækið verið í stöðugum vexti frá stofnun árið 2006. Eigandi Bingvangs, stjórnarmenn og lykilstjórnendur búa allir yfir áratuga reynslu úr verktaðnaði. Félagið hefur m.a. byggt hótél, skrifstofuhúsnæði, íbúðarhúsnæði, sumarhús, iðnaðarbyggingar, nautabú og verslunarkjarna. Bingvangur rekur eigið gæðakerfi með vottun frá Frumherja, eigin rafmagns- og véladeild, ásamt því að flytja inn helstu aðföng til að tryggja gæði, framboð og verð. Þjóðum upp á samstarf með fyrirtækjum af öllum stærðum og tókum þátt í völdum útboðsverkefnum. Hjá Bingvangi starfa um 100 manns, auk fjölda undirverktaka.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

Umsjón með starfinu hefur Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Bingvangur leitar að metnaðarfullum og skilvirkum einstaklingi í starf fjármálastjóra. Um er að ræða fjölbreytt starf er lýtur að fjármálum og rekstri fyrirtækisins.

Viðkomandi gefst tækifæri til að þróa og innleiða nýja ferla sem bæta vinnulag og upplýsingagjöf. Starfið krefst mikilla samskipta við stjórnendur og hagaðila.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dagleg umsjón með fjármálum fyrirtækisins, dótturfélaga og tengdra félaga.
- Mánaðarleg uppgjör félagsins ásamt dótturfélögum þess.
- Umsjón með gerð fjármáalegra stjórnendaupplýsinga.
- Líkana-, áætlana- og skýrslugerð.
- Eftirfylgni áætlana.
- Umsjón með gerð ársreikninga og skilum á gögnum til endurskoðanda.
- Samskipti við fjármálastofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða rekstrar. Meistarapróf æskilegt.
- 3-5 ára reynsla af sambærilegu starfi.
- Reynsla og þekking á áætlanagerð og uppgjörum
- Reynsla af greiningarvinnu og framsetningu fjármálaupplýsinga.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af umbótaverkefnum og sjálfvirknivæðingu.
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi.
- Hæfni í miðlun tölfraðilegra upplýsinga.

Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Gætir þú breytt heiminum með þekkingu þinni á próteintækni?

Stjórnandi próteintækni hjá ORF Líftækni

Við leitum að hæfileikaríkum sérfræðingi til að leiða próteintæknideild ORF Líftækni.

ORF Líftækni er leiðandi fyrirtæki á sviði framleiðslu frumuvaka (growth factors) í plöntum.

Frumuvakar ORF Líftækni eru meðal annars nýttir í BIOEFFECT húðvörulínu félagsins og seldir til rannsókna á lífvísindasviði. Nýjasta þróunarverkefni ORF Líftækni er framleiðsla á dýrafrumuvökum fyrir stofnfrumuræktað kjöt. Við trúum því að stofnfrumuræktað kjöt sé ný og gríðarlega spennandi atvinnugrein sem muni færa ORF Líftækni ný tækifæri.

Við leitum að yfirmanni próteintæknideildar með áherslu á þróun hreinsiferla fyrir frumuvaka. Starfið felur í sér áframhaldandi þróun afkastamikilla aðferða í útdrætti og hreinsun próteina fyrir þessi spennandi verkefni. Starfið felur jafnframt í sér að sinna öðrum viðfangsefnum á sviði próteinlífefnafræði.

Við leitum að lausnarmiðuðum og sveigjanlegum sérfræðingi með stjórnunarreynslu.

Menntun og reynsla

- Ph.D. á sviði próteinlífefnafræði
- Reynsla á aðferðum próteinhreinsunar og þróun hreinsiferla er nauðsynleg
- Reynsla á sviði almennrar próteingreiningar
- Reynsla af AKTA tækjum og UNICORN
- Reynsla af HPLC
- Reynsla af síunaraðferðum og próteinútdrætti
- Reynsla af Design of Experiments (DoE) er kostur
- Reynsla við að vinna sjálfstætt og að stýra teymi

Skrifstofur, rannsóknarstofa og framleiðsla ORF Líftækni er í Kópavogi auk þess sem félagið rekur eigið gróðurhús í Grindavík.

■ **Umsóknarfrestur er til og með 26. september og skal fylla út umsókn á vef vinnvinn.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni.**

■ **Umsjón með starfinu hafa:**
Hilmar Garðar Hjaltason, hilmar@vinnvinn.is
Hildur Jóna Ragnarsdóttir, hildur@vinnvinn.is

SMIÐIR



Vegna aukinna verkefna óska Púsund fjalir ehf. eftir að ráða til sín smiði.

Fyrirtækið er í fjölbreyttum verkefnum og þjónustar tryggingafélög, sveitarfélög, verkfræðistofur og fasteignafélög. Púsund fjalir ehf. hefur verið starfrækt í rúm tuttugu ár við gott orðspor og hjá fyrirtækinu starfar samhent teymi iðnaðarmanna - píparar, smiðir, múrarar og málarar.

Leitað er að traustum og jákvæðum aðilum sem eru lausnamiðaðir og hafa áhuga á að vinna saman í teymisvinnu, þar sem metnaður og góður starfsandi ríkir.

HELSTU VERKEFNI:

- Almenn- og sérhæfð smíðavinna
- Viðhald- og nýsmíði

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Húsasmiður - sveinn/meistari
- Drifkraftur og áhugi á verkefnavinnu
- Mjög góð samskiptafærni

Frá árinu 2000 hafa Púsund Fjalir ehf. unnið markvisst að þróun og umbótum á viðbrögðum við vatnstjónum og í kjölfarið forvörnum þar af lútandi. Fyrirtækið hefur innleitt margskonar nýjungar í tækjakosti til að meðhöndla vatnstjón og rekur fyrirtækið neyðarþjónustu sem fyrirtæki, ríki og sveitarfélög hafa nýtt sér.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Púsund Fjala ehf. www.vatnstjon.is.

Fyrirspurnir sendist á radum@radum.is eða agla@radum.is.

ráðum
ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk.

Sótt er um störfín á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • radum@radum.is

SÖLURÁÐGJAFI

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í vinnustaðalausnum óskar eftir söluráðgjafa til starfa.

Fyrirtækið er með höfuðstöðvar á Stór-Reykjavíkursvæðinu en er með starfsemi um land allt. Leitað er að traustum og áreiðanlegum starfsmanni sem hefur reynslu af sölu á fyrirtækjamarkaði, er árangursdrifinn og vill vinna í góðu teymi starfsmanna.


HELSTU VERKEFNI:

- Kynning og sala á þjónustu og lausnum til nýrra og núverandi viðskiptavina
- Parfaggreining verkefna og þróun sölutækifæra
- Tilboðs- og samningagerð
- Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af sölu eða viðskiptastýringu á fyrirtækjamarkaði
- Brennandi áhugi á sölu og þjónustu
- Mjög góð færni í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður
- Góð tölvufærni

Fyrirspurnir sendist á radum@radum.is eða agla@radum.is.



ráðum
ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk.

Sótt er um störfín á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • radum@radum.is



Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðgjöf og ráðningum. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Orkubú Vestfjarða ohf. býr að áratuga reynslu við virkjun vatnsafls og jarðhita og dreifingu og sölu raforku. Fyrirtækið á og rekur orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið var stofnað þann 26. ágúst 1977 og var þá sameignarfélag sveitarfélaga á Vestfjörðum og ríkisins. Fyrirtækið hóf formlega starfsemi þann 1. janúar 1978. Orkubú Vestfjarða ohf. var stofnað á grundvelli laga sem samþykkt voru á Alþingi 2001.

Frá árinu 2002 hefur Orkubú Vestfjarða ohf. verið að fullu í eigu ríkisins.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Orkubú Vestfjarða ohf. óskar eftir að ráða starfsmann í stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf og stýrir viðkomandi fjármálasviði fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á daglegri fjármála- og skrifstofustjórn.
- Umsjón með gerð og framsetningu fjármálaeigra stjórnendaupplýsinga.
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlana.
- Árshlutauppgjör og gerð ársreiknings.
- Samningagerð.
- Ábyrgð á gagnaskilum vegna rekstrar.
- Samskipti við fjármálastofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta og rekstrar, meistaraþróf er æskilegt.
- Haldgóð reynsla af fjármálastjórn.
- Reynsla og þekking af gerð árs- og/eða árshlutauppgjóra og reikningshaldi.
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Reynsla af greiningarvinnu og framsetningu fjármálaupplýsinga.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og fagmennska.
- Góð tölvufærni og kunnátta er skilyrði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Gæðastjóri framleiðslu

Marel leitar að öflugum aðila til að leiða gæðastýringu við framleiðslustöð fyrirtækisins á Íslandi. Um er að ræða starf gæðastjóra (e. Quality Manager). Starfið krefst þess að viðkomandi sé drifandi, skipulagður, þrautseigur og brenni fyrir gæðamálum.

Starfssvið:

- Umsjón gæðamála í framleiðslu
- Stuðla að stöðugum umbótum í framleiðslu Marel um alla aðfangakeðjuna
- Kortlagning ferla og vinnulýsinga
- Uppbygging, þróun og viðhald á frábrigðaskráningakerfi
- Samskipti við birgja vegna frávika
- Leiða rótargreiningar og innleiðingu fyrirbyggjandi aðgerða
- Leiða innri og ytri úttektir
- Stefnumótandi verkefni tengd gæðamálum

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Umfangsmikil reynsla af gæðastýringu
- Að lágmarki 3-5 ára starfsreynsla úr sambærilegu starfi
- Reynsla af ISO 9001:2015 og innri og ytri úttektum
- Þekking á framleiðsluferlum
- Reynsla af notkun Lean aðferða er kostur
- Afburða skipulags- og samskiptahæfni
- Geta til að vinna sjálfstætt sem og í teymi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og geta til að miðla efni í ræðu og riti á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Halldórsdóttir, hildur.halldorsdottir@marel.com.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september 2021. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Marel, marel.is/störf

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með um 6.800 starfsmenn, þar af um 700 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkar öflugt fólk, sem hefur áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Við bjóðum upp á góða vinnuáðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, glæsilegan matsal, framúrskarandi íþróttáðstöðu og gott félagslíf.

marel

FORSTÖÐUMAÐUR ÓSKAST Á HEIMILI FATLAÐRA EINSTAKLINGA Í GARÐABÆ

Fjölskyldusvið Garðabæjar óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman forstöðumann á heimili tveggja ungra einstaklinga með þroskafrávik.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í þroskaþjálfarafræði eða í annarri háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri skilyrði
- Reynsla af starfi með fötluðum einstaklingum skilyrði
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði
- Gott líkamlegt og andlegt atgervi

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ber ábyrgð á daglegum rekstri heimilisins
- Gerð launa-, fjárhags- og rekstraráætlana
- Stýrir faglegu starfi og þróar innra starf heimilisins
- Sér um starfsmannamál og skipulag vakta

Umsóknarfrestur er til og með 19. september 2021.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjörtfríður St. Guðlaugsdóttir í síma 525 8500 eða með því að senda tölvupóst á hjortfridurgu@gardabaer.is

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa hjá SÁÁ

Sjúkrahúsið Vogur óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Um er að ræða þrískiptar vaktir og unnið aðra til þriðju hverja helgi.

Kjör fara eftir kjarasamningi SFV og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsókn þarf að fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af starfsleyfi.

Öllum umsóknum verður svarað.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Hjúkrun sjúklinga í afeitrun
- Þátttaka í teymisvinnu ásamt sjúkraliðum, áfengis- vímuefnaráðgjöfum, sálfræðingum og læknum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Réttindi til að starfa sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi
- Áhugi á hjúkrun áfengis- og vímuefnasjúklinga
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð
- Kjör fara eftir kjarasamningi SFV og
- Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita

Þóra Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar SÁÁ í síma 530-7600 eða tölvupósti thora@saa.is

Óskar Marinó Sigurðsson, mannauðsstjóri SÁÁ í síma 530-7600 eða tölvupósti oskar@saa.is

Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2021

Greið leið – til frama

Við ráðum í 100 stöður

rapyd.is/starf

Rapyd





Blómstrar þú í skapandi umhverfi og brennur þú fyrir því að gera heiminn að betri stað?

Við leitum að mannlegum ofurhettjum til að skipa i-teymi stafrænnar vegferðar Reykjavíkurborgar en verkefninu er ætlað er að hraða stafrænni umbreytingu í þjónustu hins opinbera. I-teymið beitir skapandi aðferðum svo nýta megi stafrænar lausnir enn frekar til að bæta þjónustu og þar með líf og lífsgæði borgarbúa. Tækni og kerfi spila þar stórt hlutverk, ekki síður en fólk og ferlar. Um er að ræða ný störf, fjármögnuð af Bloomberg Philanthropies undir flaggi „Build back better“, til tveggja eða þriggja ára með möguleika á framlengingu. Verkefnið er unnið í samstarfi við svið, skrifstofur og stofnanir Reykjavíkurborgar sem og Amsterdam í Hollandi, San Francisco og Washington í Bandaríkjunum og Mexíkóborg í Mexíkó og Bogotá í Kólumbíu.

Ef þú ert öflugur, lausnamiðaður og framsýnn einstaklingur sem hefur að bera góða skipulagshæfni, sýnir sjálfstæði og frumkvæði í starfi, ert afburða góður í samskiptum og að mynda tengsl þvert á skipulagsheildir, þá ert þú réttur maður, kona eða kvár í i-teymið.

Þjónustuleiðtogi (100% starfshlutfall)

Þjónustuleiðtogi eflir faglegt starf þjónustuhönnunar innan borgarkerfisins. Hann styður við og tryggir samhæfingu í þjónustuhönnun milli ólíkra einstaklinga og teyma sem vinna við stafræna vörubrúun, og stuðlar að farsælum innkaupum og innleiðingu á hugbúnaði í öðrum stafrænum verkefnum. Þjónustuleiðtogi samræmir samstarf við svið og stofnanir Reykjavíkurborgar um framkvæmd þjónustu og þróun hennar.

Helstu verkefni:

- Þróar og innleiðir ramma og tól til hagnýtingar þjónustuhönnunar þvert yfir svið borgarinnar.
- Leiðir fræðslu og þekkingarmiðlum um þjónustuhönnun innan borgarinnar.
- Er verkefna- og vörustjórnun, framleiðsluteymum, hönnuðum og öðrum til ráðgjafar.
- Vinnur náið með UXteyminu við notenda rannsóknir og hönnun á notendaupplifun og ferli.
- Vinnur náið með myndskreyti við nálganir á föngun þjónustuhönnunar í myndskreytingu.

Atferlishagfræðingur / Framtíðarfræðingur (100% starfshlutfall)

Viðkomandi styður við viðskiptaþróun og stefnumótandi hugsun í i-teyminu, hann freistar þess að brjóta til mergjar hvað það er sem hefur áhrif á og mótar hegðun fólks til framtíðar, samþættir innsýn í atferli einstaklinga við vörubrúun og hönnun á viðmóti í stafrænni vegferð, og hefur forgöngu um tilraunir með nýstárlegar lausnir til að leysa áskoranir í þjónustuveitingu.

Helstu verkefni:

- Innleiðir ramma og tól til hagnýtingar atferlisfræða og skyldra fræða í stafrænni vegferð.
- Gerir teymum kleift að nýta sér viðeigandi upplýsingar í allri forritunar- og þjónustuhönnun.
- Hannar og framkvæmir tilraunir og dregur saman helstu niðurstöður.
- Greinir stór gagnasöfn og gerir úr þeim upplýsingar til ákvarðanatöku við þróun lausna.
- Vinnur náið með UXteyminu við notenda rannsóknir til að hanna notendaupplifun og ferli.

Samskiptaséni (100% starfshlutfall)

Hlutverk sérfræðings í markaðssamskiptum er að smíða áætlarnir í markaðs- og kynningarmálum fyrir stafræna vegferð. Hann vinnur að útfærslu, samræmingu og framkvæmd markaðsaðgerða þvert yfir sviðið á forsendum samþykkrar mörkunar. Hann miðlar sögu og áhrifum stafrænnar þjónustuumbreytingar til starfsfólks borgarinnar, íbúa og fyrirtækja á þann hátt að tilgangur hennar sé skýr og að hún stuðli að jákvæðri upplifun.

Helstu verkefni:

- Treystir stafræna mörkun borgarinnar með stefnumiðaðri áætlunargerð.
- Eflir slagkraft í markaðssamskiptum með ráðgjöf og þjónustu í markaðs- og kynningarmálum.
- Tryggir að markaðstarf á vegum sviðsins styðjist við nýjustu og öflugustu miðlunarleiðirnar.
- Hefur umsjón með framleiðslu á efni í tengslum við markaðsaðgerðir og birtingar á miðlum.
- Hefur umsjón með skipulagning ráðstefna, viðburða og opinna funda sviðsins.

Myndskreytir (50% starfshlutfall)

Myndskreytir hefur það hlutverk að þróa áhrifaríkan og heildrænan myndheim fyrir Hönnu, hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar sem gerir alla stafræna umbreytingu fallegru, skýrari og mannlegri og styrkir alla notendaupplifun. Myndskreytir framleiðir myndefni fyrir ólík viðmót, einn og í samsköpun, auk þess að skrá sköpunarferlið sjálft frá upphafi til lokaafurðar.

Helstu verkefni:

- Þróar skýra ásýnd og teiknar upp fjölbreyttan myndheim hönnunarkerfisins Hönnu.
- Framleiðir myndskreytingar fyrir viðmóts- og útlitshönnun stafrænna vara, fyrir markaðsstarf og samskipti og annað sem við á.
- Heimildateiknunar- og notendarannsóknir til hagnýtingar í efnisgerð.
- Skráning og framsetning á sköpunarferli og myndskreyttum afurðum stafrænnar vegferðar.

Gagnasérfræðingur (100% starfshlutfall)

Gagnasérfræðingur þróar leiðir til að meta arðsemi og framvindu stafrænnar umbreytingar m.a. með birtingu lykiltalna á mælaborðum. Hann styður við gagnadrifna ákvörðunartöku í verkefnum i-teymisins og stafrænni umbreytingu í þeim tilgangi að bæta þjónustupplifun borgarbúa og fyrirtækja. Gagnasérfræðingur finnur leiðir til að skapa virði úr gögnum borgarinnar og tekur þátt í þróun gagnahugbúnaðar, tölfæðis- og gervigreindarlíkana.

Helstu verkefni:

- Útfærsla á birtingu arðsemi og skýrslugjöf því tengt.
- Forritun og viðhald á gagnavinnsluferlum.
- Greining og vinnsla, myndræn framsetning og miðlun gagna og greininga.
- Þróun og viðhald á viðskiptagreindarskýrslum og rekstur tölfæðilíkana.
- Ráðgjöf varðandi gagnavinnslu og gagnagreiningu.

Ef þú vilt vinna á faglegum og skemmtilegum vinnustað þar sem helsti hvatinn er nýsköpun, umbætur á þjónustu fyrir borgarbúa og fyrirtæki og krefjandi viðfangsefni þá er Þjónustu- og nýsköpunarsvið borgarinnar rétti staðurinn fyrir þig.

Umsóknarfrestur er til 26. september 2021. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, þó ekki seinna en í lok nóvember. Nánari upplýsingar um störfin er að finna á umsóknarvef Reykjavíkurborgar.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

SKAPANDI SAMFÉLAG

Á FRÆÐASVIÐI LISTA

DEILDARFORSETI Í KVIKMYNDALIST

Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi með sterka listræna sýn í stöðu deildarforseta í kvikmyndalist. Deildarforseti ber ábyrgð á listrænni og akademískri stefnumótun fagsviðsins og útfærslu hennar í námi, kennslu og rannsóknum í samstarfi við sviðsforseta og rektor. Hann leiðir faglegt samtal deildarinnar, sinnir starfsmannahaldi, málefnum nemenda og almennri starfsemi deildar.

Starfshlutfall er 100%.
Umsóknarfrestur er 26. september.

VERKEFNASTJÓRI KENNSLU

Leitað er eftir skipulögðum og kraftmiklum aðila í starf verkefnastjóra kennslu á sviði akademískrar þróunar. Verkefnastjóri kennslu mun vera leiðandi í þróun á kennslustuðningi, ráðgjöf og þjálfun.

Starfshlutfall er 100%.
Umsóknarfrestur er 19. september.

Nánari upplýsingar um störfín, hæfiskröfur og umsóknargögn er að finna á lhi.is/laus-storf

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Smiður

eða 2 samhentir óskast í límitrés verkefni.

Anton byggingarfélag
santon@nyborg.is

LANGAR ÞIG
AÐ VINNA MEÐ
FRAMTÍÐ LANDSINS?

Leikskólinn Grandaborg óskar eftir fólki til starfa

Í Grandaborg starfar kraftmikill og samhentur hópur sem vantar starfsmann í liðið

Skólinn er staðsettur við sjávarsíðuna í Vesturbæ Reykjavíkur sem nýtist vel til útináms.

Einkunnarorð okkar er;
Vinátta - Samkennd - Virðing

 Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

 Procura

Ert þú fasteignasali framtíðarinnar?

Vegna aukinna umsvifa leitar Procura að löggiltum fasteignasala til að leiða fasteignasölu fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af fasteignasölu, afburðar greiningarhæfni og þjónustulund. Vönduð framkoma, jákvæðni og frjó hugsun eru eiginleikar sem viðkomandi þarf að búa yfir.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á rekstri fasteignasölu
- Verðmat og skoðun eigna
- Gagnaöflun og skráning eigna í sölukerfi
- Fagleg ráðgjöf til viðskiptavina
- Umsjón með kaupendaráðgjöf
- Umsjón og vottun á skjalagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Löggilding fasteignasala
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Aðrir þættir sem nýtast vel í starfi:

- Reynsla af fasteignasölu
- Góð greiningarhæfni, reynsla af verðmati og skoðun eigna
- Hæfni í textasmíð og geta til að skrifa lýsandi texta
- Framúrskarandi samskiptahæfni, rík þjónustulund og vönduð framkoma
- Faglegt frumkvæði, umbótasinnuð hugsun og framþróun


Við hjá Procura erum leiðandi í upplýsingamiðlun á fasteignamarkaði og höfum náð þeirri einstöku stöðu að lang flestir kaupendur og seljendur heimsækja vefsvæði okkar áður en ráðist er í kaup og sölu á fasteign. Höfuðstöðvar Procura eru í fjárfæðingaskólinum Grósku, samfélagi hugmynda og sköpunar.

Við bjóðum samkeppnishæf, föst laun og öryggi í starfi ásamt rétt á virkum eignarhlut í ört vaxandi fyrirtæki. Við bjóðum næg verkefni og einstakt tækifæri til að vera máttarstólpi í teymi sem hefur unun af því að hreyfa við stöðnuðu ástandi og prófa nýjar leiðir.

Allar nánari upplýsingar finnur þú á intellecta.is. Umsóknarfrestur er til og með **21. september 2021**. Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast send inn á heimasíðu Intellecta. Farið verður með allar umsóknir sem **trúnaðarmál** og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veitir Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

[intellecta](https://intellecta.is)



ISKRAFT

Sviðsstjóri iðnstýringa- og nemabúnaðar

Ískraft leitar að öflugum leiðtoga í starf sviðsstjóra iðnstýringa- og nemabúnaðar. Sviðsstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á þjónustu, sölu og faglegri ráðgjöf til viðskiptavina. Hann ber einnig ábyrgð á innflutningi og birgðastýringu og samskiptum við birgja.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni í skemmtilegu starfsumhverfi þar sem reynir á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og gott skipulag. Lögð er rík áhersla á jákvæð samskipti og samvinnu ásamt því að viðkomandi falli vel að góðri liðsheild fyrirtækisins. Eftirsóknarvert er að fá til liðs við okkur þá sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina og hafa jákvætt hugarfar.

Ískraft er rafiðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur 4 starfsstöðvar, í Kópavogi, Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ.

» Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sviðsstjóri ber ábyrgð á sölu, ráðgjöf og innflutningi á iðnstýri- og nemabúnaði
- Samskipti við erlenda birgja
- Tilboðsgerð
- Innflutningur og birgðastýring
- Önnur tilfallandi verkefni

» Hæfniskröfur:

- Verkfræðingur/tæknifræðingur/iðnfræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á iðnstýringum og nemabúnaði skilyrði
- Reynsla af sölu, ráðgjöf og vörustýringu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Forritunarkunnátta á PLC/HMI og skjástýrikerfum er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, jákvæðni og heiðarleiki í starfi
- Góð íslensku og ensku kunnátta



Sótt er um á ráðningarvef okkar á www.iskraft.is/um-okkur/ ískraft/laus-storf/ Nánari upplýsingar veitir Brynjar Stefánsson, framkvæmdastjóri Ískraft, brynjar@iskraft.is Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Hvetjum alla áhugasama til að sækja um óháð kyni. Umsóknarfrestur til 26. september 2021.

Framkvæmdastjóri Eignastýringar og miðlunar

Landsbankinn leitar að öflugum og framsýnum einstaklingi sem vill ganga til liðs við kraftmikinn hóp starfsfólks bankans. Við viljum liðsfélaga sem hefur brennandi áhuga á að móta nýja tíma í fjármálaþjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga, þar sem ánægðir viðskiptavinir, stöðug framför og árangur skipta máli.

Eignastýring og miðlun býður upp á heildstæða fjárfestingarþjónustu, m.a. eignastýringu, einkabankaþjónustu, miðlun verðbréfa, gjaldeyris og afleiðna. Stefna okkar er að veita faglega og trausta þjónustu með sjónarmið um ábyrgar fjárfestingar að leiðarljósi.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á vinnvinn.is

Umsjón með ráðningarferlinu hafa Hilmar G. Hjaltason, hilmar@vinnvinn.is og Auður Bjarnadóttir, audur@vinnvinn.is. Umsóknir óskast útfylltar á vinnvinn.is. Umsóknarfrestur er til og með **18. september**.



BIFVÉLAVIRKJAR

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja með reynslu af bílaviðgerðum til starfa á verkstæði Suzuki bíla h/f. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafið störf sem allra fyrst.

Áhugasamir sendið tölvupóst með ferilskrá á gylfi@suzuki.is fyrir 20. sept.

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja með reynslu af bíla, utanborðsmótora- og mótórhjóra viðgerðum til starfa á verkstæði Suzuki bíla h/f.

Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafið störf sem allra fyrst.

Áhugasamir sendið tölvupóst með ferilskrá á gylfi@suzuki.is fyrir 20. sept.



Suzuki bílar • Skeifunni 17
• 108 Reykjavík • 568 5100



Yfirmaður þjónustusviðs/þjónustuliði

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða yfirmann þjónustusviðs/þjónustuliða. Starfið felur í sér verkstjórn og skipulag vegna almennra þrifa á rýmum skólans, verknáms-húsi og skólalóð. Hér er um dagleg þrif að ræða og umhirðu skólans. Viðkomandi aðstoðar einnig í matsal nemenda sem og á skrifstofu og/eða á bókasafni í forföllum.

Yfirmaður þjónustuliða er tengiliður við stjórnendur. Hann er í samskiptum við nemendur og starfsfólk og leiðbeinir nemendum varðandi umgengni.

Áríðandi er að viðkomandi búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum, hafi ríka þjónustulund og jákvæða framkomu. Viðkomandi þarf að búa yfir drifkrafti og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem undir starfið falla. Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

Menntaskólinn í Kópavogi er frábær vinnustaður, þar er starfsandi góður og aðstaða til fyrirmyndar.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðu-neytis.


Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000.

Sótt er um starfið á starfatorg.is eða með því að senda ferilskrá og umsókn á netfangið mk@mk.is.

Umsóknarfrestur er til og með 17. september.

Skólameistari

Sérfræðingur í öryggis- og fræðsludeild



Samgöngustofa leitar að öflugum einstaklingi í stöðu sérfræðings hjá öryggis- og fræðsludeild á stjórnarsýslu- og þróunarsviði.

Helstu verkefni eru skráning sjóslysna og atvika í samevrópskan gagnagrunn auk þátttöku í greiningu og túlkun gagna um sjóslys. Einnig þátttaka í forvarna- og fræðsluverkefnum sem miða að því að breyta hegðun og viðhorfum og auka þannig öryggi í samgöngum, með sérstakri áherslu á öryggi til sjós. Felur það í sér gerð efnis, þ.e. hugmyndavinnu, textagerð, uppsetningu og skipulag, sem og dreifingu þess, bæði til almennings og afmarkaðra hópa.

Við leitum að einstaklingi sem á auðvelt með að vinna með öðrum í fjölbreyttum verkefnum. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, gott skipulag og nákvæmni, jákvætt og opið hugarfar og góða færni í framsetningu og stafrænni miðlun. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Gerð er krafa um BA/BS gráðu.
- Reynsla af fræðslu eða kennslu er kostur.
- Reynsla af forvarnarstarfi eða stafrænni miðlun er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til að koma fram og tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tölvufærni, m.a. við úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Þekking og áhugi á siglingum og sjómennsku er kostur.
- Frumkvæði, skipulag og nákvæmni.
- Jákvæðni og góð færni í mannlegum samskiptum.



Umsóknarfrestur er til 20. sept. 2021

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á samgongustofa.is/storf

Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á samgongustofa.is

Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Við hvetjum öll kyn til að sækja um.



Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa



Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa frá 1. október 2021. Undraland er þriggja deilda leikskóli á Flúðum. Við skólann stunda tæplega 50 börn nám.

Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Menntun:

Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða annari tilskilinni menntun. Ef ekki berast umsóknir frá lkennurum sem uppfylla hæfniskröfur er heimilt að ráða leiðbeinendur í stöðuna.

Hæfni:

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að:

Búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Mikilvægur þáttur í starfi leikskólans er jákvæðni og umburðarlyndi.

Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánu samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Launakjör:

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara. Við hvetjum fólk af hvaða kyni sem er, til að sækja um hjá okkur.

Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu skólans og en einnig er hægt að senda umsókn með ferilskrá og upplýsingar um styrkleika umsækjanda á netfangið ingveldur@undraland.is.

Umsóknarfrestur er til 28. september 2021

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 7686600 eða í tölvupósti ingveldur@undraland.is

Við hlökkum til þess að heyra frá áhugasömum barnagælum!



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Vilt þú vera í þessum hópi?



Berglind Rán Ólafsdóttir
framkvæmdastýra
Orku náttúrunnar



Hildigunnur Thorsteinsson
framkvæmdastýra
rannsókna og nýsköpunar



Skúli Skúlason
framkvæmdastjóri
þjónustu



Edda Sif Pind Aradóttir
framkvæmdastýra Carbfix



Sólrún Kristjánsdóttir
framkvæmdastýra
mannauðs og menningar



Erling Freyr Guðmundsson
framkvæmdastjóri
Ljósleiðarans



Bjarni Bjarnason
forstjóri OR



Gestur Pétursson
framkvæmdastjóri Veitna



Framkvæmdastjóri/stýra fjármála

Við leitum að framsýnum einstaklingi með yfirgripsmikla fjármálareynslu sem býr yfir frumkvæði, umhyggju og umbótavilja. Framkvæmdastjóri/stýra fjármála OR hefur forystu um stefnumótun í fjármálum og leiðir sterkan hóp fagfólks sem hefur það markmið að auka lífsgæði og skapa virði fyrir samfélagið.

Velta 2020	um 50 milljarðar króna
Árleg endurskoðuð fjárhagsuppgjör	9
Græn fjármögnun 2020	68% , stefnt að 100%
Kolefnisspor	42,8 ktn , stefnt að 0 árið 2030
Eiginfjárhlutfall	um 50%
Heildareignir OR	395 milljarðar króna


Nánari upplýsingar um starfið eru á starf.or.is.

Upplýsingar veita Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála, bjarni.freyr.bjarnason@or.is, og Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra mannauðs og menningar, solrun.kristjansdottir@or.is.

Umsóknarfrestur er **til og með 4. október 2021**.

Hönnuður raforkumannvirkja

Við leitum að öflugum byggingarverkfræðingi í raforkuteymið okkar.



Menntunar og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í byggingarverkfræði
- Reynsla af mannvirkjahönnun
- Reynsla af hönnun raforkuflutningsmannvirkja er kostur
- Þekking á helstu forritum sem tengjast hönnun raforkuflutningsmannvirkja er kostur
- Gott vald á einu norðurlandtungumáli er kostur
- Samskipta- og skipulagshæfileikar, leiðtogaþæfileikar, metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Norconsult ehf. er dótturfyrirtæki norska ráðgjafafyrirtækisins Norconsult AS sem er stærsta verkfræðifyrirtæki Noregs með um 5.000 starfsmenn víðs vegar um heiminn þar sem verkefni spanna frá skipulagi innviða til verkfræði og arkitektúrs. Á Íslandi vinna starfsmenn Norconsult að spennandi verkefnum bæði innanlands og utan. Meðal verkefna eru hönnun raforkuflutningsmannvirkja, stýritækni og kerfisgreiningar og höfum við unnið verkefni í fjölda landa í fjórum heimsálfum.

Frábært tækifæri til að starfa hjá fyrirtæki á alþjóðlegum vettvangi við úrlausn samfélagslega mikilvægra verkefna.



Nánari upplýsingar um starfið veitir: Þorgeir Hólm Ólafsson í síma 820 5914 eða tölvupósti: thorgeir.holm.olafsson@norconsult.com

Umsóknir sendist á: birna.eggertsdottir@norconsult.com

Umsóknarfrestur er til 18. október 2021.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Norconsult

Fasteignasali óskast!

Heimili fasteignasala óskar eftir að ráða fasteignasala til starfa.

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir góðri sölutækni, á auðvelt með að vinna sjálfstætt og býr yfir góðum hæfileikum í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta starfað skipulega með öðrum og veitt ábyrga þjónustu í starfi sínu.

Mjög spennandi verkefni framundan á næstu mánuðum.

Umsækjendur þurfa að vera löggiltir fasteignasalar, eða vera í námi til löggiltingar.

Umsóknnum skal skila til Finnþoga Hilmarssonar, fasteignasala, á finnbogi@heimili.is sem jafnframt veitir allar frekari upplýsingar.



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



LANGAR ÞIG
AÐ VINNA MEÐ
FRAMTÍÐ LANDSINS?

Leikskólinn
Vesturborg óskar eftir
aðstoðarleikskólustjóra
til starfa

Leikskólinn er staðsettur í Vesturbæ Reykjavíkur

Okkar styrkleikar eru frjáls leikur, sköpun og sjálfsefning og samstarf við nærumhverfið, t.d. Grund, KR og sundlaug Vesturbæjar

Einkunnarorð okkar er;
Vinátta - Virðing



Reykjavíkurborg
Skóla- og fristundasvið

Vinnumálastofnun

Ráðgjafi á Norðurlandi-vestra



Vinnumálastofnun óskar eftir að ráða ráðgjafa á þjónustuskrifstofuna á Norðurlandi-vestra. Ráðgjafi þjónustar atvinnuleitendur og atvinnurekendur með það að markmiði að vinna gegn atvinnuleysi. Í starfi sínu þarf ráðgjafi að geta beitt fjölbreyttum aðferðum og myndað tengsl við ólíka aðila til að vinna að hagsmunum atvinnuleitenda og atvinnulífs.

Herdis Valb. Hölldóttir
Lögræðingur og löggiltur fasteignasali
694 6166



Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
895 9120



Ólafur H. Guðgeirsson
MBA rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
663 2508



Gunnar Helgi Einarsson
Löggiltur fasteignasali
615 6181



Kári Sighvatsson
Lögræðingur og löggiltur fasteignasali
899 8815



Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
867 0968



Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
824 3934



Elvar Árni Lund
Löggiltur fasteignasali
693 3518




Jenny Sandra Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri
588 9090



María Guðrún Waltersdóttir
Ritari
588 9090



Ásdís Hrönn Júlíusdóttir
Ritari
588 9090



heimili
fasteignasala
á traustum grunni



Anna Laufey Sigurðardóttir
löggtur fasteignasali

Hjallasel 51 109 Reykjavík



Opið hús nk. sunnudag 12. september frá kl.17.00 til 17.30

Rúmgott og vel skipulagt parhús á einni hæð við Hjallasel, stærð 69,1 fm. Byggingarár 1985. Björt stofa með aukinni lofthæð með útgengi út á hellulagða verönd til suðurs. Afar hentug eign fyrir 60 ára og eldri. Í Seljahlíð er hægt að kaupa hádegismat alla daga vikunnar. Í félagsmiðstöðinni er fjölbreytt félagsstarf í boði.

Nánari upplýsingar veitir Anna Laufey lgfs.

Áhugasamir vinsamlegast bókið skoðun hjá anna@heimili.is eða í síma 696-5055

Grensásvegur 3 • 108 Reykjavík • Sími 530 6500



EIGNAMIDLUN

OPIÐ HÚS
13. sept 17:00-17:30



Bræðraborgarstígur 7 101 Reykjavík

Fjölbýlishús ↔ 107,4 fm 🏠 3 herb.

69.900.000



Kári Sighvatsson
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

EIGNAMIDLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

TIL SÖLU



Hafnarskeið 6, Þorlákshöfn

Um er að ræða 3.824 fm atvinnuhúsnæði á þremur hæðum sem hýsti áður fiskvinnslu. Enginn rekstur er í húsnæðinu í dag. Húsið virðist vera í ágætu ástandi. Gott rafmagn og vatn er í húsinu. Búið er að skipta um járn á hluta þaks. Gott port fylgir húsinu, aðkoma að húsinu er á þrjá vegu og því auðvelt að skipta húsinu upp og koma fyrir nokkrum rekstraraðilum. Húsið liggur við hafnarbakkann á 6.410 fm lóð. Um er að ræða góða staðsetningu við höfnina sem getur nýst fyrir ýmsa starfsemi.

Mikil uppbygging hefur verið á svæðinu og kemur til með að aukast verulega næstu árin.

Verð: 250 millj.



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggtur fasteignasali
864 5465
gudlaugur@eignamidlun.is



Hafðís Fasteignasali 820 2222 | Sigurður Fasteignasali 898 6106 | Dórothea Fasteignasali 898 3326 | Þorsteinn Fasteignasali 694 4700 | Jóhanna Kristín Fasteignasali 837 8889 | Sigríður Rut Fasteignasali 699 4610 | Berglind Fasteignasali 694 4000 | Jón Gunnar Fasteignasali 848 7099 | Helgi Fasteignasali 780 2700 | Hrónn Fasteignasali 692 3344 | Hólmgeir Lögmaður 520 9595 | Þóra Fasteignasali 822 2225 | Þorgeir Fasteignasali 696 6580 | Hafliði Fasteignasali 846 4960 | Ragnar Fasteignasali 844 6516 | Darri Örn Fasteignasali 767 0000 | Elka Fasteignasali 863 8813 | Rebekka Fasteignasali 776 8624

Stuðlaskarð 1-7 221 Hafnarfirði

NÝTT Í SÖLU



Herbergi: 3-4 | Stærð: 90,4-97,3 m²

Verð frá: 59.500.000 - 62.800.000

OPIÐ HÚS mán. 13. sept. kl. 17.00-17:30

GLÆSILEGAR 3-4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR MEÐ SÉRINNGANGI Í FJÓRBÝLISHÚSI VIÐ STUÐLASKARÐ 1-7 Í HAFNARFIRÐI.

Fallegar innréttingar frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðin skilast með flísum á gólfi á baði, anddyri og þvottaherbergi frá Álfaborg. Aukin lofthæð er í aðalryminu á 2.hæð og innfelld lýsing. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar. Frábær staðsetning við nýja vegtengingu við hverfið. Stutt er í Skarðshlíðarskóla. Traustur byggingaraðili Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.



Sigga Rut
fasteignasali
gsm: 699 4610

Bólstaðarhlíð 56 105 Reykjavík 64.900.000



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 14. sept. kl. 17:30-18:00

Herbergi: 5 Stærð: 142,2 m²

Falleg og mikið endurnýjuð 5. herb. endaíbúð á 1.hæð ásamt bílskúr við Bólstaðarhlíð 56. Um er að ræða eign sem er skráð skv f.m.r 142,2 fm og skiptist þannig að íbúðin sjálf er 114,8 fm sér geymsla í kjallara er 5,9 fm og bílskúr 21,5 fm. Tvennar svalir eru á íbúðinni. Íbúðin var mjög mikið endurnýjuð fyrir 2 árum síðan m.a innréttingar, heimilistæki, gólfefni og innihurðar. Allir gluggar voru endurnýjaðir 2017 og nýlega var hús og þak málað að utan. Falleg íbúð á eftirsóttum stað.

Upplýsingar veitir Hafðís fasteignasali í gsm: 820 2222

Hlynsalir 5-7 201 Kópavogur 54.900.000



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 14. sept. kl. 17.30 - 18.00

Herbergi: 3 Stærð: 90,8 m²

Vel skipulögð og falleg þriggja herbergja útsýnisíbúð á fjórðu og efstu hæð við Hlynsalir 5-7 í Kópavogi ásamt stæði í bilageymslu. Sérinngangur af svölum. Frábær staðsetning innst í botnlanga. Lyfta er í húsinu. Rúmgóðar og skjólsælar svalir. Fallegt útsýni.

Upplýsingar veitir Elka fasteignasali í gsm: 863 8813

Furugrund 3 200 Kópavogur 56.900.000



HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 820-2222

Herbergi: 2 Stærð: 83,7 m²

Glæsileg fullbúin ný og vönduð íbúð með sérinngangi og verönd á þessum eftirsóttu og rötróna stað við náttúruparadisina Fossvogsdalinn Kópavogsmegin. Falleg innrétting frá Axis, harðplankparket og flísar frá Agli Arnasyni, AEG eldhústæki og innbyggður ísskápur með frysti og uppþvottavél fylgir með.

Upplýsingar veitir Hafðís fasteignasali í gsm: 820 2222

Langamýri 18 210 Garðabær 45.900.000



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 14. sept. kl. 17:30-18:00

Herbergi: 2 Stærð: 71,6 m²

Falleg þriggja herbergja íbúð á annari hæð við Lögnumýri 18 í Garðabæ. Eignin er skráð 71,6 fm skv. fasteignayfirliti en til viðbótar er 4 fm óskráð geymsla og er eignin því samtals um 76 fm. Eignin skiptist í anddyri, tvö herbergi, setustofu/boðstofu, eldhús, baðherbergi með þvottaástöðu, geymslu í kjallara og 11,5 fm svalir til vesturs.

Uppl. veitir Darri aðst.maður fasteignasala í gsm: 767 0000

Grettisgata 32 101 Reykjavík 59.900.000



OPIÐ HÚS fimmtudaginn 16 sept. kl. 17:30-18:00

Herbergi: 3 Stærð: 100,4 m²

Gullfalleg og vel skipulögð 100,4fm þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð með suðursvölum. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, boðstofu, eldhús, tvö herbergi, baðherbergi og geymsla. Sam.þvottahús í sameign.

Upplýsingar veitir Helgi fasteignasali í gsm: 780 2700

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggjafir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5855



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 775 6000



Ómar Hvanndal
hdl. & aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200



Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339



Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Íris Anna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jónunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 645 6958



Þóroddur S. Skapta
lögg. fasteignasali
Sími: 869 4508



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 776 7272



Óskar H. Bjarnason
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931



Kjartan Í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392



Þórhallur Blering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232



Friðrik P. Stefáns
hdl. & aðst. fasteignasali
Sími: 616 1313



Friðjón Ó. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312



Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929



Ragnheiður Péturs
hdl. og löggjafir
fasteignasali



Hagamelur 10

107 Reykjavík

Glæsileg 204 fm hæð og bílskúr við Hagamel

- Stórar fallegar stofur
- 4 svefnherbergi, tvö á miðhæð og tvö í kjallara
- 2 baðherbergi
- Bílskúr með rafmagni og vatni

Verð: **136 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



PANTID SKOÐUN
hjá Jasoni í síma 775 1515



NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
mánudaginn 13. sept.
milli kl. 17.00 - 18.00

Tröllaborgir 7

112 Reykjavík

Fallegt 2 hæða 167 fm endaraðhús

- 4 svefnherbergi
- 2 baðherbergi
- Bílskúr
- Stór sólpallur til suður með heitum potti



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
sími: 778 7272
axe@miklaborg.is

Verð: **94,9 millj.**



NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
sunnudaginn 12. sept.
milli kl. 12.30 - 13.00

Grandahvarf 2b

203 Kópavogur

149,4 fm útsýnisíbúð, með sér inngangi og bílskúr

- Falleg og björt þrjú herbergja endaíbúð á fyrstu hæð í litlu fjölbýli
- 2 svefnherbergi



Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is



Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og lögg. fasteignasali
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Verð: **82,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
í síma 775 1515 eða 770 0500

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Hrísrimi 9

112 Reykjavík

Falleg 4ra herbergja
123 fm íbúð

- Skiptist í stofu, opið eldhús, hol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi sem er jafnframt þvottaherbergi
- Bílageymsla
- Sérgeymsla í sameign.
- Nýlegur sólpallur
- Góð staðsetning mjög stutt er í skóla, leikskóla, íþróttasvæði Fjölins, verslanir og aðra þjónustu

Verð: 58 millj.

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Elínu í síma 899 3090

Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Nönnubrunnur 1

113 Reykjavík

Glæsileg 75 fm íbúð
í litlu fjölbýli í Úlfarsárdal

- Sérsmíðaðar innréttingar
- Anddyri, svefnherbergi, baðherbergi, eldhúsi, stofu, borðstofu, þvottahúsi innan íbúðar og geymslu
- Um 30 fm suður svalir út frá stofu

Verð: 52,9 millj.

TILBÚIN TIL
AFHENDINGAR



OPÍÐ
HÚS

mánudaginn
13. september
kl. 12.00 - 12.30

Mosagata 15

210 Garðabær

117 fm 4 herbergja
íbúð á besta stað
í Urriðaholti

- Alrými með eldhúsi, borðstofu og stofu
- Þrjú svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, (eða baðkari) sér þvottahúsi og svólum.
- Bílastæði í kjallara.

Verð: 69,9 millj.

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Elínu í síma 899 3090

Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Hjallabraut 33

220 Hafnarfjörður

Björt, vel skipulögð og
nýlega innréttuð þriggja
herbergja íbúð á 1. hæð

- 79,2 fm auk geymslu í kjallara
- 2 svefnherbergi
- Yfirbyggðar svalir til vesturs
- Mikil og góð þjónusta í húsinu
- Góð sameign, m.a. mótuneyti, hárgreiðsla og tómsundur.
- Vinsælt fjölbýli ætlað 60 ára og eldri
- Húsvörður er í húsinu.

Verð: 53 millj.

SÖLUVEFUR
vitatorg.is



PANTIÐ SKOÐUN
hjá sölumönnum Mikluborgar

Ólafur Finnþósson
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Hverfisgata 92 B

101 Reykjavík (íb. 405)

Glæsileg ný 121,2 fm
fjögurra herbergja íbúð
á 3. hæð

- 3 svefnherbergi
- Flestir gluggar gólfsíðir
- Svalir sem snúa til suð-vesturs í átt að inngarði
- Fallegur inngarður
- Vandaðar innréttingar og tæki
- Stæði í bílageymslu.
- Íbúðin skilast fullbúin með gólfeffnum

Verð 89,9 millj.



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jórinni í síma 845 8958

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Ferjuvað 13-15

110 Reykjavík

Glæsileg 2-3 herbergja
89 fm íbúð á efstu hæð

- Aukin lofthæð í íbúð
- Opið eldhús, björt stofa með útgengt á svalir
- Sér þvottahúsi innan íbúðar
- Lyfthús. Vinsælt hverfi
- Skólar er í göngufæri
- Laus við kaupsamning

Verð: 52,9 millj.



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jórinni í síma 845 8958

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Dimmuhvarf 27

200 Kópavogur

Glæsilegt einbýli, 4 íbúðir
ásamt bílskúr og hesthúsi

- Gott hesthús með gerði og 2 íbúðum
- Mikil lofthæð og gólf síðir gluggar
- Allar íbúðirnar með sér-ingangi og glæsilega innréttaðar
- Frábær staðsetning

Verð: 188 millj.

NÝTT Í SÖLU



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Gunnari í síma 899 5856

Perlukór 8

203 Kópavogur

Glæsilegt 290 fm einbýli
á tveimur hæðum
á góðum útsýnisstað

- Húsið sem er teiknað af Kurt og Pí arkitektum hefur verið tilnefnt til alþjóðlegra hönnunarverðlauna.
- Neðri hæð skiptist í anddyri, gestasalerni, stofu/borðstofu, eldhús og bílskúr.
- Efri hæð skiptist í sjónvarpshol, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi og þvottahús.

Nánari upplýsingar:

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Verð: 175 millj.



PANTIÐ SKOÐUN
hjá Gunnari í síma 899 5856

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Sólheimar 23

104 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð
3ja herbergja 123,3 fm
íbúð á efstu hæð
með glæsilegu útsýni

- 100 fm íbúðarrými og 23,4 fm bílskúr.
- Gott alrými með stofu og eldhúsi
- Tvö góð svefnherbergi og rúmgott baðherbergi
- Sameiginlegt þvottahús er í kjallara en tengi á baði fyrir þvottavél


Verð: 68,5 millj.

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna til sölu, hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttafréttir, viðskiptafréttir, skoðanapistlar, Halldór og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.

Hlakkar til að mæta í vinnuna alla daga

Helga Sigurbjörnsdóttir útskrifaðist sem rafvirki frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra árið 2013 fyrst allra stelpna frá þeim skóla. Hún starfar núna hjá RARIK og segir starfið fjölbreytt og mjög skemmtilegt.

Helga segist alla tíð hafa stefnt á verknám en foreldrar hennar eru báðir iðnmenntaðir. Pabbi hennar er bifvélavirki og mamma hennar hárgreiðslumeistari. Hún ákvað að prófa rafvirkjun og heillaðist af náminu.

„Ég vissi bara að ég átti aldrei að fara í smíði því ég kunni ekki að nota hamar og pabbi er að kenna í vélstjóranáminu svo mig langaði ekki að fara þangað,“ segir Helga og hlær.

Að námi loknu byrjaði Helga að vinna hjá Tengli og vann þar til ársins 2016 þegar hún flutti sig yfir í RARIK.

„Þetta eru gjörólík störf. Hjá Tengli var ég að vinna við lágspennu en hitt er allt meira og minna háspenna. Lágspennan er meira að leggja fyrir ljósum innanhúss og þannig. Háspennan er til dæmis að leggja strengi í jörð, setja upp spennistöðvar og fara upp í staura og línuvinnu. Það er það sem ég er að gera núna,“ segir hún.

Helga segir vinnuna vera það skemmtilegasta sem hún hefur gert og hún hlakkar til að fara í vinnuna alla daga.

„Ég finn ekkert við vinnuna sem mér finnst leiðinlegt. Maður er kannski að gera sama hlutinn aftur og aftur en þú ert aldrei á sama stað. Ég hef verið að vinna um allt land, mest á mínu svæði en hef verið í úthaldi á Austurlandi og Norðurlandi eystra. Maður ferðast mjög mikið í vinnunni,“ segir hún.



Helga segist alla tíð hafa stefnt á iðnnám og sér ekki eftir að hafa valið rafvirkjun.

MYND/DAVÍÐ MÁR SIGURÐSSON

Þetta býður upp á svo marga möguleika. Svo er þetta bara mjög vel launað starf, að vera rafvirki.

Helga Sigurbjörnsdóttir

Vel launað starf

Helga er von því að vera eina konan í vinnunni en segir að þeim sé þó eitthvað að fjölga.

„Ég er eina konan í vinnuflokki á Norðurlandi vestra, en við erum orðnar fjórar í vinnuflokknum um landið. Það er ein á Vesturlandi og tvær á Suðurlandi. Það hafa líka verið nokkrar sumarstelpur hér og þar um landið en ég var sú fyrsta sem var fastráðin,“ segir hún.

Helga var fyrsta stelpa sem útskrifaðist sem rafvirki frá FNV og hún mælir hiklaust með náminu.

„Þetta er svo góður grunnur fyrir svo margt. Þegar þú ert komin með sveinspróf sem rafvirki þá opnast svo margir möguleikar á öðru námi, eins og tækniþæði, iðntækni eða rafmagnsverkfræði. Þú þarft ekkert að vera rafvirki og vera að skipta um ljósaperu alla daga. Þú getur

alveg verið rafvirki sem fer svo í áframhaldandi nám og fer að teikna upp raflagnir í húsin. Þetta býður upp á svo marga möguleika. Svo er þetta bara mjög vel launað starf, að vera rafvirki,“ segir hún.

„Það er líka nóg af störfum í boði. Þetta er ekki eitthvað sem er að fara að deyja út eins og til dæmis margar færibandavinnur. Þetta er eitthvað sem við þurfum alltaf á að halda og það er bara að aukast ef eitthvað er.“ ■

Ekkert myndi virka án vélstjóra

J. Snæfríður Einarsdóttir útskrifaðist sem vélfræðingur frá Verkmennaskólunum á Akureyri árið 2003. Síðan þá hefur hún unnið við fjölbreytt störf í faginu sem hún segir öll hafa verið skemmtileg.

Snæfríður eins og hún er kölluð fór ung á sjó með frænda sínum og þá kviknaði áhuginn.

„Ég var 15 að verða 16 ára og hugsaði, þetta er eitthvað. Það er geggjáð að vera á sjónum. Svo ég ákvað að það væri annað hvort að hrökkva eða stökkva og prufa námið. Ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Námið kom mér á óvart. Það var virkilega skemmtilegt og gagnlegt,“ segir hún og bætir við að það hafi ekki verið margar stelpur í náminu þegar hún byrjaði árið 1996, tvær til þrjár á önn en oft var hún eina stelpa.

Starf vélfræðinga einskorðast ekki bara við sjóinn en Snæfríður hefur unnið við fagið bæði á sjó og landi. Henni líkaði mjög vel að vinna úti á sjó en ákvað að leita að vinnu á landi eftir að hún eignaðist börn.

„Með skólanum byrjaði ég að vinna sem háseti og vélstjóri á sjó. Ég tók eitt ár í fri í miðju námi og var þá að vinna sem deildarstjóri rekstrar hjá Ratsjárstofnun uppí á Gunnólfsvíkurfjalli. Eftir skólann var ég á samningi hjá Samherja og kláraði vélvirkjunina. Seinna vann ég hjá Vinnueftirliti ríkisins á Akureyri sem eftirlitsmaður í vinnuvéladeildinni. Eftir það vann ég svo sem stöðvarvörður í Laxár-



Snæfríður hefur unnið fjölbreytt störf á landi og sjó en sinnir núna ráðgjöf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

virkjun. Þetta eru fjölbreytt og ólík störf,“ segir hún.

Það eru í raun vélstjóra úti um allt. Þeir hafa mjög víða þekkingu. Þeir vinna mikið við fyrirbyggjandi viðhald, geta verið í smíðum að vinna við smíði og hönnun. Þeir eru í framleiðslufyrirtækjum, frystihúsum, í lyftubransanum að þjónusta til dæmis fólklyftur og svo auðvitað á sjónum að sjá um vélbúnaðinn þar.“

Vélstjórar vinna ólík störf

Snæfríður segir störf vélstjóra geta verið ólík, þau geta verið allt frá því að framleiða vélhluta í fiskvinnsluvélar, setja upp kælikerfi, vera með búrekstur, en vélstjórn er frábært nám fyrir bændur sem þurfa að geta bjargað sér, vinna í álverum, virkjunum, mjólkurframleiðslu, kjöt- og fiskvinnslum.

„Þetta eru fjölbreytt störf og hægt að sérhæfa sig á ýmsum

sviðum. Möguleikarnir er mjög margir. Það myndi ekkert virka ef það væru ekki til vélstjórar. Ekkert af þeim störfum sem ég hef unnið sem vélfræðingur hefur mér fundist leiðinlegt. Þetta fer í reynslubankann og ég myndi tvi-málalaut mæla með þessu námi fyrir alla,“ segir hún.

Snæfríður settist aftur á skólabekk árið 2011 og lærði sálfræði í Háskólanum á Akureyri og fór í

Þegar maður er að koma inn í fyrirtæki er maður illa svikinn ef það er ekki einn vélstjóri að vinna þar.

J. Snæfríður Einarsdóttir

framhaldi af því í nám í stjórnun og stefnumótun í Reykjavík sem hún lauk árið 2016. Í dag starfar hún sem ráðgjafi hjá HSE Consulting.

„Ég er að fara inn í fyrirtæki og veiti ráðgjöf og aðstoð varðandi stefnumótun, sjálfbærni, gæða-, öryggis- og umhverfismál og viðhald vottana, til dæmis ISO9001, 14001 og 45001. Reynsla mín af störfum sem vélfræðingur hefur nýst mér mjög vel í núverandi starfi. Þegar maður er að koma inn í fyrirtæki er maður illa svikinn ef það er ekki einn vélstjóri að vinna þar.“ ■



Hildur segir tilfinninguna þegar viðskiptavinur gengur ánægður út af stofunni vera mjög gefandi og ávanabindandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hárrétt ákvörðun að fara út í hábransann

Hildur Ösp Gunnarsdóttir útskrifaðist úr Háarakademíunni 2019 með framúrskarandi sveinspróf, þá þar hún sigur úr bítum á Íslandsmótinu sama ár, en að hennar sögn ætlaði hún sér aldrei út í þennan bransa.

„Ég ætlaði aldrei í hársnyrtinn og ég streitist í raun á móti því. Ég hef alltaf haft áhuga á hári og verið að gera fléttur og hárgreiðslur síðan ég man eftir mér. Þá horfi ég mikið á YouTube-myndbönd þar sem verið er að vinna með hár. Mamma og pabbi tóku eftir þessu og spurðu þegar ég var í menntaskóla hvort ég myndi nú ekki fara í Tækniskólann að læra hárgreiðslu. Það vildi ég alls ekki og fór í Versló. Eftir útskrift 2016 langaði mig í sjúkrahjálfaránám. Ég tók mér ársþásu til þess að ferðast og á meðan skoðaði ég nám í háskólanum fyrir haustið en leist ekki á neitt.

Þá bentu foreldrar mínir mér á ný á að sækja um í Háarakademíunni og ég athugaði málið. Þá kom í ljós að umsóknarfresturinn var liðinn. Ég endaði á að hringja í skólastjórnann og fékk að vita að það hefði losnað pláss. Skólinn byrjaði í ágúst en ég var föst í vinnu í Bandaríkjunum og kom ekki heim fyrr en í september og byrjaði þremur vikum of seint. En ég var fljót að koma mér inn í allt. Þarna fann ég mig algerlega og þetta nám hefur verið alveg sjúklega skemmtilegt,“ segir Hildur, sem hefur nú bætt við sig meistaranámi úr Meistaraskólanum.

Metnaður alla leið

Hildur er 25 ára gömul og hóf nám

í Háarakademíunni árið 2017. Þegar kom að því að taka sveinsprófið í lok námsins, árið 2019, segist Hildur hafa tekið metnaðinn svölitið langt, sem skilaði sér margfalt til baka. „Í sveinsprófinu tekur maður próf í ýmsum greinum, eins og litun og klippingu, herra-klippingu, permanenti og fleiru. Í hverjum flokki gera nemendur verklýsingar um það sem þeir ætla að gera í prófinu. Þar kemur fram útskýring á því hvernig módelið var fyrir og hvað maður ætli að gera til að breyta því. Í lokin fara prófdómarar yfir útkomuna og verklýsinguna og athuga hvort hún stemmi ekki.

Ég var sjúklega metnaðarfull og ætlaði mér að ná langt. Ég hafði skipulagt mig marga mánuði fyrir prófið, að finna mól og æfa mig á þeim. Ég var með ömmu í blæstri í hverri viku og klippti frænda minn á þriggja vikna fresti. Þegar ég fékk einkunnina var ég himinlifandi, enda sá ég að öll vinnan síðasta árið hafði skilað sér. Það var mjög góð tilfinning.“

Íslandsmeistari

Stuttu eftir að Hildur útskrifaðist hafði Harpa Ómarsdóttir, meistari Hildar úr skólanum, samband við hana og spurði hvort hún vildi keppa fyrir hönd Háarakademíunnar á Íslandsmóti iðn- og verkgreina. „Ég var feimin við það fyrst en ákvað að taka þátt. Í keppninni var mikið lagt upp úr heildarútlitinu í öllum greinum. Í herraklippingunni átti ég að hanna sjálf tiskulínu og klippa eftir henni. Sama gildi í dömuklippingunni. Þá vorum við búin að lita hárið fyrir fram en klipptum á staðnum. Svo gerði



Hildur Ösp segir hársnyrtistarfið fjölbreytt og skemmtilegt. En hún ætlaði ekki alltaf út í þennan bransa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ég brúðargreiðslu og fór alla leið, fékk brúðarkjól lánaðan hjá vin-konu minni, skreytti módelið með skarti og hugsaði vel út í heildarútlitið. Að lokum var keppni í greiðslu sem við fengum senda fyrirfram á mynd. Þá áttum við að gera eins og á myndinni.

Þegar við vorum búin að klippa, stigum við frá og dómararnir komu og dæmdu. Það voru keppendánúmer á speglunum og dómararnir vissu ekki hvaða keppandi var númer hvað. Núna stefni ég á að fara út og taka einhver námskeið og efla mig meira í faginu.“

Ávanabindandi tilfinning

Í náminu fór Hildur á starfssamning hjá Blondie í Síðumúla árið 2018. „Ég hef svo unnið þar síðan ég hlaut sveinsprófið 2019. Þá er ég að vinna í Þjóðleikhúsinu og svo kenni ég í Háarakademíunni.

Það er ómetanlegt að fá að vinna við áhugamálið sitt. Ég lifi mig mjög mikið inn í það sem ég er að gera og starfið er ótrúlega fjölbreytt. Það er svo góð tilfinning að sjá viðskiptavininn labba út ánægðan með sjálfan sig. Þetta er svölitið ávanabindandi tilfinning.

Í Þjóðleikhúsinu fæ ég að vinna meira með mun ýktari hárgreiðslur og förðun en á stofunni. Núna vinn ég í Rómeó og Júlíu, Kardimommubænum og nýju leikriti sem nefnist Ásta og verður frumsýnt 17. september. Leikritið spannar langan tíma og á hverju tímabili eru nýjar greiðslur. Í kennslunni fæ ég að deila reynslu minni og þekkingu. Það er mjög gaman að fara aftur á byrjunarreit og kenna við skólann sem ég lærði sjálf í.“ ■

Andrea Svavarsdóttir er átján ára og útskrifaðist í vor í veggfóðrun og dúklögn ásamt annarri stúlku, sem gerir þær að fyrstu tveimur lærðu kvenkyns dúkurum á Íslandi. Hún segir starfið í dag vera bæði krefjandi og spennandi og hlakkar til að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.

Andrea segir að á yngri árum hafi það ekki verið planið að fara út í dúkarann. „Það var ekki draumurinn endilega, en ég hef samt alltaf gaman af öðruvísi störfum og verið spennt fyrir því að gera eitthvað sem ekki allir eru að gera. Á tímabili var ég að vinna í Tösku- og hanskabúðinni hjá frænku minni. Svo hef ég líka unnið í Bónus svo ég hef prófað að vera í þjónustustörfum,“ segir Andrea.

MS hentaði ekki

Andrea byrjaði fyrst á að fara í menntaskóla í eina önn. „Ég fór í Menntaskólann við Sund á félagsfræðibraut til að klára stúdentinn en sá ekki fyrir mér hvað kæmi eftir því. Ég myndi seint teljast vera partítýpa og þarna var ég komin í menntaskóla sem er þekktur fyrir félagslífið. Eftir eina önn var ég búin að sjá að ég hafði lítinn áhuga á því sem ég var að læra og datt þá í hug að prófa að fara í Tækniskólann og í dúkaranám.“

Ég fann fljótt að ég þurfti greinilega að komast á stað þar sem ég fengi að vera svolítið ein og læra ein. Í Tækniskólanum er fólk á breiðu aldursbili og allir með hugann við sitt eigið efni. Það hentar mér vel og mér finnst skemmtilegt að hafa fólk á mismunandi aldri í kringum mig. Í MS var svolítið einhæft að hafa fólk allt á sama aldri. En ef þú ferð í FB eða FÁ þá þá ertu aftur kominn með fólk á ólíkum aldri að læra alls konar hluti.“

Fjölskylduðin

Það lá því í raun beint við hjá Andreu að fara í dúkarann enda starfa bæði pabbi hennar og afi við iðnina undir fyrirtækjanafninu SME dúkalagnir. „Afi fór út í þetta þegar hann var ungur. Hann byrjaði að læra dúkarann og fannst starfið spennandi. Svo fór pabbi að vinna hjá afa. Pabbi er lærður bakari en hafði takmarkaðan áhuga á bakaraíðninni. Það fór svo að hann lærði líka dúkarann. Núna er ég að bætast við fjölskyldufyrirtækið í fullt starf. Þessi iðngrein helst mjög mikið innan fjölskyldunnar. Starfið færir niður um kynslóðir og í flestum fyrirtækjum eru skyldmennirnir að vinna saman, eins og ég, pabbi og afi.“

Starfið segir Andrea vera mjög



Andrea Svavarsdóttir útskrifaðist í vor úr dúklögn og veggfóðrun frá Tækniskólanum og er önnur tveggja fyrstu kvenna sem hafa útskrifast úr þessu námi á Íslandi.

MYND/ADSEND

Dúkaraiðnin ferðast um ættliði

Starfið færir niður um kynslóðir og í flestum fyrirtækjum eru skyldmennirnir að vinna saman, eins og ég, pabbi og afi.

Andrea Svavarsdóttir

krefjandi og skemmtilegt. „Það er oft erfitt, en mér finnst það spennandi og fjölbreytt. Fyrst og fremst erum við í dúkalögn, en svo erum við líka að veggfóðra, teppaleggja, leggja alls konar vínýl og fleira. Ég hef líka prófað að flísaleggja. Inni í þessu felst svo öll undirbúningsvinnan, eins og slípun, flotun, spórtlun og annað. Það eru til endalaust af efnum í dag sem dúkarar vinna með. Það eru alls konar vínýlferni til eins og vínýlflísar, parket og alls konar veggfni.“

Þegar afi var að byrja var bransinn mjög ólíkur því sem er í dag. Hann lagði mestmegnis dúk á gólf og vegg. Þá voru ekki komin öll þessi vínýlferni. Svo voru öll þessi tæki ekki í boði heldur, allt þetta sem við notum í dag til að aðstoða við vinnuna. Þú gerðir bara allt með höndunum, varst bara með dúkahnif og hitablásara og það var nóg. Svo voru menn að búa til alls konar tæki og tól til að hjálpa sér eins og Gummi kennari. Hann á alls konar heimatilbúin tæki sem hann hefur fönðrað sjálfur.“

Alltaf þörf á dúkurum

Að sögn Andreu er alltaf nóg að gera hjá dúkurum. „Það er alltaf þörf á dúkurum sem stafar af því að það eru mjög fáir lærðir í þessari iðn. Þegar ég var í náminu voru tólf aðrir nemendur með mér, og það þótti vera algert met. Oft hafa verið sex nemendur, stundum ekki nema einn til þrjár og einstaka sinnum jafnvel enginn. Ég held að ástæðan fyrir þessu fámenni sé að fólk þælir ekki alveg í dúkaranum. Þegar þú hugsar um iðngreinar sérðu fyrir þér rafvirkja, smíði, málara. Fólk heldur að dúkarinn sé svo einhæft starf, en það er þvert á móti mjög fjölbreytt.“

Ég vinn núna að sveinsprófi og stúdentsviðbót. Ég veit ekkert hvað framtíðin hefur upp á að bjóða fyrir mig, en ég er spennt að sjá hvert þessi þekking leiðir mig.“ ■




Efnin sem dúkalagningamenn nota í dag eru afar margbreytileg og bjóða upp á spennandi kosti fyrir heimili og stofnanir.



Starfið felur í sér dúklögn, teppalögn, veggfóðrun, slípun gólfa, flotun, spórtlun og margt fleira. Hér er Andrea að slípa gólf til að gera það tilbúið fyrir gólfefnið sem fer ofan á.



Í gamla daga voru dúkahnifur og hitablásari besti vinur dúkalagningamannsins. Í dag eru notaðar ýmsar vélar til að auðvelda verkin. Dúkahnifurinn stendur þó ávallt fyrir sínu.





Hér æfir Andrea sig í að undirbúa og leggja dúk á tröppugang. Undirlagið þarf að vera slétt til að dúkurinn komi vel út. MYNDIR/ADSENDAR

Styðjum við bakið á iðnnámi



HÚSFAGFÉLAGANNA



BYGGIÐN
Félag byggingamanna



VM
Félag vélstjóra
og málmteknimanna



**RAFIÐNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS**



vfs.is

M18

EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 190 VERKFÆRI

Milwaukee®
**ALVÖRURU
VERKFÆRI**

**VERKFÆRA
SALAN**

Frá barnæsku hefur Olsen-systurum Sólveigu, Sigríði og Bjarklindi dreymt um að verða leikkonur. Í kvöld rætist draumurinn í kapellu gamla St. Jósefsspítala.

thordisg@frettabladid.is

„Ég hef haft brennandi áhuga á leiklist síðan ég var á táningsaldri en hafði ekki hugrekki til að gera neitt í málunum fyrr en nýlega að ég gerðist félagi í Leikfélagi Hafnarfjarðar og fór í kjölfarið á námskeið þar í leiklist,“ segir Sigríður Olsen, mið-Olsensystirin sem stígur á stókk með systur sínum, Sólveigu og Bjarklindi Olsen, í Tækifæriseikhúsinu í kapellu gamla St. Jósefsspítalans í kvöld, klukkan 18.

Hugmyndin að Tækifæriseikhúsinu varð til í höfundasmiðju Leikfélags Hafnarfjarðar (LH) en margra ára hefð er fyrir stuttverkakvöldunum Hinu vikulega hjá LH. Þá fá höfundar viku til að skrifa verk sem svo eru æfð í viku og síðan sýnd, en í kvöld verða sýnd nokkur stuttverk sem verða samin í dag.

„Höfundar LH hittast reglulega á laugardagsmorgnum í kapellunni til að skrifa. Oftast eru forsendur dregnar úr höttum og svo er skrifað í ákveðinn tíma, til dæmis klukkutíma. Úr þessum æfingum hafa komið hin skemmtilegustu leikverk og alveg merkilega heilleg á ekki lengri tíma,“ upplýsir Ingvaldur Lára Þórðardóttir, stjórnarkona hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar.

Hugmyndin að Tækifæriseikhúsinu hafi svo kviknað þegar rædd var nýstárleg tilraun; að prófa að semja og æfa fyrir stuttverkakvöld á aðeins einum degi, í stað tveggja vikna.

„Það yrði örugglega máturela spantant og fyndið því enginn hefði tíma til að taka sig of alvarlega. Því þótti okkur ráð að bjóða gestum og gangandi að taka þátt eða fylgjast með. Það er nefnilega mjög hollt, gefandi og gaman að stunda leiklist og ótrúleg tilfinning að taka þátt í svona skyndisköpun, þar sem allt má og ekkert er of asnlegt, og það gerir heldur ekkert til þótt eitthvað klúðrist. Það gerir bara gott betra því leikhús þarf ekki að vera flókið,“ segir Ingvaldur, full tilhlökkunar fyrir kvöldinu.

Sleppt fram af sér beislinu

Sólveig, elsta Olsen-systirin, er ekki sannfærð um að hafa sérstaka hæfileika á leiklistarsviðinu, en þó hafi blundað í henni leikkonudraumur frá unglingsaldri.

„Ég hef þó örugglega sönghæfileika og hef mjög gaman af því að syngja. Systur mínar hafa hvatt mig til að koma í áhugaleikfélag



Olsen-systur vinna leiksiga í kapellu

Ég upplifi leiklistarbrótið sem hina bestu sálfræðimeðferð, það er gott fyrir sjálfsmyndina og hjálpar manni að þora að tjá sig.

Sigríður Olsen

Hafnarfjarðar en ég hef aldrei sótt leiklistarnámskeið. Ég ákvað samt að slá til og taka þátt í þessu leikverki í kvöld, aðallega til að hafa gaman af og líka upp á félagskapinn, en mestmegnis til að leika með systur mínum. Þannig efast ég ekki um að þetta verði afbragðs skemmtun, bæði fyrir okkur og áhorfendur, og svo sjáum við til hvort ég skrái mig ekki í Leikfélagið í framhaldinu,“ segir Sólveig glettin.

Í sumar sótti Sigríður, sem er ávallt kölluð Sigga, árlegan sumarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga ásamt Bjarklindi, þeirri yngstu með Olsen-nafnið. Þar var boðið upp á kennslu í flestu sem við kemur leiklist.

„Ég var tólf ára þegar ég heillaðist af leiklist og tók virkan þátt í skólasýningum, bæði dansi og leikritum. Þá var ég alls ófeimin og sá mig í hillingum sem leikkonu í framtíðinni. Með aldrinum varð ég feimnari við að koma fram, en ákvað í fyrri að drífa mig með Siggu í Leikfélag Hafnarfjarðar, því mér fannst tími til kominn að stíga skrefið og fann styrk í að við færum saman,“ greinir Bjarklindi frá.

Hún sér svo sannarlega ekki eftir því.

„Í Leikfélaginu get ég sleppt fram af mér beislinu og verið ég sjálf, sem og hvaða persóna sem er, í alls konar hlutverkum. Ég held að allir hefðu gott af því að finna hinar ýmsu tilfinningar kvikna, og sem þeir hafa kannski aldrei áður upplifað, með því að fara í önnur hlutverk. Þá mætti að mínu mati hafa leiklist sem skyldufag í grunnskólum, bara fyrir lífið sjálft,“ segir Bjarklindi, sæl með nýfengið leikkonulíf.

Hún heldur áfram:

„Leiklistarskóli Bandalags íslenskra listamanna var æðisleg upplifun og ævintýri í sumar. Ég er ánægð með að vera hluti af þeim frábæra félagsskap og finnst auðvitað afar spennandi að fá að leika með systur mínum. Það gerir

allt miklu auðveldara þar sem við erum nánar fyrir og þekkjumst svo vel.“

Sigga tekur undir hvert orð hjá Bjarklindi, litlu systur sinni.

„Ég ákvað bara að hella mér út í leiklistina núna því ég hef aldrei losnað við leiklistarbakteríuna. Ég vona bara að ég hafi hæfileika og hef ekki heyrt annað en að ég sé bara asskoti góð,“ segir Sigga og skellir upp úr.

Draumurinn að leika í bíómynd

Það er óvenjulegt að þrjár systur eigi sameiginlegan draum um að vera dáðar á leiksviðinu en þær eru þær einu í stórfjölskyldunni sem hafa þennan óslökkvandi áhuga á leiklist og muna ekki eftir neinum frægum leikurum aftur í ættum.

„En það eru miklir sönghæfileikar í kringum okkur og ég er einmitt nýlega byrjuð í söngnámi,“ segir Sigga og allar eru systurnar söngelskar.

Þær hafa líka alla tíð sett upp leikrit saman og fiflast við að herma eftir fólki og þáttum.

„Draumurinn væri að leika í grínþáttum og bíómyndum,“ segir Bjarklindi og Sigga er systur sinni sammála, en væri líka til í að leika í hvers kyns sjónvarpsseríum.

„Aðalmarkmiðið er þó að hafa gaman af þessu með skemmtileg-

fólki. Ég upplifi leiklistarbrótið sem hina bestu sálfræðimeðferð, það er gott fyrir sjálfsmyndina og hjálpar manni að þora að tjá sig. Það er reyndar ótrúlega gefandi og gaman að geta brugðið sér í annað hlutverk og leikið sér í því, bæði í gríni og alvöru,“ segir Sigga.

Olsen-systurnar eru spennar fyrir kvöldinu í kapellunni.

„Þetta verður óvissuferð þar sem allt gerist á einum og sama deginum; leikverk samin, leikarar valdir, þeim leikstýrt og afraksturinn sýndur frammi fyrir áhorfendum. Ég get ekki beðið eftir að taka þátt, sjá verkin fæðast og verða að veruleika á sviði,“ segir Bjarklindi.

Olsen-systurnar vita eðlilega ekkert hvað stykkið sem þær leika í heitir, enda enn ósamið í pop up-leikhúsi dagsins.

„Það er yndislega gaman að við systur séum í þessu saman og allar jafn áhugasamar. Vonandi berum við gæfu til að fá enn fleiri tækifæri sem leikkonur í framtíðinni. Áhorfendur mega svo búast við mikilli skemmtun og innblæstri í kvöld. Þetta er í fyrsta sinn sem Leikfélag Hafnarfjarðar setur upp leikverk í fleirtölu sem samin eru örfáum klukkustundum fyrir frumsýningu. Það verður eitt-hvað!“ segir Sigga. ■

Leikkonurnar Sigríður, Sólveig og Bjarklindi eru söngelskar Olsen-systur. Þær segja styrk í því að sækja leiklistardrauminn í sameiningu og fá tækifæri til að leika saman í pop up-leikhúsi kvöldsins í St. Jósefsspítala. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

FYRSTU ÁRIN

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um fyrstu ár barnsins kemur út föstudaginn 17. september.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Áhrifaríkar meðferðir við augnvandamálum

Augnsjúkdóma er mikilvægt að meðhöndla rétt. Augnmaski og hreinsklútar gera gæfumuninn gegn hvarmabólgu og gervitár virka vel gegn augnþurrki. Rannsóknir sýna að augnvítamín geta hægt mjög á augnbotnahrörnun.

Meðferð með OcuSci augnmaska og OcuSOFT froðu/hreinsklútum er áhrifarík við hvarmabólgu, VISMED gervitár/-hlaup virka vel við augnþurrki og ULTRA MACULAR™ augnvítamín byggir á nýjustu NIH (National Institute of Health, USA) rannsókn á þessu sviði, AREDS 2, sem sýndi fram á að samsetning andoxunarefna og fjölvítamína í ULTRA MACULAR™ minnki líkur um allt að 25% á augnbotnahrörnun þróist yfir á lokastig.

Hvarmabólga

Hvarmabólga er líklega algengasti augnsjúkdómurinn á Íslandi. Erfitt er að meta hlutfall fólks með hvarmabólgu, þar sem sjúkdómurinn veldur oft vægum einkennum. Á hinn bóginn getur hann valdið einkennum sem eru afar óþægileg og hafa mikil áhrif á daglegt líf.

Hildur Sigursteinsdóttir, markaðsstjóri heildverslunarinnar MAGNUS ehf., segir lítið vitað um ástæður sjúkdómsins, en að talið sé að um ofnæmi fyrir bakteríum sem við erum öll með á hvörmunum sé að ræða. Hvarmabólga getur meðal annars valdið augnlöksþrymlum (chalazion) sem í börnum kemur oft fram sem vogris (stye). Hvort tveggja eru stíflaðir fitukirtlar sem blása út og valda oft miklum óþægindum.

„Meðferð við hvarmabólgu er oftast ekki flókin en hún krefst töluverðrar natni og reglusemi. Fyrsta meðferð og oft sú sem ber mestan árangur er að meðhöndla augun með heitum OcuSci augnmaska og hreinsa eftir á með bakteríudrepani blautklútum eða froðu frá OcuSOFT. Við slæmri hvarmabólgu má nota OUST Demodex froðu/blautklúta, sem innihalda terunnaolíu, en sé hún ekki eins alvarleg er mælt með Lid Scrub PLUS blautklútum eða Platinum froðu frá OcuSOFT. Beita þarf meðferðinni að minnsta kosti einu sinni á dag,“ segir Hildur.

„Slík meðferð er yfirleitt áhrifarík sé henni beitt rétt. En það þarf þolinmæði því árangurinn kemur ekki fyrr en eftir tvær til þrjár vikur.“

- Einkenni hvarmabólgu:
- Stíflaðir fitukirtlar í augnlökum
 - Sviði, „súrnar í augum“
 - Flasa í augnhárum og stíkur
 - Óskýr sjón
 - Aðskotahlutartilfinning, þirringur
 - Smá kláði
 - Roði í hvörmum og augum
 - Óþægindi í augum eftir tölvuvinnu, sjónvarpsáhorf eða lestur
 - Bjúgur á hvörmum

Oft er erfitt að greina á milli einkenna hvarmabólgu

Fyrsta meðferð er að meðhöndla augun með heitum OcuSci augnmaska og hreinsa eftir á með bakteríudrepani blautklútum eða froðu frá OcuSOFT.



Hildur segir margt í boði til meðferðar við augnsjúkdómum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

og þurra augna en sviði er meira áberandi í hvarmabólgu en aðskotahlutartilfinning í þurrum augum. Hildur segir að það beri að leggja áherslu á að þurr augu og hvarmabólga fylgjast oft að og þarf því oft að meðhöndla hvort tveggja.

„Hvarmabólga er yfirleitt fremur góðkynja sjúkdómur en getur þó í undantekningartilvikum valdið augnskaða og jafnvel varanlegu sjóntapi. Í þeim tilvikum verður erting frá hvörmum svo mikil á auganu að slímhimna augans vex inn á hornhimnu, eða að hornhimna augans þynnist og skemmist,“ útskýrir hún.

„Þar sem ofnæmi kemur inn í tilurð sjúkdómsins á einhverju stigi, sennilega gegn bakteríum sem við erum öll með á hvörmum, er gagnslítið að bera sýklalyf á þá. Þessar bakteríur eru alls staðar í umhverfi okkar og setjast aftur á hvarmana þegar notkun sýklalyfisins lýkur. Flestar gerðir hvarmabólgu eru því ekki vegna sýkingar og hvarmabólga er því jafnan ekki smitandi.“

Sum lyf geta stuðlað að hvarmabólgu, svo sem sum krabbameinslyf og húðþrymjalýfið Roaccutane. Hvarmabólga er einnig afar algeng hjá fólki með ýmsa húdsjúkdóma, svo sem flösuexem og rósroða.

Þurr augu algengt vandamál

Þurr augu eru afar algengt vandamál. Hildur segir líklegt að um 15.000 Íslendingar þjáist af þurrum augum.

„Þurr augu eru sjúkdómur þar sem augun framleiða ekki nægilega mikið af tárur eða tárin eru ekki nægilega vel samsett og gufa upp of fljótt. Algengasta einkenni þurra augna er aðskotahlutartilfinning.“



Helstu einkenni þurra augna:

- Táraflæði
- Óskýr sjón
- Aðskotahlutartilfinning, þirringur
- Smá kláði
- Sviði
- Óþægindi í augum eftir tölvuvinnu, sjónvarpsáhorf eða lestur
- Roði í augum

Vörn gegn augnbotnahrörnun

ULTRA MACULAR™ augnvítamíníð hægir á framgangi augnbotnahrörunar og er ætlað þeim sem hafa greinst með sjúkdómnum og sumum sem eru í fjölskyldum þar sem sjúkdómurinn er ættgengur. ULTRA MACULAR™ er eina augnvítamíníð á markaðnum hérlandis sem inniheldur öll nauðsynleg fjölvítamín og steinefni sem fólk þarf á að halda til viðbótar við sérhannaða samsetningu þeirra efna sem eru fyrirbyggjandi varðandi framgöngu augnbotnahrörunar.

Að sögn Hildur, er samsetning ULTRA MACULAR™ byggð á niðurstöðum nýjustu rannsókna á þessu sviði sem nefnast AREDS 2.

„AREDS 2 braut blað í fyrirbyggjandi meðferðarmöguleikum þar sem sérstaklega hefur verið lagt upp úr réttum hlutföllum andoxunarefna og vítamína til að ná sem bestum árangri,“ segir Hildur. „Allir sem þjáist af augnbotnahrörun ættu að ihuga að taka inn ULTRA MACULAR™ til að fyrirbyggja frekari þróun augnbotnahrörunar og þar með sjónskerðingu. Einnig er mikilvægt að fara í reglulegt eftirlit hjá augnlækni samhliða töku augnvítamínsins.“

Aðeins þarf að taka inn tvö hylki af ULTRA MACULAR™ á dag, ULTRA MACULAR™ inniheldur meðal annars lítið sink til að hlífa meltingarveginum og aðalbláber sem talin eru styðja við nætursjón auk fullkominnar samsetningar fjölvítamína og steinefna í samræmi við ráðlagða dagskammta (RDS).

Hildur segir marga eiga erfitt með að gera greinarmun á þeim augnvítamínunum sem í boði eru á markaðnum í dag. „Það er mikilvægt að hafa í huga að ULTRA MACULAR™ augnvítamíníð er byggt á visindalegum rannsóknum frá hinni virtu stofnun National Institute of Health í Bandaríkjunum,“ segir hún. „Aldursbundin augnbotnahrörun er algengasta orsök blindu og sjónskerðingar hjá fólki yfir sextugu á Vesturlöndum og því skiptir miklu máli að velja rétt þegar kemur að augnvítamínunum. Fyrirnefnd rannsókn, AREDS 2, sýnir einmitt fram á að sú sérstaka samsetning andoxunarefna sem hér um ræðir minnki líkur um allt að 25%, á að augnbotnahrörun þróist yfir á lokastig.“

Vörurnar fást í öllum helstu apótekum. ■

Það vekur sérstaka athygli að eitt megineinkenni þurra augna er aukið táraflæði og lýsir fólk því oft svo að þegar það fer út í íslenska rokið fari tárin að renna niður vangana. Þessi tár myndast vegna þess að augað verður auðertanlegt og viðkvæmt fyrir til dæmis roki og hita. Þessi tár myndast í stóru tákirtlunum fyrir ofan augun og innihalda meira vatn en venjuleg tár,“ segir Hildur.

Hún útskýrir að í mörgum tilvikum sé um að ræða öldrunaráhrif tákirtlanna þó að yngra fólk geti líka upplifað þurr augu. Talið er að um 3/4 fólks 65 ára og eldra fái þurr augu. Þau eru algengari hjá konum, sérstaklega hjá barnshafandi konum eða eftir tíðahvörf. Líklega eru um 3.000 Íslendingar með þurr augu í tengslum við svokallaðan Sjögren's sjúkdóm og/éða gígarsjúkdóma og aðra sjálfsöfnæmisjúkdóma og 90% þeirra eru konur. Fólk með ofnæmi er útsettara fyrir því að fá einkenni þurra augna auk þess sem ýmislegt utanaðkomandi getur valdið eða viðhaldið þurrum augum, til dæmis ýmis lyf, snertilinsur og tölvunotkun að sögn Hildur.

Oftast er ekki hægt að lækna þurr augu en unnt er að meðhöndla einkennin. Þekking og fjöldi meðferðarleiða hefur aukist. Yfirleitt er byrjað á að nota gervitár og gervitárahlaup eins og VISMED sem fást án lyfseðils í apótekum. VISMED gervitár og -hlaup innihalda engin rotvarnarefni og eru til í dropaglasi og einnig í litlum skammtahyllkjum sem má loka á milli notkunar. Gervitárahlaup er fyrst og fremst notað fyrir svefn, en það dugir lengur en venjuleg gervitár. Í VISMED vörum er hýalúron sýra sem meðal annars eykur endingu þeirra í augunum. Það er talið að sumar fitusýrur, þar á meðal Omega-3 til inntöku, geti dregið úr einkennum þurra augna.

Hvarmabólgu meðferð

1. Setjið OcuSci augnmaskann í örbylgjuofn á hæstu stillingu í 20-30 sekúndur.
2. Leggið augnmaskann á lokuð augun í 3-5 mínútur á dag.
3. Drepa þarf bakteríurnar að þessu loknu, t.d. með því að þrifa hvarmana með OcuSoft klútum eða OcuSoft froðu.



Meðferð með OcuSci augnmaska og hreinsu með bakteríudrepani OcuSOFT froðu eða hreinsklútum er yfirleitt áhrifarík við hvarmabólgu.





Til að koma í veg fyrir þreytu yfir daginn er best að halda sömu svefn-rútinu alla daga vikunnar.

Orkuleysi og svefnvandamál

elin@frettabladid.is

Fólk sem vaknar þreytt á morgnana og er úrvinda á kvöldin hefur mögulega ekki sofið nægilega vel. Þreyta er afleiðing af lélegum svefni. „Það geta verið margar ástæður fyrir því að við sofum ekki nægjanlega vel,“ segir dr. Lindsey Browning, sálfræðingur og svefnráðgjafi, við breska tímaritið *Stylist*.

Þreyta getur haft áhrif á tilfinningar okkar, frammistöðu í vinnunni, þrek til að þjálfa líkamann eða gera eitt og annað sem okkur finnst skemmtilegt. Margir þjást af svefnleysi og vakna þreyttir. Ef heimilsráð eins og hugleiðsla, lavender í koddann eða kamillute gagnast ekki er kannski kominn tími til að skoða hvað það er raunverulega sem veldur þessari þreytu.

Persónulegur svefn

Að sögn Lindsey þurfa flestir sjö til níu tíma svefn. Færri þurfa meiri eða minni svefn. „Svefn er mjög persónulegur. Átta tíma svefn er ekki hentugur fyrir alla. Ef fólk fær ekki nægan svefn kemur það niður á orku líkamans. Ágætt ráð er að skrifa hjá sér liðan sína 15-20 mínútum eftir að maður vaknar,“ bendir hún á. „Ef þér finnst sjö til átta tíma svefn halda þér í góðu formi allan daginn þá er það rétti tíminn fyrir þig. Ef hins vegar þú þarft 10-11 tíma svefn getur verið eitthvað annað sem hefur áhrif á þreytuna. Til dæmis svefnþægð eða heilsufarsvandamál. Ef þú sefur minna en sjö klukkustundir ættríðu að skoða lífsstíl þinn.“

Sumir fara snemma í rúmið og vakna fyrr á meðan aðrir eru næturhragnar og vilja vaka lengi en vakna seint. Fjölskylda og vinna geta haft áhrif á svefnáætlun en besta leiðin til að halda þreytu í skefjum er að fara alltaf að sofa á sama tíma og vakna sömuleiðis á sama tíma. Helgarnar rugla oft svefnrútinu í eina eða aðra átt sem getur orðið til þess að fólk er þreyttara í vinnuvikunni. Þess vegna er mikilvægt að halda svefnrútinu alla vikuna.“

Vítamín og birta

Annað dæmi er of litil birta. Dagsbirtan er afar mikilvæg fyrir svefninn. Að vera úti í birtunni hjálpar heilanum að tímasetja sig. Áhrifaríkt er að fara í göngu-túr á bjartasta tímanum. Einnig getur D-vítamín og járn minnkað þreytu. Mataræðið hefur einnig áhrif á orkuleysi. Draga skal úr fituríkum mat og þeim sem hefur mikið kolvetnismagn. Jafnvægi í mataræði gefur betri heilsu.

Eitt annað er koffín. Of mikil kaffidrykkja síðdegis hefur neikvæð áhrif á svefninn. Ekki ætti að drekka kaffi eftir klukkan 15 á daginn. Ef um svefnvandamál er að ræða ætti að draga stórlega úr kaffidrykkju yfir daginn.

Það er margsannað að hreyfingstyrkir þrekið og fólk, sem hreyfir sig daglega, liður betur andlega. Góð þjálfun eykur endorfín í líkamanum og bætir orkuna til muna. Andleg heilsa hefur mikil áhrif á svefninn og ef hún er góð verður orkan meiri. ■

Nýr öflugur iPhone

elin@frettabladid.is

Mikil tilhlökkun ríkir hjá aðdáendum iPhone þar sem fyrirhuguð er ný útgáfa um miðjan september. Apple gefur lítið út um nýja símann en talið er að hann muni heita iPhone 13.

Síminn mun líta svipað út og iPhone 2020 línan og hafa sömu eiginleika. Þó hafa verið gerðar miklar endurbætur á myndavélinni, síminn verður með hraðari

örgjörva, þar á meðal ofurhratt 5G-mótald og aukinn líftíma rafhlöðu. Hann gæti því orðið öflugasti síminn hingað til. Búist er við að týpurnar verði fjórar í þremur stærðum, tvær „Pro“ og tvær í ódýrari kantinum.

Það hafa orðið nokkuð margar breytingar á iPhone síðan hann kom fyrst á markað árið 2007. Símarir eru orðnir mun fullkomnari en því er jafnframt spáð að þeir muni hækka talsvert í verði. ■



Nýi síminn er sagður hafa sömu eiginleika og iPhone 2012 en hefur verið bættur umtalsvert.

ÖFLUGIR GÓÐGERLAR fyrir alla fjölskylduna

Af bæði eigin reynslu og í gegnum starf mitt sem hjúkrunarfræðingur hef ég áttað mig á því hversu stór partur af heilsu fólks er tengdur meltingarveginum. Regluleg inntaka á góðgerlum styður við heilbrigða þarmaflóru og eflir ónæmiskerfið. Ég get svo sannarlega mælt með **Bio-Kult** vörunum sem hluta af heilbrigðum lífsstíl.

Laufey Steindórsdóttir, hjúkrunarfræðingur og jógakennari.

Bio-Kult®

Annað verk úr sama verkefni er fjórtán metra löng mynd af grasfræi. „Þetta er ákveðið gras sem kallast stipa pennata og er nær útdautt í Svíþjóð. Í dag er það varð-

veitt á litlu svæði innan girðingar þar sem dýrum og fólki er bannaður aðgangur en það er í raun í andstöðu við það sem það þyrfti til að taka sér bólfestu og vaxa,“ segir Bryndís.

Frosið líf

Árið 2001 hófu Bryndís og Mark nokkurs konar könnun á fjölda uppstoppaðra ísbjarna á Bretlandi. Þau leituðu þá uppi, ljósmynduðu eins og þeir komu fyrir og söfnuðu upplýsingum um fortíð þeirra og sögu. Á sýningunni í Gerðarsafni eru um þrjátíu ljósmyndir af uppstoppuðum ísbjörnum á söfnum og á heimilum fólks þar í landi.

Þetta mikla ísbjarnarverkefni byrjaði í tengslum við eftirnafn Bryndísar. „Ég bjó og starfaði í Glasgow í mörg ár og var svolítið þreytt á því hversu erfitt það reyndist þar- lendum að bera fram Snæbjörnsdóttir. Ég tók nafnið mitt – snær og björn – með það fyrir augum að leggja grunn að eigin ísbjarnar- tengdu ættartré á erlendri grund. Þetta var í upphafi samstarfs okkar Mark, það sem eftir kom og þær hugsanir sem spruttu út frá þessu



Við rekjum sögu hvers einstaka bjarnar, sem hefst oftast þar sem hann hittir mannskepnuna og lífi hans sem lifandi veru lýkur.

Mark Wilson

verkefni snertu okkur djúpt og lagði í raun grunninn að því sem við höfum í verið að velta fyrir okkur síðan í listinni.“

Um ísbjarnarverkið í Gerðarsafni segir Mark: „Þetta er ljósmyndaröð sem hófst árið 2001 og lauk árið 2006. Við rekjum sögu hvers einstaka bjarnar, sem hefst oftast þar sem hann hittir mannskepnuna og lífi hans sem lifandi veru lýkur. Í staðinn hefst svo annars konar tilvera sem uppstoppað dýr – líf sem er frosið í ákveðna stellingu, mótað eftir vilja mannsins. Sem slíkt er það sett á safn eða á einkaheimili og verður eins konar tákmynd um allan ísbjarnastofninn, eða ímynd þeirra aðstæðna sem við mannfólkið viljum spegla okkur í.“

Þau hafa unnið náið saman í tvo áratugi og bládamaður spyr Mark hvort þau séu aldrei ósammála. Hann segir: „Það að við erum ekki alltaf sammála krefst þess að við rökræðum, að við tökum tillit til sjónarmiða hvort annars og vinnum að því að ná samkomulagi. Þetta er áhugavert ferli þar sem gagnrýn hugsun er ríkjandi – það er samtímis ögrandi og hressandi.“

Listamennirnir verða með leiðsögn á ensku nú á sunnudag klukkan 14.00 í safninu. Þess má síðan geta að 25. september verður opnuð í Listasafni Akureyrar sýning á verkum Bryndísar og Marks, um ísbirni á Íslandi frá 1880-2016. ■

Rithöfundar mæta útgefendum

kolbrunb@frettabladid.is

Merkilegur íþróttaviðburður verður í Vesturbænum í Reykjavík í dag. Þar mætast rithöfundar og útgefendur í fótboltaleik sem er eini íþróttaviðburður yfirstandandi Bókmenntahátíðar í Reykjavík. Í liði útgefenda verða einhverjir öflugustu bókaútgefendur landsins og í liði rithöfunda verða beittustu pennar bókaþjóðarinnar. Ljóst er að hart verður barist, nú þegar jólabækurnar eru flestar farnar af stað í prentsmiðjurnar. Til að tryggja að leikurinn fari vel fram mun Lilja Dögg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra halda á flautunni og dæma leikinn.



Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra verður dómari í fótboltaslag.



Leikurinn fer fram á gervigrasi KR, í Frostaskjöldi, í dag.

Leikurinn fer fram á gervigrasi KR, í Frostaskjöldi, í dag, laugardaginn 11. september, klukkan 14.00. Vitanlega eru allir velkomnir og eru um leið hvattir til að velja sér sitt lið til að hvetja til dæða.

Sorg, ást og von

kolbrunb@frettabladid.is

Næstkomandi þriðjudag, 14. september, klukkan 19.30 verða í Tíbrá, Salnum, söngtónleikar með mezzósópraninum Karin Björgu Torbjörnsdóttur og litáiska pianóleikaranum Gaivu Bandzinaite.

Munu þær bjóða tónleikagestum upp á tónlistarferðalag í samsetningu ljóða, aría og kantata. Þungamiðja tónleikanna eru verk eftir Haydn, Ravel, Frumerie og Duparc og eru yrkisefnin hjartabrá, sorg, ást og von. ■



Karin Björg Torbjörnsdóttir hlaut Grímuna árið 2020 sem söngvari ársins.



Leitum að módel teikningu eftir Alfreð Flóka fyrir viðskiptavin. Gott verð í boði fyrir góða mynd.

Studio Stafn ehf
Sími 898-4403



5 dagar til jóla!

SVO ÞÚ FÁIR HÚSGÖGNIN ÖRUGGLEGA HEIM FYRIR JÓLIN
- ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF PÖNTUNUM

MÓDERN

- heimur fagaðra möguleika
www.modern.is

WIKI MÍMÍLI KFF krabatenen krabatenen

FAXAFEN 10 · 108 REYKJAVÍK · 534 7777



glíf

Bubbi Morthens
Söngleikur

Sýningin sem
allir verða að sjá

★★★★★

Í þessum fimm stjörnu stórsöngleik leggja leikarar, dansarar og tónlistarmenn allt í sölurnar við leitina að Bubbanum í okkur öllum. Tryggðu þér miða á ógleymanlega upplifun – yfir 18.000 miðar seldir!

borgarleikhus.is

Miðasala: 568 8000

Heilbrigðismál sem kosningamál

Málþing á vegum ASÍ og BSRB
Hótel Nordica, 14. september 2021
kl. 14.00–17.00

Málþing um heilbrigðismál út frá hagsmunum og réttindum almennings.

Hvernig tryggjum við jafnt aðgengi og góða heilbrigðisþjónustu? Hvaða áhrif myndi aukin markaðsvæðing heilbrigðiskerfisins hafa?

Í lok málþingsins fá fulltrúar stjórnmalaflokka sem bjóða fram til Alþingis tækifæri til að koma kosningaáherslum sínum í heilbrigðismálum á framfæri.



Mælendur og erindi

- Birgir Jakobsson**, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra og fyrrum landlæknir
„Að efla grunnþjónustuna: Hvað hefur tekist vel til og hvað vantar upp á?“
- Sara S. Öldudóttir**, sérfræðingur hjá ASÍ
„Bilið sem þarf að brúa: Ójöfnuður í heilsufari og mótsagnir í öldrunarmálum“
- Steinunn Þórðardóttir**, yfirlæknir heilabilunarhluta öldrunarlækningadeildar Landspítalans
„Að velja sjúklinga: um áhrif ólíkra rekstrarforma á öldrunarþjónustu“
- Arnar G. Hjaltalín**, formaður stéttarfélagans Drífandi
„Að fæða, þroskast, veikjast og eldast ... úti á landi“
- Arna Jakobína Björnsdóttir**, formaður Kjalar – stéttarfélag í almannaþjónustu
„Áhrif einkavæðingar á starfsfólk“
- Vivek Kotecha**, endurskoðandi og ráðgjafi:
„Hvert rata peningarnir? Um fléttur fyrirtækja sem sinna almannaþjónustu“
- Róbert Farestveit**, sviðsstjóri sviðs stefnumótunar og greiningar hjá ASÍ
„Er nóg til? Leiðir til að fjármagna mannsæmandi heilbrigðisþjónustu“
- Sjónarmið stjórnmalaflokkanna:**
 - Fulltrúar allra flokka fá 2 mínútur til að bregðast við umræðunum.

Vinsamlegast skráið ykkur til þátttöku hér:

<https://asi.is/heilbrigdisthing>

Boðið verður upp á túlkun milli íslensku og ensku.

Viðburðinum verður streymt á helstu miðlum og á facebook síðu ASÍ.



ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS

DAGSKRÁ

11. september 2021 LAUGARDAGUR

Laugardagur

Hringbraut

- 18.00 433.is (e)** 433.is er fréttar- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 18.30 Sir Arnar Gauti (e)** Lifsstilsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga-húsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
- 19.00 Á Meistaravöllum** Gamli og nýir KR-ingar láta gamminn geisa um félagið sitt.
- 19.30 Heima er best (e)** Heima er best er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits
- 20.00 Saga og samfélag (e.)** Áhugaverðir þættir fyrir alla karlmenn.
- 20.30 Sir Arnar Gauti (e)** Lifsstilsþáttur með Arnari Gauta.

RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**
07.16 Sögur snjómannsins
07.24 Tulipop
07.27 Poppý kisukló
07.38 Lundaklettur
07.45 Tölukubbar
07.50 Kalli og Lóa
08.01 Millý spyr
08.08 Unnar og vinur
08.31 Stuðboltarnir
08.42 Hvolpasveitin
09.04 Grettir
09.17 Nelly og Nóra
09.25 Stundin okkar
09.45 Visindahorn Ævars Köfun.
10.00 Hvað getum við gert? Kol-efnislaus rækjukokteill.
10.05 Kappsmál
11.05 Víkan með Gísla Marteini
11.55 Taka tvö Þráinn Bertelsson.
12.50 54 dagar. Yfirhlyming kórónuveirunnar - Faraldurinn í Kína
13.40 MyndavélarKamera
13.50 Keflavík - Haukar Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum bikarkeppni kvenna í körfubolta.
16.00 Stríðsárin á Íslandi
16.50 Ingimar Eydal Þáttur um Ingimar Eydal píanóleikara.
17.50 Táknsmálfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ósagða sagan Horrible Histories
18.28 Lars uppvakningur
18.43 Miðaldafréttir Klipping Flóna.
18.45 Landakort Eldri borgarar og Justin Bieber.
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Fjölskyldubíó. Hugo Óskarsverðlaunamynd fyrir alla fjölskylduna frá 2011. Hugo er ungur, munaðarlaus drengur sem býr á lestarstöð í París. Dag einn kynnist hann stúlku og saman reyna þau að leysa ráðgátu um vélmanni sem faðir Hugos skildi eftir sig.
21.50 Mona Lisa Smile Mónu Lisu brosið
23.50 The Square Ferningurinn
02.15 Dagskrárlök

Stöð 2 Golf

- 10.00 Golfarinn 2**
10.30 PGA Special. This is the Mackenzie Tour 2021
11.00 European Tour Bein útsending frá BMW PGA Championship.
16.30 PGA Tour Útsending frá 3M Open.
22.00 LET Tour Útsending frá VP Bank Swiss Ladies Open.

Sjónvarp Símans

- 08.30 Dr. Phil**
10.00 Dr. Phil
10.45 The Block
11.50 The Kids Are Alright
12.15 Man with a Plan
12.40 Will and Grace
13.05 Superstore
13.30 Leicester - Man. City Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.00 Carol's Second Act
16.25 Life in Pieces
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Zoey's Extraordinary Playlist (5.12)
18.25 Með Loga
19.05 The Block
20.10 High Strung
21.40 The Infiltrator
23.55 Molly's Game
02.10 The Magic of Belle Isle
03.55 Siminn + Spotify

RÚV Rás eitt

- 06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
07.00 Fréttir
07.03 Vinill vikunnar Ragnar Bjarnason.
08.00 Morgunfréttir
08.05 Óvid og Ummyndanirnar
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Það sem breytingaskeiðið kenndi mér Eftirtíðalok
11.00 Fréttir
11.03 Vikulokin
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 X21
13.25 Kynstrin öll
14.05 Sjoppur (in memoriam).
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð um bækur
17.00 Þjóðlagahátíðin á Siglu-firði
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar Fats Waller, Benny Goodman og Don Sebesky
20.50 Undarlegt ferðalag
21.15 Bók vikunnar Síðasta ástarjótningin.
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Litla flugan Lily & Peter, Monica Zetterlund, Blossom Dearie
23.00 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

Stöð 2 Bíó

- 10.35 Ástríkur og leyndardómur töfradrykkjarins**
12.00 Parenthood
14.00 The Hummingbird Project
15.45 Ástríkur og leyndardómur töfradrykkjarins
17.10 Parenthood
19.10 The Hummingbird Project
21.00 Midway Söguleg stríðsmynd frá 1919 með stórgóðum leikurum. Myndin dregur nafn sitt af samnefndri sjóorrustu á milli Bandaríkjanna og Japans í heimsstyrjöldinni síðari sem átti sér stað vestan við Midway-eyju á Kyrrahafi 4.–7. júní 1942.
23.10 Neighbors
00.45 It Chapter Two
03.30 Midway

Stöð 2

- 08.00 Laugardagssögur**
08.00 Sögur af svöngum björnum
08.05 Örstutt ævintýri
08.10 Ég er kynlegt kvikyndi
08.10 Örstutt ævintýri
08.13 Greinda Brenda
08.15 Börn sem bjarga heiminum
08.20 Brúðubillinn
08.50 Vanda og geimveran
09.00 Monurnar
09.15 Ella Bella Bingó
09.20 Leikfélag Esóps
09.30 Tappi mús
09.40 Latibær
09.50 Víkingurinn Viggó
10.00 Angelo ræður
10.10 Mia og ég
10.35 K3
10.45 Mörgæsirnar
11.05 Denver síðasta risaeðlan
11.20 Angry Birds Stella
11.25 Hunter Street
11.50 Friends
12.10 Bold and the Beautiful
13.35 Bold and the Beautiful
14.00 Friends
14.25 10 Years Younger in 10 Days
15.10 Gulli byggir
15.55 Jamie's Easy Meals for Every Day
16.30 Spartan. Ultimate Team Challenge
17.15 The Masked Dancer Ringulreiðin á sér engin takmörk í þessari sprenghlægilegu ágiskunarkeppni.
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakinn
18.55 Kviss Stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjón uppistandarans og sjónvarpsmannsins Björns Braga Arnarssonar.
19.35 Ireland's Got Talent
20.30 Pitch Perfect
22.20 Spotlight
00.25 Ashes in the Snow
02.05 Jay & Silent Bob Reboot
03.45 Hunter Street
04.10 Friends Fylgstu með ævintýrum, Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicun og Chandler frá byrjun.
04.30 Friends

Stöð 2 Sport


- 07.30 Pepsi Max Mörkin**
10.25 Valur - Stjarnan Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
12.05 HK - Keflavík
13.50 ÍA - Leiknir R. Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
15.55 Breiðablik - Osijek
17.35 Valur - Selfoss Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
19.20 Pepsi Max Upphitun
19.55 Breiðablik - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
22.00 Pepsi Max Stúkan
23.05 ÍA - Leiknir R.

Stöð 2 Sport 2

- 08.30 Finnland - Kasakstan**
10.10 Tímabilið 2020-21 Heimildarþáttur frá Knattspyrnusambandi Evrópu.
10.55 Birmingham - Derby
12.35 Mörkin í undankeppni HM
13.25 Úkraína - Frakkland
15.10 Færeyjar - Danmörk
16.50 Birmingham - Derby
18.30 Pólland - England
20.10 Lettland - Noregur
21.50 Norður-Makedónía - Rúmenía
23.30 Gladbach - Manchester City

Á RÚV, sunnudaginn 12. september kl. 19:45

Láttu þá sjá



Heimildarmynd um frumkvöðulinn
Jónas Kristjánsson lækni

Sunnudagur

Hringbraut

- 19.00 Suðurnesja-magasin Vikurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 19.30 Pólitik með Páli Magnússyni (e)** Páll Magnússon fær til sín góða gesti og fer yfir það helsta sem er að gerast í íslenskum stjórnmálum.
- 20.00 Herrahornið** Áhuga-verðir þættir fyrir alla karlmenn.
- 20.30 Kjör aldtraða Fyrri þáttur** Dregin upp raunsönn mynd af kjörum þessa sívaxandi þjóðfélags-hóps með aðstoð sérfræðinga og formanna í hagsmunahópum hans.
- 21.30 Pólitik með Páli Magnússyni (e)**

RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**
07.16 Refurinn Pablo
07.21 Kúlugúbbarnir
07.44 Poppý kisukló
07.55 Kátur
08.07 Studboltarnir
08.18 Konráð og Baldur
08.31 Hvolpasveitin
08.54 Skotti og Fló
09.01 Úmísúmi
09.24 Múminálfarnir
09.46 Eldhugar - Cheryl Bridges - íþróttakona
09.50 Sammi brunavörður
10.00 Vísindahorn Ævars
10.10 Fjörskýldan
10.50 Landakort Steinbitur.
11.00 Silfrið
12.10 Sjö heimar, einn hnöttur - Suður-Ameríka
13.00 Til hamingju með afmælið Beethoven! Heimsending frá Sinfóníuhljómsveit Íslands.
14.00 54 dagar. Yfirhlymng kórónuveirunnar - Faraldurinn í Bandaríkjunum
14.50 Gettu betur - Stjórnu-strið
16.00 Undir yfirborðinu
17.05 Auðhyggjan alltumlykjandi - Peningar
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Menningin - samantekt
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Láttu þá sjá
21.00 Fjölskyldubönd Mother Father Son
21.55 Paterson Paterson
23.55 Ófærð
00.40 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

- 10.00 Golfarinn 2**
10.30 Countdown to the Ryder Cup 2021
11.00 European Tour Bein útsending frá BMW PGA Championship.
16.30 2021 PGA Tour Champions Learning Center
16.55 2021 TOUR Championship Charity Challenge
18.55 PGA Tou Travelers Championship.

Sjónvarp Símans

- 08.30 Dr. Phil**
09.15 Dr. Phil
10.00 Bachelor in Paradise
11.30 Bachelor in Paradise
13.00 The Block
14.05 The Biggest Loser
14.50 The Biggest Loser
15.35 Top Chef
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.55 Ást Kolbrún Pálina og Kristborg Böel sameina krafta sína í nýjum þáttum sem heita Ást.
18.25 Með Loga
19.05 The Block
20.10 Best Home Cook
21.10 The Equalizer Spennandi þættir með Queen Latifah í aðalhlutverki. Þetta er ný útgáfa af frægum þáttum frá 1985.
22.00 Yellowstone
22.45 The Handmaid's Tale
23.35 The Walking Dead
00.20 New Amsterdam
01.05 The Rookie
01.50 Seal Team
02.35 Snowfall
03.20 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

- 06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
07.00 Fréttir
07.03 Hringrás Um Indland og Evrópu.
08.00 Morgunfréttir
08.05 Á tonsviðinu
09.00 Fréttir
09.03 Svona er þetta
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Bók vikunnar Átta fjöll.
11.00 Guðsþjónusta
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Sögur af landi
14.00 Viðsjá
15.00 Lestin
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Úr tónlistarlífinu. Sönghátíð í Hafnarborg
17.25 Orð af orði
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Það sem breytinga-skeiðið kenndi mér Eftirtíðalok.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfegnir
19.00 Óskastundin
19.40 Óvíg og Ummyndanirnar
20.30 Kynstrin öll
21.20 Nóvember '21 Dagsbrún nýrrar aldar.
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Á reki með KK
23.10 Frjálsar hendur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

Stöð 2 Bíó

- 09.40 Juliet, Naked**
11.15 The Upside
13.20 Notting Hill
15.20 Juliet, Naked
16.55 The Upside
18.55 Notting Hill
21.00 The Shawshank Redemption
23.15 211
00.40 What Happened to Monday
02.40 The Shawshank Redemption

Stöð 2

- 08.00 Uppskriftir fyrir svanga birni**
08.02 Laugardagsklúbburinn
08.05 Ríta og krókóðill
08.10 Regnbogasögur
08.12 Ég er fiskur
08.15 Veira vertu blessuð
08.16 Örstutt ævintýri
08.17 Ást er ást
08.19 Brúðubillinn
08.50 Litli Malabar
08.55 Blíða og Blær
09.15 Monsurnar
09.30 Tappi mús
09.35 Adda klóka
10.00 Angelo ræður
10.05 It's Pony
10.30 K3
10.40 Angry Birds Toons
10.45 Mörgæsirnar
11.05 Ævintýri Tinna
11.30 Top 20 Funniest
12.05 Nágrannar
13.30 Nágrannar
13.50 Supernanny
14.35 Bump
15.05 Kviss
15.45 Dramaheimilið
16.15 Fyrsta blikið
16.50 Ireland's Got Talent
16.50 Ireland's Got Talent
17.40 60 Minutes
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.50 Ísland í dag
19.05 Gulli byggir
19.45 DNA Family Secrets
20.50 The Heart Guy
21.40 Grace
23.10 Animal Kingdom
23.55 Patrekur Jamie. Æði
00.20 Delilah
01.00 Room 104
01.25 Room 104
01.50 Room 104
02.15 Top 20 Funniest
02.55 Supernanny
03.40 Bump

Stöð 2 Sport

- 07.25 Pepsi Max Stúkan**
08.25 Breiðablik - Osijek
10.05 ÍA - Leiknir R. Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
11.45 Breiðablik - Valur
13.30 Pepsi Max Mörkin - Fyrri þáttur
16.30 Pepsi Max Mörkin - Seinni þáttur
17.50 Goðsagnir - Ólafur Þórðarson
18.45 Pepsi Max Upphitun
19.05 Stjarnan - FH Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
21.15 Pepsi Max Stúkan
21.35 Meistarakeppni kvenna. KA/Þór - Fram
23.00 ÍA - Leiknir R.

Stöð 2 Sport 2

- 07.25 Sviss - Ítalía**
09.10 Frakkland - Finnland
10.50 Tampa Bay Buccaneers - Dallas Cowboys
13.25 Nottingham Forest - Cardiff Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
15.30 Martin Hermannsson
16.00 Fréttaráttur Evrópu-deildarinnar
17.00 Buffalo Bills - Pittsburgh Steelers Bein útsending.
20.25 Kansas City Chiefs - Cleveland Browns Bein útsending.

Mánudagur

Hringbraut

- 18.00 Mannamál (e)** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Atvinnulífið (e) Sigurður K. Kolbeinson heimsækir íslensk fyrirtæki.
19.30 Heima er bezt Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik.
20.00 Lengjudeildarmörkin Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
11.10 Gengið um garðinn Fossvogskirkjugarður
11.45 Verksmiðjan
12.10 Fólkið í landin Bryndís Víglundsdóttir
12.35 Spaugstofan 2009-2010
13.00 Grænir fingur 1989-1990
13.15 Stúdíó A
13.45 Ævi Efri ár.
14.15 Nautnir norðursins
14.45 Orðbragð
15.15 Veröld sem var Óljúfa líf.
15.40 Tónahlaup Sóley Stefánsdóttir og Dal-skóli.
16.15 Simamyndasmiðir
16.45 Silfrið
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Litli Malabar
18.05 Loðmundur
18.12 Poppý kisukló
18.23 Skotti og Fló
18.30 Lestrarhvutti
18.37 Nellý og Nóra
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Alþingiskosningar 2021. Forystusætið Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn
20.30 Hvað getum við gert?
20.40 Leynardómar húðarinnar Secrets of Skin
21.10 Leit að morðingja Jakten på en mördare
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði Samfylkingin
22.25 Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði Framsóknarflokkurinn
22.30 Saga hryllingsmynda - Inni djöfull
23.15 Ófærð
00.05 Dagskrárlok

Stöð 2 Bíó

- 12.20 Justice League vs. the Fatal Five**
13.35 Palm Beach
15.10 Meet My Valentine
16.40 Justice League vs. the Fatal Five
17.55 Palm Beach
19.30 Meet My Valentine
21.00 Jojo Rabbit Jojo er tíu ára drengur í unglíðahreyfingu Adolfs Hitlers, svonefndri Hitlersæsku, þar sem ungdóminum er m.a. kennt að meðhöndla vopn.
22.45 The Spy Who Dumped Me
00.40 Vox Lux
02.30 Jojo Rabbit

Stöð 2 Golf

- 07.00 European Tour** Útsending frá BMW PGA.
13.00 European Tour Útsending frá BMW PGA.
18.30 European Tour 2021 - Highlights
18.55 European Tour Útsending frá BMW PGA.

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 A Million Little Things
15.50 The Neighborhood
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Top Chef
21.00 The Rookie
21.50 Seal Team
22.35 Snowfall
23.20 The Late Late Show
00.05 New Amsterdam
00.50 Bull
01.35 The Stand
02.20 The Chi
03.15 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur Danslaga-keppni SKT.
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegisfréttir
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegisfréttir
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Hringrás Um Indland og Evrópu.
15.00 Fréttir
15.03 Orð um bækur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakiljan Galdra-Dísa, Drauga-Dísa og Drama-Dísa.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsgagan. Dægradvöl
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

Stöð 2 Bíó

- 12.20 Justice League vs. the Fatal Five**
13.35 Palm Beach
15.10 Meet My Valentine
16.40 Justice League vs. the Fatal Five
17.55 Palm Beach
19.30 Meet My Valentine
21.00 Jojo Rabbit Jojo er tíu ára drengur í unglíðahreyfingu Adolfs Hitlers, svonefndri Hitlersæsku, þar sem ungdóminum er m.a. kennt að meðhöndla vopn.
22.45 The Spy Who Dumped Me
00.40 Vox Lux
02.30 Jojo Rabbit

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Grey's Anatomy
10.05 Landnemarnir
10.40 Grand Designs. Aust-rálla
11.30 Love in the Wild
12.15 Last Man Standing
12.35 Nágrannar
12.55 Spegill spegill
13.25 Matarboð með Evu
13.55 Friends
14.20 The Dog House Starfs-fólk Wood Green sem sérhæfir sig í að finna heimili fyrir heimilis-lausa hunda.
15.10 The Goldbergs
15.30 First Dates
16.20 The Grand Party Hotel
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Draumaheimilið
19.40 Jamie's Easy Meals for Every Day
20.05 Home Economics
20.30 Bump
21.05 Wentworth
21.55 Delilah
22.35 60 Minutes
23.20 Next
00.10 The Murders
00.50 Krypton
01.35 S.W.A.T.
02.15 S.W.A.T.
02.55 The Mentalist
03.35 Grey's Anatomy
04.20 Love in the Wild

Stöð 2 Sport

- 07.15 Stjarnan - FH** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
09.15 Pepsi Max Stúkan
09.15 Fjölirnir - ÍR Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
10.55 Keflavík - KA Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
12.40 Breiðablik - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
14.20 Valur - Selfoss Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
16.00 Tindastóll - Stjarnan
17.40 Pepsi Max Mörkin
19.00 Stjarnan - FH
20.40 Pepsi Max Stúkan
21.00 Seinni bylgyan - karla
22.15 Valur - Fram Útsending frá leik 3 á milli í úrslitum Ólls-deildar kvenna árið 2019.
23.35 Valur - Selfoss

Stöð 2 Sport 2

- 08.00 Buffalo Bills - Pittsburgh Steelers**
10.30 Kansas City Chiefs - Cleveland Browns
13.00 Pólland - England
14.40 Norður-Makedónía - Rúmenía
16.20 Nottingham Forest - Cardiff
18.00 Football League Show
18.25 Kristianstad - Linköping
20.05 Fréttaráttur Meistaradeildarinnar
20.30 Kansas City Chiefs - Cleveland Browns
23.00 Buffalo Bills - Pittsburgh Steelers



ÁSKRIFT AÐEINS
3.990
kr./mán.
STÖÐ 2 SPORT ERENT

MEISTARADEILDIN

— HEFST Á ÞRIÐJUDAG —



Tryggðu þér áskrift á stod2.is



Regína Magdalena er með sterkar tengingar við Ítalíu eins og mörg verkanna á sýningu hennar á Korpúlfsstöðum bera með sér.

Málað eftir skrykkjóttum tímalínunum

Myndlistarkonan Regína Magdalena er með vinnustofu á Korpúlfsstöðum þar sem hún opnar sýningu á Hlöðuloftinu í dag. Pensil-strokurnar í verkum hennar minna margar á Ítalíu, þaðan sem hún hefur sótt sér bæði innblástur og menntun eftir ófyrirsjáanlegum tímalínunum tilverunnar.

toti@frettabladid.is

Myndlistarkonan Regína Magdalena teiknar og malar með olíu á vinnustofu sinni á Korpúlfsstöðum þar sem hún leyfir verkunum að njóta sín í galopnu rými Hlöðuloftsins á sýningu sem verður opnuð í dag.

Verk Reginu eru alls konar en ítölsk áhrif og litir eru áberandi enda taugar hennar og tengingar við Ítalíu og þá sérstaklega Napólí sterkar.

„Ég er fædd í Reykjavík 1968 en fór fyrst til Ítalíu þegar ég var sautján ára og bjó í Napólí í sjö ár. Það er svo mikil list þarna úti og listaverk að maður bara sagnar þetta allt í sig og ég drakk þetta svolítið í mig,“ segir Regína, um þann ítalska anda sem svífur yfir Korpúlfsstöðum með verkum hennar.

„Ég heillaðist bara strax, þegar ég var lítil stelpa að skoða listaverka-

bækur, af þessum alvöru meisturum frá Ítalíu. Michelangelo, Leonardo og hvernig þeir nota litina. Þessir rauðu litir. Það eru svona ákveðnir litir sem eru sýnilegir í þessum málverkum þarna úti.“

Hver vegur frá Napólí ...

Þegar Regína kom heim til Íslands eftir Ítalíuárin sjö var hún í raun þegar á leiðinni aftur til Napólí. „Þegar ég kom heim fór ég fyrst á listasvið FB þar sem ég ætlaði að henda í möppu og fara aftur til Ítalíu,“ segir Regína um námsáformin, sem áttu eftir að taka nokkra útur-dúra áður en hún endaði þar sem hún ætlaði sér í Accademia di belle arti í Napólí.

„Ég fór af listasviði FB í áframhaldandi nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands, en þessi mikla tenging mín við Ítalíu leiddi mig að lokum aftur til Napólí að mála í Akademiunni þar.“

Ég ætlaði alltaf að fara þarna en lífið er bara einhvern veginn þannig að ég fór, en ekki á minum tíma,“ segir Regína sem horfir á lífið sem einhvers konar tímalínu sem liggja alla veganna.

Tímalínur lífsins

„Við sjáum eitthvað á línunni okkar eins og kannski að ég ætlaði í skóla þarna. Það var eitthvað sem ég sá á minni tímalínu en sá ekki alveg hve-



„Ég er með alls konar fólk og bara verur,“ segir Regína um málverkin sem hún talar um sem glugga að lífssyn hennar. „Það eru til margir heimar og þetta eru svolítið bara gluggar hingað og þangað.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Stundum ætlum við að fara eitthvað sem er langt fram í tímann og klessum á alls konar á leiðinni.



Áhrifa klassíska, ítalska málverksins gætir í litum, áferð og formum verka Reginu sem þó endurspeglar einnig stundum íslenska dulúð og hulduheima.

nær. Þú veist, stundum ætlum við að fara eitthvað sem er langt fram í tímann og klessum á alls konar á leiðinni,“ heldur Regína áfram og bendir á að hún fái meðal annars við tímalínu í list sinni og að eitt verkanna á sýningunni heitir meira að segja Tímalína.“

Regína segir aðspurð að verkin á sýningunni séu hálf tímalaus. „Ég setti engan tíma á hana. Talandi um að vera í einhverri tímalínu,“ segir hún og hlær. „Ég til dæmis er

að taka verk sem ég byrjaði á einhvern tímann og klára ekki fyrr en kannski bara í sumar.“

Þú ert kannski með plan, eins og þegar ég var lítil stelpa og ætlaði bara að mála, en svo bara kemur lífið með önnur plön. Þannig að myndirnar eru sumar alveg frá 2004 og bara til dagsins í dag.“

Sýning Reginu Magdalenu verður opnuð á Hlöðulofti Korpúlfsstaða klukkan 14 í dag og aðgangur er ókeypis. ■

VÍKING BRUGGHÚS

KVISS

NÝ ÞÁTTARÖÐ

Í KVÖLD

Tryggðu þér áskrift stod2.is

AFMÆLISTILBOÐ

SPARIÐ ALLT AÐ

60%

AFMÆLIS-
BÆKLINGUR
Á RFL.IS

34 ÁRA - LOKADAGAR - LOKADAGAR - LOKADAGAR

Öll skrifborð
og skrifborðsstólar
20-40%
afsláttur

Öll
stillanleg rúm
20%
afsláttur

Allir
sjónvarpsskápar
25%
afsláttur

Allar svamp-
og springdýnur
20-40%
afsláttur

Allar
boxdýnur
20-30%
afsláttur

Allir glerskápar,
skenkir og sófaborð
25%
afsláttur

Allir eldhús-
og borðstofustólar
20-40%
afsláttur

Öll barna-
sængurver
25%
afsláttur

Allir WELLPUR
heilsukoddar
20-60%
afsláttur

Allir
púðar
30%
afsláttur

Allir
hægindastólar
20-30%
afsláttur

Öll HØIE
sængurver
30%
afsláttur

Öll rúmteppi
og koddaver
30%
afsláttur

Allir lampar
og loftljós
20-30%
afsláttur

Allir
gardínuvængir
30%
afsláttur

Allar mottur,
speglar og taukölfur
20-30%
afsláttur

KING COLE
garn
25%
afsláttur

Allar
skrautplöntur
25%
afsláttur

SMARTSTORE
plastkassar
20%
afsláttur

Allir kertastjakar,
luktir og vegghillur
20-30%
afsláttur

SKANNAÐU KÓÐANN



OG SKOÐAÐU
ÖLL AFMÆLIS-
TILBOÐIN



**RÚMFATA
LAGERINN**

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFMÆLISLEIKUR

TAKTU ÞÁTT Í
AFMÆLISLEIKNUM
OKKAR Á INSTAGRAM
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
GJAFAKORT Í RÚMFATALAGERNUM.

GJAFAKORT

GILDIR TIL 14.09

FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR



BRJÁLÆDISLEGA GÓÐUR

BRUNCH

LAUGARDAGA & SUNNUDAGA

11.30-14.30



NÝR OG SPENNANDI SEDILL!

Nánar á fjallkona.is

FJALLKONAN FAGNAR PÉR!



Anna Þóra hefur staðið vaktina í gleraugnaversluninni Sjáðu í áratugi og er eðlilega kennd við búðina. Sólskin og sleikjó gætu þó breytt nafnbótinni ef nýja hlaðvarpið gengur vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Himneskt sleikjóhlaðvarp með sænskar parkettrætur

Anna Þóra í Sjáðu bjargaði geðheilsunni fimmtug, þegar hún virkjaði meðfædda munnræpu. Þar sem hún trúir á reglulegar breytingar finnur hún vaðlinum nýjan farveg á mánudaginn þegar hún fagnar 59 ára afmælinu, með fyrsta þætti hlaðvarpsins Sunshine and lollipop.

toti@frettabladid.is

„Sjö er heilög tala og yfirleitt geri ég breytingar á afmælisdaginn minn og ég verð 59 ára á mánudaginn og þá fer vonandi fyrsti podcast-þátturinn minn í loftið,“ segir Anna Þóra Björnsdóttir í Sjáðu, um nýtt hlaðvarp sem hún kennir við sólskin og sleikjóa, Sunhsine and lollipop.

„Mér skilst að það séu ekki margar 59 ára konur á Íslandi með podcast. Útvarp 101 heldur utan um þetta og ég hugsa að ég verði annan hvern mánudag til að byrja með og ef vel gengur jafnvel bara vikulega.“ Þannig er alls ekki útilokað að Anna Þóra eigi síðar eftir að verða kennd við hlaðvarpið sitt frekar en gleraugnaverslunina.

Munnræpan virkjuð

„Ég hef verið með munnræpu frá því ég fæddist þannig að það vefst ekki fyrir mér að tala,“ segir Anna Þóra, sem fann einmitt sálhjálp í kjaftavaðlinum eftir „smá andleg veikindi“ fyrir níu árum.

„Þegar ég varð fimmtug greindist ég með mikinn kvíða og áfallastreituröskun og var þá sagt að ég yrði að fá mér hobbí og þá tengist það náttúrulega munnræpunni minni, þannig að þá fór ég í uppistand og hef verið í því í sjö ár og á sjö ára fresti á maður að gera breytingar.“

Anna Þóra segist renna mátulega blint í hlaðvarpsjóinn, en hefur ekki miklar áhyggjur. „Ég á eftir að prófa þetta en ég hef náttúrulega oft verið viðmælandi í útvarpsþáttum og mér finnst agalega gaman að hafa orðið.“

Fólk hefur ekkert farið varhluta af því og þegar ég er á staðnum gríp ég oft fram í, leiðrétti sögur og kem mínum sögum að. Mér finnst þetta náttúrulega bara hinn eðlilegasti hlutur.“



„Fyrsti viðmælandinn minn er bara uppáhalds manneskjan mín,“ segir Anna Þóra sem tók Sigríði Thorlacius fagnandi í stúdíóinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Þessi maður er látinn og vonandi er bara hlaðvarp á himnum þannig að hann heyri hvað ég er orðin sterk og dugleg.

„Sunshine and lollipop segir svo-lítið til um hvernig þátturinn verður. Hann verður um allt og ekkert og aldrei um eitthvað eitt sérstakt. Þú getur ekki gengið út frá því að það sé talað bara alltaf um femínisma, eða alltaf um megrunarkúra eða eitthvað svoleiðis. Þetta verður bara það sem mig langar að tala um hverju sinni.“

Leiðinlegur Dani

Hugmyndafræðilegar rætur þáttarins má síðan rekja enn lengra og dýpra. Nánar til tekið til Svíþjóðar. „Sunshine and lollipop kemur frá því að ég vann í parketverksmiðju- og Svíþjóð og bjó með óhemju leiðinlegum, dónskum manni. Honum fannst voða gaman að tala niður til mín og gera lítið úr mér með því að segja í niðrandi tón að ég héldi að lífið væri bara sunshine and lollipop.“

Það var verið að reyna að brjóta mig niður með því að segja mér að ég væri svo heimsk að ég héldi að lífið væri sólskin og sleikjóar. En ég er löngu búin að snúa þessu við, yfir í jákvæða minningu og nota þetta mjög oft. Að lífið sé æðislegt. Það sé bara eins og sunshine and lollipop, bara ekki í þessum danska skilningi. Þessi maður er látinn og vonandi er bara hlaðvarp á himnum þannig að hann heyri hvað ég er orðin sterk og dugleg.“ ■

Parket og rakaðir pungar

Anna Þóra bendir einnig á að hún búi að viðtækri og fjölbreyttri lífsreynslu. „Svo hef ég unnið við ýmislegt í lífinu. Til dæmis að selja popp í Háskólabíói og skeina og raka punga á Landspítalanum. Síðan vann ég í parketverksmiðju í Svíþjóð, á skrifstofu á vistheimili fyrir fyllibytur og svo fór ég á barinn og kynntist sjóntækjafraðingi, skólabróður mínum, og hef síðan þá bara verið föst í gleraugnaverslun í tæp 30 ár.“

Þótt Anna Þóra sé kona ekki einhöm þarfnast titill þáttarins, Sunshine and lollipop, eiginlega frekari skýringa, sem ekki stendur á.



**BÓLU
SETT?**

Lífið í vikunni

05.09.21
11.09.21



Forkaupsréttur á gæsaúð

Gæsaúð hríslaðist um ABBA-aðdáendur þegar fyrsta breiðskífa sveitarinnar í 40 ár var boðuð. „Það bara kemur ekkert annað til greina,“ sagði ABBA-drottningin Jóhanna Vigdís, um fyrirhuguð kaup sín á Voyager í forsölu.



Frelsisóður Siggu Guðna

Ári eftir að Covid kom í veg fyrir útgáfutónleika plötunnar Don't cry for me fylgir Sigga Guðna henni nú úr hlaði í Bæjarbíói næsta laugardagskvöld. Þar mun hún einnig syngja lagið Freedom sem gerði hana fræga með Jet Black Joe.



S03 E01

Fyrsti þáttur þriðju seríu þáttanna Sir Arnar Gauta fór í loftið á Hringbraut. Hann segir helstu forréttindin við gerð þáttanna vera að fá að hitta allt það skapandi fólk sem orðið hefur á vegi hans við gerð þeirra.



Þrjú lög og Berlin

Lagið Ég og þú er það þriðja sem Þórdís Petra gefur út í sumar og það síðasta áður en hún heldur til Berlínar í þriggja ára nám, með góð ráð frá mömmu sinni og ömmu, söngkonunum Heru Björk og Hjördisi Geirsdóttur, í veganesti.

DORMA
Láttu drauminn rætast

Amerískir dagar

Lýkur í dag

Styður við bakið á þér!

Sealy WASHINGTON

heilsurúm með classic botni

Amerískir DAGAR

20%

AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Virkilega vonduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.

Washington heilsudýnan er með einstaklega vonduðu tvöföldu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri og þægilegri yfirdýnu. Gormakerfinu er skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Lítil sem engin hreyfing finnst milli rekkjunauta.

Yfirdýnan (topperinn) er samsett úr fjórum lögum og þar á meðal er gel lag (gel infused memory foam) sem lagast algjörlega að líkamnum og heldur honum í réttri stellingu alla nóttina. Áklæðið utan um dýnuna er silki og bómullarblanda sem andar einstaklega vel sem og gefur extra mýkt. Millistíf dýna.

Sealy Washington fæst í eftirtöldum stærðum:
160/180/200 x 200 og 192 x 203 cm

Verðdæmi 160 x 200 cm m/Classic botni og löppum

Fullt verð: 269.900 kr. **AD tilboð: 215.920 kr.**

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

Láttu drauminn rætast



Eva Björg byrjaði að skrifa og skrifa innblásin af umræðunni um loftslagsvána og tveimur árum síðar er bókin Síðasta tækifærið komin út og inn á sölulista barnabóka.

Síðasti séns framtíðarinnar

Eva Björg Logadóttir var tólf ára þegar hún byrjaði að skrifa um ævintýri vinkvenna sem reyna að bjarga heiminum frá loftslagsvánni. Höfundurinn ungi segir magnað að sjá bókina Síðasta tækifærið á sölulista barnabóka tveimur árum síðar.

toti@frettabladid.is

„Ég byrjaði að skrifa bókina þegar ég var nýorðin tólf ára 2019 og fékk þá bara innblásturinn frá því að loftslagsbreytingarnar voru það eina sem var verið að tala um á samfélagsmiðlum og bara út um allt,“ segir Eva Björg Logadóttir, fjórtán ára nemandi í Snælandsskóla í Kópavogi og höfundur bókarinnar Síðasta tækifærið.

Bókin segir frá vinkonunum Söndru og Karen sem ferðast aftur í tíma eftir afdrifaríkt spjall við Braghildi gömlu. Þar bíða þeirra síðan alls kyns óvæntar uppkomur í æsilegu kapphlaupi við tímann þegar þær fá síðasta tækifærið til þess að bjarga heiminum frá loftslagsbreytingunum hættulegu.

Þversögn á ögurstundu

„Þetta var bara svona saga og ég ætlaði ekkert lengra með hana af því að ég hef skrifað mikið af sögum um ævina sem hafa aldrei farið neitt lengra en að vera bara sögur á blaði heima hjá mér, skilurðu? Ég hugsaði aldrei út í það þannig, en mig hefur dreymt um að vera rithöfundur alveg síðan ég var bara kornung,“ segir Eva Björg og leggur áherslu á að hún hafi alls ekki lagt í þennan leiðangur með útgáfu í hana.

„Þetta er svolítið mikið og stórt ævintýri. Ég myndi segja að þetta væri bara svona ævintýraskáldsaga



Heiða Rún Jónsdóttir myndskreytir ævintýri Söndru og Karenar.

MYND/LEÓ BÓKAÚTGÁFA

fyrir krakka á nánast öllum aldri,“ segir Eva Björg og bætir aðspurð við að yrkisefnið brenni mjög á hennar kynslóð.

„Við höfum miklar áhyggjur af þessu og þetta er erfitt. Sérstaklega líka af því það er oft sagt að þetta sé í okkar höndum af því að framtíðin er okkar. Það er náttúrlega alltaf eitthvað sem við getum gert en það er bara svo lítið. Eins og við getum ekki breytt því hvað búðirnar selja eða neinu þannig,“ segir Eva Björg áfram og víkur að þeirri þversögn að nú á ögurstundu hafi krakkarnir takmörkuð áhrif til þess að gera eitthvað sem vegur þungt.

Magnað tækifæri

„Sagan varð bara alltaf lengri og lengri og ég skrifaði alltaf meira og meira og hún varð bara það löng þannig að ég leyfði fjölskyldunni og vinum að lesa hana. Þau sem fengu

að lesa bókina sögðu öll að þetta væri virkilega góð saga og að ég ætti kannski bara að fara eitthvað lengra með hana.“

Eva Björg segist þá hafa horft til þess að Guðjón Ari, bróðir hennar, hafi fengið bók sína, Náðu árangri – í námi og lífi, útgefna í fyrra. „Það ýtti svolítið undir hugmyndina hjá mér um að ég gæti kannski gefið út bók eftir allt saman og sendi hana á útgáfu til að sjá hvert það myndi leiða.“

Þá segist Eva Björg vitaskuld ekki hafa séð fyrir sér að Síðasta tækifærið myndi skjóta upp kollinum í 8. sæti á metsölulista Eymundsson í barnabókaflokki, eins og raunin varð í síðustu viku. „Mér finnst það alveg magnað. Þetta er að ganga bara eins og í sögu,“ segir rithöfundurinn ungi og hlær.“

Varst þú að gefa út bók?

Eva Björg segist aðspurð þegar hafa fengið góð viðbrögð við bókinni frá fleira fólki en úr hennar nánasta hring. „Já, já. Ég hef samt ekki verið alveg nógu dugleg að auglýsa þetta, en síðan verður fólk oft bara gáttað þegar það kemst að þessu: Ha? Varst þú að gefa út bók,“ segir Eva Björg og hlær.

„Það er gaman að fá þannig viðbrögð en síðan eru auðvitað sumir sem eru ekki með eins góð viðbrögð. Ég veit ekki hvort það sé afbrýðisemi eða hvað. En það eru alltaf einhverjir þannig,“ segir Eva Björg sem reynir að leiða slíkt hjá sér og heldur sínu striki.

„Já, já, já. Ég er byrjuð á annarri sögu sem verður vonandi bara í besta falli gefin út á næsta ári. Þannig að það er spennandi,“ segir grunnskólastelpa sem lét rithöfundadrauminn rætast og ætlar ekki að láta fyrsta tækifærið verða það síðasta. ■



XM | **3,5% af þínu lífeyrisiðgjaldi
til húsnæðiskaupa**


BYKO

ELÍSABET *El.* GUNNARSDÓTTIR

Frumkvöðull og fagurkeri, bloggari
og eigandi Trendnet.is

*„Pallettan er unnin út frá
skjannahvítum glans og teygir
sig í tvær áttir - brúna og gráa.
Tveir basic hvítir litir með smá
tón sem fólk getur hoppað á
án þess að þurfa að skoða 100
mismunandi prufur.“*

**Þú færð litina úr litakorti Elísabetar
í öllum verslunum BYKO**



Birt með fyrirvara um prentvillur og/öðra myndabrengl.

ANDREA MAGNÚSDÓTTIR

Fatahönnuður og eigandi AndreA

*„Þegar ég gerði litakort með
BYKO ákvað ég að nota sömu
liti og ég er með í línunni minni
fyrir haustið.“*

*Ég er að vinna með fallega milda
liti, kampavínsliti & brúna tóna.“*

**Þú færð litina úr litakorti Andreu
í öllum verslunum BYKO**



Auðvelt að versla á byko.is



Dökkt parket gefur rýminu fagað og hlýlegt útlit. Dökk gólfefni geta látið rými líta út fyrir að vera minni en það er.

Krono Original
High Quality
Made by Kronospan

4. Charcoal Eik - Harðparket 192x1285mm, 8mm þykkt. AC5
32% afsláttur - **2.965** kr./m² | Almennit verð: 4.360 kr./m²
- vnr. 0113667

Gróft og kvistótt parket gefur heimilinu rómantískan og rustic stíl.

Krono Original
High Quality
Made by Kronospan

3. Wilderness Eik - Harðparket 242x2000mm, 12mm þykkt. AC5
30% afsláttur - **3.777** kr./m² | Almennit verð: 5.395 kr./m²
- vnr. 0113647A



1.



2.



Góð leið til að fegra heimilið

Ef þú vilt einfalda og ódýra leið til þess að poppa upp baðherbergið eða eldhúsið er mjög sniðugt að skipta út blöndunartækjum og fá þau í einhverjum lit.



3.



4.

1. Grohe Essence, hard graphite **20% afsláttur - 31.996** kr. | Almennit verð: 39.995 kr. - vnr. 15323589A0 **2. Grohe Concetto** eldhústæki með útdraganlegum barka, supersteel. **25% afsláttur - 41.246** kr. | Almennit verð: 54.995 kr. - vnr. 15331483DC **3. Grohe Grotherm 800** Hitastýrt baðtæki. **20% afsláttur - 33.596** kr. | Almennit verð: 41.995 kr. - vnr. 15334770 **4. Grohe vaskur** undir borð 53x45 cm, svartur. **20% afsláttur - 50.396** kr. | Almennit verð: 62.995 kr. - vnr. 15331654AP

Við bjóðum upp á úrval lita bæði á blöndunartækjum og vöskum. Ef þú finnur ekki þann lit sem þú leitar að þá getum við sérpantað hann fyrir þig.



Þinn litur er hjá okkur



Nýtt blað

Þú getur lesið blaðið á byko.is

Skannaðu kóðann



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Bakpankar

Óttars
 Guðmundssonar



Nýsköpun máls

Á liðnum árum hafa margir lýst yfir áhyggjum vegna íslenskunnar. Ungu fólkið lifir og hrærist í netheiminum í ensku málumhverfi og lendir stöðugt í vandræðum með einföldustu tjáningu og gripur þá til enskunnar. Aðrir halda því fram að ekkert sé að óttast. Þetta sé eðlileg þróun lifandi tungumáls sem er stöðugt að breytast.

Ég var á dögnum á ferðalagi um Norðurland ásamt stórum hópi fullorðins fólks. Við skoðuðum gamla kirkju og byggðasafnið sendi ungan mann til að sýna guðshúsið. Honum kom á óvart að um tóma Íslendinga væri að ræða og sagðist vanari að leiðsega útlendingum um helgidóminn.

Hann fór að lýsa því sem fyrir augu þar og nefndi sérstaklega „skirnardallinn“ sem væri mjög gamall. „Altarisspjaldið“ var danskt en hann vissi ekki aldur þess.

„Pallurinn sem presturinn stæði á“ var fagurlega málaður en hann vissi ekki hvaða myndir skryðdu „pallinn.“ „Spýturnar“ við altarið voru upprunalegar, sagði ungi maðurinn. Gamla fólkið kímði yfir þessum nafngiftum enda vanara orðum eins og skirnarföntur, altariстаfla, prédikunarstóll og grátur um þessa innanstokksmuni í kirkjunni. Ungi maðurinn átti greinilega auðveldara með að segja frá guðshúsinu á ensku og rak fljótlega í vörðurnar. Það má þó telja honum það til tekna að hann reyndi að gefa hlutunum nöfn þegar íslenskan brást honum.

Ungur leikari sagði í fréttum nýlega að „allir stólar væru sestir í“ þegar hann vildi segja að setið væri í öllum stólum. Greinilegt er að fólk er að reyna að betrubæta tungumálið. Kannski er þetta eðlileg þróun og ódrúvísi íslenska kemur til með að halda velli þegar hin er fallin í gleymsku og dá. ■

TILBOÐ
SIMRISHAMN
 gólfhlampi
~~11.990,-~~ 7.990,-

TILBOÐ
TRIPPEVALS
 myrkvunargardína
 B100xL195cm
~~7.990,-~~ 3.990,-

TILBOÐ
KLIMPFJÄLL borðstofuborð
~~74.950,-~~ 44.950,-

TILBOÐ
SIMRISHAMN
 loftljós
~~9.990,-~~ 6.990,-

FRÆÐIS- TILBOÐ

IKEA á Íslandi fagnar 40 ára afmæli! Taktu þátt í afmælisgleðinni með okkur og nýttu þér frábær afmælistilboð sem gilda til 19. september. Kíktu við, við tökum vel á móti þér!

TILBOÐ
KALLAX hillueining
~~12.950,-~~ 7.950,-

TILBOÐ
HELMER
 skúffueining
~~5.950,-~~ 3.450,-

TILBOÐ
KARMSUND
 spegill
~~7.950,-~~ 4.950,-

TILBOÐ
TOMMERBY motta
~~9.990,-~~ 5.990,-

TILBOÐ
GUNLEIF stóll
~~17.950,-~~ 12.950,-

TILBOÐ
HÖVLIG barnatjald
~~4.490,-~~ 2.990,-

TILBOÐ
MARKUS skrifborðsstóll
~~26.950,-~~ 16.950,-

TILBOÐ
SUNDEVIK ungbarnarúm
 Dýna er seld sér
~~19.950,-~~ 12.950,-

TILBOÐ
SANELA púðaver
~~1.290,-~~ 795,-

TILBOÐ
MYLLRA skiptiborð
~~37.950,-~~ 24.950,-

TILBOÐ
GONATT ungbarnarúm
 Dýna er seld sér
~~29.950,-~~ 19.950,-

Löðrandi partý

Laugardaginn
11. september
 Fiskistóð 29

Fritt í þvott í dag
 fyrir korthafa Löðurs
 og handhafa orkulykilsins

VEITINGASTAÐURINN
 Afmælisréttir

Afmælskjötbollur og meðlæti
595,-

Afmælisterta
195,-

Verslun opin 11-20 - IKEA.is
 IKEA Bakarí, Sænska matarhornið og IKEA Bistro opið 11-20

